

ÁRSSKÝRSLA HOFSSTAÐASKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2021-2022



GARÐABÆ JÚNÍ 2022

ÁRSSKÝRSLA HOFSSSTAÐASKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2021-2022

Ritstjóri: Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri

HOFSSSTAÐASKÓLI

SKÓLABRAUT 210 GARÐABÆ

S:590 8100

hskoli@hofsstadaskoli.is

www.hofsstadaskoli.is

EFNISYFIRLIT

Inngangur	5
1. Hagnýtar upplýsingar.....	6
<i>Stjórnendur</i>	6
<i>Starfsmenn</i>	7
<i>Húsnæði</i>	10
<i>Skóladagatal</i>	11
<i>Skóladagur nemenda</i>	11
<i>Samstarf heimila og skóla</i>	12
<i>Skólaráð</i>	12
<i>Foreldrafélag Hofsstaðaskóla</i>	13
2. Áherslur í skólastarfi.....	16
<i>Starfsþróun</i>	16
<i>Þróunarverkefni</i>	16
<i>Mat á skólastarfi – sjálfsmat</i>	17
<i>Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla 2021-2022</i>	17
<i>Kórónaveirufaraldurinn, framkvæmd skólahalds</i>	21
<i>Færnimiðað nám í stærðfræði og ensku</i>	22
<i>HS-leikaR</i>	23
<i>Vettvangsferðir</i>	24
<i>Vinaliðaverkefni í Hofsstaðaskóla</i>	26
3. Ýmsar skýrslur	27
<i>Skýrsla deildarstjóra yngri og eldri deilda</i>	27
<i>Skýrsla deildarstjóra stoðþjónustu</i>	29
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 1. bekk</i>	37
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 2. bekk</i>	40
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 3. bekk</i>	43
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 4. bekk</i>	47
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 5. bekk</i>	49
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 6. bekk</i>	52
<i>Skýrsla umsjónarkennara í 7. bekk</i>	54
<i>Danska</i>	57
<i>Skólabókasafn</i>	59

<i>Smiðjur</i>	62
<i>Heimilisfræði</i>	63
<i>Myndmennt</i>	66
<i>Smíði og nýsköpun</i>	71
<i>Textílmennt</i>	74
<i>Helstu markmið</i>	74
<i>Tónmennt</i>	79
<i>Íþróttir</i>	81
<i>Sund</i>	84
<i>Skýrsla náms- og starfsráðgjafa</i>	86
<i>Skýrsla kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni</i>	89
4. Frístundaheimilið regnboginn	94

INNGANGUR

Í ársskýrslunni, er gerð grein fyrir helstu atriðum skólastarfsins skólaárið 2021-2022. Allir kennarar og starfsfólk skólans koma að gerð skýrslunnar með lýsingu á þeim störfum sem þeir hafa innt af hendi á skólaárinu. Skýrslan endurspeglar fjölbreytt skólastarf sem fram fer í Hofsstaðaskóla. Fjallað er um daglegt starf auk þess sem koma fram ýmis atriði sem tókust sérstaklega vel og ábendingar um sitthvað sem betur mætti fara með það að leiðarljósi að þróa og bæta starfið.

Kórónaveirufaraldurinn, Covid-19 hafði víðtæk áhrif allt skólaárið eða til loka mars og er gerð grein fyrir þeim í sérstöku kafla. Af þeim sökum var m.a. dregið úr vinnu við þróunarverkefni eins og *Uppeldi til ábyrgðar, vaxandi hugarfar og leiðbeinandi kennsluhætti* en áfram unnið í þeim anda. Byrjað var að vinna að ýmsum þáttum sem sneru að því sem betur mátti fara samkvæmt ytra mati sem gert var af hálfu Menntamálastofnunar í fyrra vor. Kennsluáætlanir voru m.a. birtar á heimsíðu skólans og vinna með námsvísa er farin af stað.

Ársskýrslan skiptist í fjóra kafla, hagnýtar upplýsingar, áherslur í skólastarfi, ýmsar skýrslur og skýrslu frístundaheimilisins. Ljósmyndir úr starfi vetrarins birtast í ársskýrslunni sem gefa innsýn í þau fjölbreyttu viðfangsefni sem nemendur og starfsmenn fást við. Ársskýrslan er send sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs og grunn- og tónlistarskólafulltrúa auk þess sem hún er aðgengileg á vef skólans og liggur frammi á skrifstofu hans.

Hofsstaðaskóli hóf 44. starfsárið sitt haustið 2021. Skólasetning var þriðjudaginn 24. ágúst, nemendur í 2. til 7. bekk mættu í bekkjarstofur ásamt umsjónarkennara. Nemendur í 1. bekk hittu umsjónarkennara sína í litlum hópum ásamt foreldrum sínum. Vegna Kórónaveirufaraldursins var athöfnin ekki haldin í sal skólans eins og venja er. Nemendur við skólann voru í upphafi skólaárs 539 og starfsmenn um 100. Nokkrar breytingar hafa orðið á nemendahópnum yfir skólaárið, nokkrir hafa hætt og aðrir bæst í hópinn. Áætlað er að nemendum fækki næsta skólaár og að þeir verði um 520 haustið 2022.

Vefsíða skólans er virk og lifandi og þar er að finna margvíslegar fréttir úr skólastarfinu. Þar eru einnig fjölbreyttar upplýsingar um skipulag, nám og kennslu, stuðning við nemendur og hagnýtar upplýsingar. Fyrir þá sem vilja fræðast frekar um skólann er bent á: <http://www.hofsstadaskoli.is/>

Hofsstaðaskóla í júní 2022

Hafdís Bára Kristmundsdóttir og Margrét Einarsdóttir

1. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

STJÓRNENDUR

Skólastjóri: Hafdís Bára Kristmundsdóttir

Aðstoðarskólastjóri: Margrét Einarsdóttir

Deildarstjóri yngri deilda: (1.-4. bekk): Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir

Deildarstjóri eldri deilda: (5.-7. bekk): Margrét Erla Björnsdóttir

Deildarstjóri stoðþjónustu: Bergljót Vilhjálmisdóttir

Skólaritari: H. Linda Stefánsdóttir

Húsvörður: Birgir Ottósson

Umsjónarmaður frístundaheimilis: Breki Dagsson



STARFSMENN

Við skólann störfuðu alls 100 starfsmenn, 44 kennarar, fimm stjórnendur, kennsluráðgjafi í tölvu- og upplýsingatækni og umsjónarmaður frístundaheimilis í 100% starfi og aðstoðarmaður hans í 80%. Námsráðgjafi í 100% starfi. Bókasafnsfræðingur í 100% starfi. Skólaliðar voru sex og stuðningsfulltrúar 13. Í frístundaheimilinu Regnboganum störfuðu alls 18 starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli allt frá tímavinnu upp í 50% starf auk stuðningsfulltrúa sem voru með börnunum eftir að skóla lauk. Meirihluti starfsmanna eru konur en alls störfuðu 15 karlar við skólann, þar af átta í frístundaheimilinu. Einn kennari og tveir leiðbeinendur sinntu forfallakennslu í vetur og einn stundakennari kenndi forritun. Nánari upplýsingar um starfsmenn skólans er að finna á vefsíðunni: <http://www.hofsstadaskoli.is>.

44	Kennarar; Allir nema þrír eru með kennsluréttindi og allir nema níu í 100% starfshlutfalli.
5	Stjórnendur; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og þrír deildarstjórar.
5	Sérfræðingar; tveir þroskaþjálfar, kennsluráðgjafi, námsráðgjafi og bókasafnsfræðingur.
9	Skólaliðar; sex í 50-100% starfi, húsvörður, matráður starfsmanna og skólaritari.
13	Stuðningsfulltrúar í 70-100% starfi.
18	Umsjónarmaður og aðstoðarumsjónarmaður frístundaheimilis og alls eru 20 starfsmenn í 25-50% starfshlutfalli eða tímavinnu.
3	Tveir skólahjúkrunarfræðingar og stundakennari í forritun.
3	Kennari og leiðbeinandi í tilfallandi forfallakennslu

Leyfi og starfslok

Þrír starfsmenn voru í fæðingarorlofi á skólaárinu. Kennari frá lokum apríl og fram í júní. Einn stuðningsfulltrúi allt skólaárið og annar frá apríl til júní. Einn kennari var í veikindaleyfi allt skólaárið og tveir aðrir í hálf ár. Einn kennari var í launuðu námsleyfi og annar í launalaus leyfi. Umsjónarmaður frístundaheimilis var í launalaus leyfi allt skólaárið og sagði starfi sínu lausu að því loknu. Tveir kennarar létu af störfum í lok skólaárs vegna aldurs. Guðrún Pálsdóttir eftir 27 ára starf og Sædis Arndal eftir 18 ára starf. Linda Stefánsdóttir skólaritari lét einnig af störfum eftir 11 ára starf. Var þeim þakkað sérstaklega fyrir þeirra framlag til skólasamfélagsins. Nokkrir starfsmenn unnu í frístundaheimilinu um lengri eða skemmri tíma. Stjórnendur og starfsmenn þakka vel unnin störf og góð kynni.



NEMENDUR


Skólaárið 2021-2022 voru að vori 545 nemendur í skólanum, 290 drengir og 255 stúlkur. Nemendum er skipt í umsjónarhópa í hverjum árgangi og hefur hver umsjónarhópur einn til tvo umsjónarkennara. Misjafnt er eftir árgöngum hvort umsjónarkennari er með sama hóp allan veturinn.

- 1. bekkur 53 nemendur í þremur umsjónarhópum
- 2. bekkur 74 nemendur í tveimur umsjónarhópum
- 3. bekkur 76 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 4. bekkur 77 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 5. bekkur 91 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 6. bekkur 83 nemendur í fjórum umsjónarhópum
- 7. bekkur 91 nemendur í fjórum umsjónarhópum

Bekkur	Drengir	Stúlkur	Alls	Umsjónarkennari
1. HBG	9	10	19	Hildur Björk Guðmundsdóttir
1. JES	9	9	18	Jónína Edda Sævarsdóttir
1. SS	8	8	16	Sigurlaug Stefánsdóttir
2. Hof 1	20	18	38	Eva Björnsdóttir og Lára Björg Einarsdóttir
2. Hof 3	21	15	36	Ragna Jóhannsdóttir og Sólbjörg Harðardóttir
3. BST	11	9	20	Bryndís Stefánsdóttir
3. EMK	12	6	18	Elín Margrét Kristinsdóttir
3. HLE	11	8	19	Hafrún Lilja Elíasdóttir
3. IS	13	6	19	Ingibjörg Sigfúsdóttir
4. AH	9	10	19	Anna Ágústa Hauksdóttir
4. ÁS	8	11	19	Ágústa Steinarsdóttir
4. BS	11	9	20	Bryndís Svavarsdóttir
4. HH	10	9	19	Hildur Helga Kristjánsdóttir
5. AS	12	11	23	Anna Ýr Sveinsdóttir
5. AP	14	9	23	Anna Þóra Jónsdóttir
5. SB	14	8	22	Svava Bjarkadóttir/Magnús Grétar Kjartansson
5. RBG	12	11	23	Rósa Björk Guðnadóttir
6. BE	8	13	21	Binný Skagfjörð Einarsdóttir
6. HBS	10	10	20	Halldóra Björk Sigurðardóttir
6. JBI	8	13	21	Jóhanna Beck Ingibjargardóttir
6. ÖM	10	11	21	Ölrún Marðardóttir
7. ÓP	14	10	24	Ólafur Pétursson
7. SGE	12	10	22	Sylvía Guðrún Eggertsdóttir
7. SK	12	10	22	Sverrir Kristinn Kristinsson
7. VÓ	12	11	23	Viktória Ólafsdóttir/Hrönn Kjærnested
Samtals	290	255	545	

Búseta nemenda

Hverfi	Fjöldi	%
Akrar	178	32,6%
Búðir	59	10,8%
Mýrar	52	9,5%
Bæjargil	52	9,5%
Hæðir	38	7%
Byggðir	42	7,7%
Móar	21	3,8%
Lundir	46	8,4%
Arnarnes	21	3,8%
Ásar	4	0,7%
Tún	7	1,3%
Flatir	4	0,7%
Aðrir	21	3,8%
Alls	545	100



HÚSNÆÐI

Skólahúsnæðið er fullnýtt. Fagstofa í náttúrufræði er notuð sem bekkjarstofa auk þess sem öll smærri rými eru notuð í vinnu með nemendum. Tónlistarskólinn í Garðabæ hefur til umráða þrjú kennslurými í skólanum.

Nauðsynlegt er að viðhaldi skólahússins verði betur sinnt og viðgerðir fari fram utanhúss. Í vetur lak ítrekað með mörgum gluggum á norðurhlið í austurálm. Einnig lak gafl á matsal frá þaki og niður í kjallara auka annara minni leka. Stjórnendur skólans hafa ítrekað spurt um áætlanir varðandi viðgerðir og mögulega klæðningu á húsinu en engin svör hafa fengist. Kennslustofur hafa ekki verið málaðar í mörg ár svo fjármagn fari frekar í bráðnauðsynlegar viðgerðir. Niðurfallsrennur virka ekki sem skyldi. Vatn flæðir um leiksvæði og skapar hættu í frosti. Heilbrigðis eftirlit gerði athugasemdir við eldhús við matsal nemenda og frístundaheimilið. Vinnueftirlitið gerði sömuleiðis athugasemdir við skólalóð og nokkur atriði innanhúss. Þar með talið eru allar útihurðir nema ein og öll opnaleg fög í gluggum sem standast ekki öryggiskröfur. Skólinn hefur lagfært það sem hann hefur getað og vísað öðrum verkefnum til eignarsjóðs. Því miður þá var ekki unnt að fara í endurbætur á gólfi í eldhúsi þar sem verkið var ekki undirbúið í tæka tíð og ekki fékkst verktaki. Viðgerðir á gluggum og hurðum eru á áætlun. Gangar í vesturálm verða málaðir og hluti hússins verður bónaður. Smíða þarf stiga á tæknisvalir í samkomusal.

Skipt var um tvö salerni á vesturgangi efri hæð. Verkið hafði verið á dagskrá síðan árið 2016 og fékkst loks lokið á árinu. Settar voru öryggisfestingar á ljóskastara í samkomusal og þeir yfirfarnir Nokkur opnanleg fög voru löguð og þau fög á efri hæð sem opnuðust upp á gátt stillt. Anddyri skólans voru máluð ásamt eldhúsi í matsal. Sett var rafmagnsopnun á hurð í anddyri ásamt skábraut sem bætir aðgengi fatlaðra og hafði það verk beðið í nokkur ár. Það er algerlega óásættanlegt að nauðsynleg verk bíði afgreiðslu í langan tíma og húsnæði og aðstöðu nemenda sé ekki betur sinnt.

Skólalóðin þarfnast endurnýjunar og hafa verið gerðar athugasemdir við hana. Leiktæki eru orðin fúin og undirlag stenst ekki kröfur. Lóðin er lítil miðað við nemendafjölda og benda nemendur reglulega á þörf á öðrum battavelli. Nauðsynlegt er að endurnýjun lóðarinn komist á dagskrá hjá bæjaryfirvöldum. Hún sé öruggur staður þar sem nemendur njóta sín í frjálsum leik og auki við hreyfifærni sína á sem fjölbreyttastan hátt.

Umferðarmál við skólann eru enn erfið og mikið álag. Skýra þarf betur akstursstefnur og færa bifreiðastæði til. Undir vorið var haldinn fundur um úrbætur og kynnt úttekt frá Eflu verkfræðistofu. Vonandi verður hægt að fara í að laga eitthvað til. Svæðið kringum skólann þarfnast heildarskipulags og geta úrbætur við aðkomuna tengst því. Einnig er áhugavert að sjá hver framtíðarplön eru með Stjörnuvöllinn og hvort hann geti nýst nemendum skólans í framtíðinni.

Nemendur og starfsmenn eru jafnan hvattir til þess að koma gangandi eða hjólandi í skólann og þarf að huga betur að göngu- og hjólastígum næst skólanum. Allt of margir foreldrar aka börnum sínum til og frá skóla og er sú umferð öll á sama tíma.

SKÓLADAGATAL

Starfsemi skólans var í samræmi við samþykkt skóladagatals ársins 2021-2022 með örfáum undantekningu vegna áhrifa Covid-19. Grunnur dagatalsins var unnin í samstarfi leik- og grunnskóla og er skóladagatalið samræmt þeirra á milli. Dagatal skólans var lagt fyrir skólaráð og samþykkt af skólanefnd grunnskóla. Sjá nánar á: <http://www.-hofsstadaskoli.is>

Reglum samkvæmt eru skóladagar nemenda 180, þeir urðu 178 þar sem skóla var lokað í einn dag, 7. febrúar af almannavörnum vegna veðurs og einn dag vegna skipulags skólastarfs í takmörkunum, 3. janúar. Kennsludagar nemenda voru 173 og skertir dagar alls fimm og svo tveir að auki í 1. – 6. bekk vegna bólusetninga og var kennsla felld niður 10. og 31. janúar frá kl. 11.10. Skertir dagar eru þeir dagar sem nemendur mæta aðeins hluta úr degi. Skólasetningardagur, tveir nemenda- og foreldrasamtalsdagar, jólaskeiðun og skólaslitadagur.

Skólasetning var 24. ágúst og hófst kennsla samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 25. ágúst. Kennsla féll niður í jólaeyfi nemenda sem var frá 21. desember til og með 2. janúar. Vetrarleyfi var frá 21. til 25. febrúar og páskaeyfi frá 11. til 18. apríl. Skólaslit voru 8. júní.



SKÓLADAGUR NEMENDA

Skólastarf hófst kl. 8.30 hjá öllum árgöngum. Hjá 1.-4. bekk lauk skóla alla daga um kl. 13.40-14.00. Hjá 5.-7. bekk lauk skóla á bilinu frá kl. 14.00 til 14.50/15.00.

Nemendur geta mætt í skólann fyrir kl. 8.00 á morgnana og eru kennslustofur opnar. Í 1.-3. bekk er morgunstund frá kl. 8.15-8.30 og líta stuðningsfulltrúar og skólaliðar eftir nemendum á þeim tíma. Eftir að skóla lýkur á daginn býðst nemendum í 1.-4. bekk lengd viðvera í frístundaheimilinu *Regnboganum*.

Nemendur fá 15 mínútna nestistíma einu sinni á dag og 20 mínútna hádegishlé. Í nestistímanum er létt hressing í kennslustofu en í hádegishléi er borðað í matsal.

Tvisvar sinnum á dag fara nemendur út í frímínútur. Hjá 1.–4. bekk voru frímínútur kl. 9.50-10.10 og kl. 12.10-12.40. Hjá 5.–7. bekk voru frímínútur kl. 10.30-10.50 og kl. 12.50-13.10. Í frímínútum voru kennarar, stuðningsfulltrúar og skólaliðar á skipulagðri gæslu. Skoða þarf hvort lengja eigi frímínútur eldri nemenda um 10 mínútur til þess að liðka fyrir matartímum.

SAMSTARF HEIMILA OG SKÓLA

Samskipti heimila og skóla hefur aukist mjög á undanförunum árum og fara að miklu leyti fram í tölvupósti. Fjölskylduvefurinn *Mentor* er í stöðugri þróun og verður sífellt aðgengilegri í notkun. Þar geta foreldrar fylgst náið með námsframvindu barna sinna og ástundun þeirra. Kennarar skrá í dagbók nemenda og birta foreldrum ef eitthvað er sem þarf að athuga eða hrósa fyrir. Vefsíða skólans er sívirk og þess gætt að hún birti stöðugt gagnlegar upplýsingar og nýjar fréttir úr skólastarfinu. Fréttaveita í mentor er kærkomin nýjung sem bætir enn við leiðir til þess að miðla upplýsingum. Forráðamenn eru hvattir til þess að nýta sér veikindaskráningar í mentor og minnka þannig álag á símann á skrifstofunni. Leyfisóskir urðu rafrænar undir vorið með enn einni nýjungin í mentor og létta ferlið bæði fyrir skólann og forráðamenn.

Haustfundir með foreldrum voru haldnir í september og voru rafrænir að þessu sinni. Þar eru áherslur í starfinu kynntar og kosnir bekkjarfulltrúar. Foreldrar áttu ásamt barni sínu viðtalstíma við umsjónarkennara tvisvar yfir veturinn, einu sinni á hvorri önn. Fyrri viðtalið var í skólanum og seinna viðtalið var fjarfundur vegna Covid-19. Samskipti við foreldra voru í gegnum síma, með tölvupósti eða með því að hittast en aðgangur foreldra að skólanum var mjög takmarkaður í vetur vegna Covid-19 og voru því flestir fundir haldnir með fjarfundabúnaði.

SKÓLARÁÐ

Skólaráð starfar samkvæmt 8. gr. laga nr. 91/2008, í skólaráði 2020-2021 sátu: Hafdís Bára Kristmundsdóttir skólastjóri, Jóhann Gunnar Jóhannsson og Sóley Andradóttir í 7. bekk fulltrúar nemenda. Pétur Ómar Guðmundsson og Ylfa Blöndal Egilsdóttir voru varafulltrúar nemenda. Aðalheiður Konráðsdóttir og Helga Margrét Pálsdóttir fulltrúar foreldra. Krístrún Sigurðardóttir fulltrúi grenndarsamfélags. Ester Jónsdóttir og Hafrún Lilja Elíasdóttir fulltrúar kennara. Varamaður þeirra var Hrönn Kjærnested. Erla Guðmundsdóttir var fulltrúi annarra starfsmanna og varamaður hennar var Elín Dóra Sigurðardóttir. Aðstoðarskólastjóri situr fundina og ritar fundargerðir. Fráfarandi fulltrúum er hér þakkað frábært starf í þágu nemenda og skóla. Skólaráð hélt fjóra fundi

á skólaárinu, auk þess að afgreiða mál í tölvupósti. Lesa má fundargerðir á: <http://hofsstadaskoli.is/skolinn/skolarad/>

FORELDRAFÉLAG HOFSTADASKÓLA

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 segir að við grunnskóla skuli starfa foreldrafélag. Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð. Í stjórn foreldrafélagsins sitja sex fulltrúar foreldra. Þeir eru kosnir á aðalfundi í maí, ýmist til eins eða tveggja ára.

Eftirtaldir foreldrar skipuðu stjórn foreldrafélagsins skólaárið 2021-2022

- Kristín Leópoldína Bjarnadóttir formaður og gjaldkeri
- Sunna Jóhannsdóttir varaformaður
- Helga Rún Helgadóttir gjaldkeri
- Aðalheiður Konráðsdóttir, meðstjórnandi
- Benedikt Þórðarson, meðstjórnandi
- Guðný Hjaltadóttir, meðstjórnandi
- Íris Guðjónsdóttir, meðstjórnandi
- Þorgerður Elín Brynjólfssdóttir, meðstjórnandi

Foreldrar stóðu fyrir bekkjarmyndatökum að hausti og efndu til páskabingós í mars, aðalfundur foreldrafélagsins var haldin í mars og kom Pálmar Ragnarsson í skólann og hélt fyrirlestur sem fjallaði um jákvæð samskipti. Árið litaðist að mestu af Covid-19 og þurfti því að fresta öllu öðru sem tengdist samkomum fram í mars. Bekkjarfulltrúar voru skipaðir í hverjum bekk í haust.

Markmið foreldrafélagsins er að efla samstarf heimila og skóla þannig að það leiði af sér öflugra skólastarf með menntun, heill og hamingju nemenda að leiðarljósi. Einnig á það að vera samstarfsvettvangur foreldra sem uppálenda. Rannsóknir hafa sýnt að ef foreldrar eru virkir í samstarfi þá líður börnunum betur í skólanum og námsárangur þeirra eykst. Einn mikilvægasti liðurinn í starfsemi félagsins er að stuðla að öflugri bekkjarstarfi. Foreldrar koma að félagslífi í samstarfi við kennara, á bekkjarkvöldum. Foreldrafélagið hefur milligöngu um að kosnir séu tveir bekkjarfulltrúar í hverjum bekk sem síðan hafa það hlutverk að skipuleggja og halda utan um félagsstarf bekkjarins í samvinnu við kennara. Markmið bekkjarstarfsins er meðal annars að byggja upp góðan félagsanda innan bekkjarins og stuðla að því að nemendur, kennarar og foreldrar kynnist betur. Það leiðir til aukinnar vellíðunar nemenda í skólanum og minnkar líkur á einelti. Einnig geta foreldrar samræmt reglur um útivist o.fl. Því miður þá voru fáir möguleikar á að hittast í vetur vegna fjöldatakmarkana í Covid-19. Þó voru allir bekkir sem náðu að vera með foreldrasamkomu undir vorið.

BEKKJARFULLTRÚAR HOFSTAÐASKÓLA 2021-2022

Bekkur	Bekkjarfulltrúi	Nemandi
1. SS	Hildur Eiríksdóttir	Birta Dís Guðmundsdóttir
1. SS	Edda Sif Gunnarsdóttir	Margrét Ragna Guðmundsdóttir
1. SS	Brynja Hrönn Þorsteinsdóttir	Olívía Þóra Biering
1. SS	Dela Glym Steinthorsson	Laila Kristlind Steinthorsson
1. HBG	Helga Rut Eysteinsdóttir	Guðmundur Kári Guðjónsson
1. HBG	Ingibjörg Sunna Friðriksdóttir	Soffía K Sól Sveinbjörnsdóttir
1. JES	Ósk Hilmarsdóttir	Haukur Sævar Albertsson
1. JES	Hólmfríður Vilhjálmsdóttir	Lúkas Sappia
2. Hof 1	Sunna Jóhannsdóttir	Auður Arnarsdóttir
2. Hof 3	Guðný Hjaltadóttir	Svava Árdís Jóhannsdóttir
2. Hof 3	Hafdís Perla Hafsteinsdóttir	Fanney Snæfríður Reynisdóttir
3. IS	Þóra Einarsdóttir	Darri Eiríksson
3. IS	Erna Valdís Jónsdóttir	Huginn Þór Þórarinnsson
3. IS	Hildur Guðrún Halldórsdóttir	Breki Rafn Styrmisson
3. EMK	Anna Kristjánsdóttir	Ari Steinn Gústafsson
3. EMK	Jóna Guðný Arthúrsdóttir	Ásdís María Gunnarsdóttir
3. HLE	Sunna Dögg Heimisdóttir	Halla Dís Þórðardóttir
3. HLE	Stefanía Ósk Ágústsdóttir	Tómas Ernir Pálmarsson
3. BSt	Hildur Steinþórsdóttir	Frosti Fannar Ómarsson
3. BSt	Margrét Ormslev Ásgeirsdóttir	Herdís Björk Jónsdóttir
4. ÁS	Anna Rút Þráinsdóttir	Auður Óttarsdóttir
4. ÁS	Helga Margrét Pálsdóttir	Ragnar Jónsson
4. BSv	Björg Stefania Sigurgeirsdóttir	Sævar Orri Ásmundsson
4. BSv	Guðrún Eva Níelsdóttir	Jónas Tryggvi Hvannberg
4. AH	Elín Rúna Backman	Þóra Aðalbjörg Sigtryggisdóttir
4. AH	Birgir Þór Birgisson	Kolbrún Kara Birgisdóttir
4. AH	Sóley Rut Magnúsdóttir	Kristófer Elí Einarsson
4. HH	Rósa Guðmundsdóttir	Ásdís Sigríður Hallgrímsdóttir
5. SB	Hulda Sigurjónsdóttir	Gabriel Ásberg Björnsson
5. SB	Anna Kristjana Vilhjálmsdóttir	Vilhjálmur Karl Halldórsson
5. AP	Margrét Ýr Ingimarsdóttir	Katla María Ómarsdóttir
5. AP	Þóra Einarsdóttir	Kara Eiríksdóttir
5. AS	Anna Sif Hjaltested	Arnar Kári Margeirsson
5. AS	Erla Tinna Stefánsdóttir	Benjamín Leó Conradie
5. AS	Hjördís Jónsdóttir	Símon Elí Kjærnested
5. RBG	Jóhannes Bjarni Guðmundsson	Guðmundur Alex Jóhannes.
5. RBG	Helga Rúna Þorsteinsdóttir	Birkir Bjarnason
5. RBG	Hulda Gísladóttir	Hrafn Viðarsson
6. ÖM	Hugrún Harðardóttir	Alexander Schram
6. HBS	Erna Hjaltested	Katrín Inga Sigfúsdóttir
6. HBS	Erna Haraldsdóttir	Úlfur Fannarsson

6. BE	Pórhildur Reinharðsdóttir	Katla Ósk Káradóttir
6. BE	Ingibjörg Helga Skúladóttir	Steinunn Harðardóttir
6. BE	Karen Íris Bragadóttir	Birkir Gauti Bergmann
6. JBI	Unnur Ýr Jónsdóttir	Konrad Jakob Konradsson
7. SGE	Amanda Hassan	Birnir Þór Ægisson
7. SGE	Auður Inga Þorsteinsdóttir	Einar Örn Theódórsson
7. VÓ	Ásta Kristín Reynisdóttir	Pétur Rúnarsson
7. VÓ	Anna Sif Hjaltested	Stefán Árni Margeirsson
7. ÓP	Sigrún Lína Sigurjónsdóttir	Ari Arason
7. ÓP	Þorbjörg Jónsdóttir	Jón Sæþórsson
7. SK	Arna Björg Jónasdóttir	Hafdís Marvinsdóttir



2. ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

STARFSÞRÓUN

Skólinn fékk styrk að upphæð 480.000 krónur úr *Endurmenntunarsjóði grunnskóla* til að halda nokkur námskeið á skólaárinu. Skólinn ráðstafaði þeirri upphæð ásamt fjármagni sem skóladeild fékk úthlutað og fjármagni úr fjárhagsáætlun. Fagfólk og aðrir starfsmenn sátu eftirfarandi námskeið:

- Vinátta – námsefni Barnaheilla 15. september – umsjónarkennara á yngra stigi
- Gagnrýnin hugsun og samræður í kennslu 15. september – kennarar
- Verkfærakistan KVAN - fyrir nýja kennara
- Leiðtoganámskeið KVAN - stýrihópur
- Teymisvinna og samstarf kennarahópa allir kennarar
- Mér líður vel í skólanum mínum – allir kennarar
- Kvíði barna – allir kennarar og fagfólk
- Þjónandi forysta – skólastjóri og aðstoðarskólastjóri

Fagfólk sat auk þess námskeið að eigin vali, m.a:

- Jákvæða sálfræði í skólastarfi
- Lestrarsamfélagið – áhugahvöt og áhrifavaldar
- Persónuleg endurmenntun hvers og eins

ÞRÓUNARVERKEFNI

Eins og undanfarin ár geta kennarar grunnskóla Garðabæjar sótt um styrk í *Þróunarsjóð grunnskóla* Garðabæjar. Þróunarsjóðurinn hefur verið góð innspýting í að efla kennara og styðja við skólaþróun og nýbreytni.

Skólaárið 2021-2022 unnu kennarar í Hofstaðaskóla að eftirtöldum verkefnum:

- Allir vegir skólafærir
- Leysum málið
- Litlu lestrarhestarnir frh. Verkefni er lokið og skýrslu hefur verið skilað.
- Verum vinir. Sameiginlegt verkefni námsráðgjafa í grunnskólum Garðabæjar.
- 21. aldar hæfni fyrir nemendur og starfsfólk grunnskóla. Sameiginlegt verkefni kennsluráðgjafa í UT í grunnskólum Garðabæjar. Verkefni er lokið og skýrslu hefur verið skilað.

Undanfarin ár hefur verið unnið að verkefni um Leiðbeinandi kennsluhætti og markmiðssetningu. Að einhverju leiti var unnið með Vaxandi hugarfar og Uppeldi til ábyrgðar á þessu skólaári. Allir þessir þættir munu móta skólastarf á næstu árum.

MAT Á SKÓLASTARFI – SJÁLFSMAT

Í þessum kafla er fjallað stuttlega um sjálfsmat Hofsstaðaskóla. Að öðru leyti er vísað í vefsíðu skólans en umfjöllun um stefnumörkun, sjálfsmat og kannanir er að finna undir flípanum *Skólinn*. Að þessu sinni er birt sjálfsmatsskýrsla 2021 til 2022 með þeim takmörkunum sem Kórónaveirufaraldurinn setti okkur.

SJÁLFSMATSSKÝRSLA HOFSTAÐASKÓLA 2021-2022

Sjálfsmatsskýrsla Hofsstaðaskóla fyrir árið byggir á *Skólapúlsinum*. *Skólapúlsinn* er lagður fyrir hagsmunaaðila skólans að tilhlutan skóladeildar. Skóladeild leggur könnun *Skólapúlsins* fyrir starfsmenn og foreldra annað hvort ár og nemendur á hverju ári. Árið 2022 var könnunin lögð fyrir nemendur og starfsmenn. Rannsókn og greining er könnun sem lögð er fyrir nemendur í 5. til 7. bekk spurningar um hagi þeirra og líðan. Íslenska æskulýðsrannsóknin, Heilsa og líf skjör sem Menntamálaráðuneytið stendur fyrir var lögð fyrir alla nemendur í 4. og 6. bekk

Allar kannanir og samantektir sl. ára er að finna á heimasíðu skólans www.hofsstada-skoli.is.

Í 35. grein grunnskólalaga segir m.a. að markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum
- Tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á.



Eftirtaldir kannanir voru lagðar fyrir

Viðfangsefni	Markhópur	Tími	Framkvæmdaraðili
Tengslakönnun	Allir nemendur	október	Hofsstaðaskóli
Skólapúlsinn	Úrtak nemenda í 6. og 7. bekk	okt/des/feb/apríl	Skólapúlsinn
Starfsmannapúlsinn	Allir starfsmenn	mars	Skólapúlsinn
Frammistöðumat/ Sjálfsmat	Allir nemendur og foreldrar	október	Hofsstaðaskóli
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn	mars til apríl	Hofsstaðaskóli

Tengslakönnun er lögð fyrir af umsjónarkennara í samstarfi við námsráðgjafa. Námsráðgjafi vinnur úr könnuninni og kynnir umsjónarkennurum niðurstöður. Könnunin var skrifleg og spurningarnar aðlagðar aldri. Umsjónarkennari kynnir foreldrum í nemenda- og foreldrasamtölum félagslega stöðu einstakra nemenda ef þurfa þykir. Könnunin er lögð fyrir samkvæmt markmiðum skólans og skólastefnu Garðabæjar til að efla og fylgjast með félagslegri stöðu nemenda. Niðurstöður eru varðveittar hjá námsráðgjafa. Samkvæmt niðurstöðum úr könnun sem lögð var fyrir foreldra í nóvember/desember 2011 vilja foreldrar vera betur upplýstir um félagslega stöðu barna sinna og er þetta viðleitni í þá átt ásamt því að vinna með félagsfærni nemenda. Könnunin er lögð fyrir alla nemendur í október/nóvember og í þeim bekkjum sem þurfa þykir í janúar. Umsjónarkennarar og námsráðgjafi vinna saman að því að efla félagsfærni nemenda.

Skólapúlsinn er vefkannanakerfi www.skolapulsinn.is sem lagt er fyrir úrtak nemenda í 6. og 7. bekk þrisvar á ári. Spurningaflokkar eru þrír: Virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa og skóla- og bekkjarandi. Skólinn er um og yfir landsmeðaltali í flest öllum flokkum. Niðurstaðan gefur vísbendingar um stöðu nemenda í skólanum miðað við stöðu nemenda í öðrum skólum á landinu.

Sjálfsmat eða frammistöðumat í mentor var lagt fyrir nemendur í 1. til 7. bekk í október fyrir nemenda og foreldrasamtöl. Markmiðið með því er að nemendur setjist niður með foreldrum sínum og svari spurningum um líðan og samskipti í skólanum. Auk þess áttu nemendur í 3.-7. bekk að setja sér námsmarkmið fyrir veturinn með foreldrum sínum. Umsjónarkennarar skoða sjálfsmatið fyrir nemenda- og foreldrasamtöl og ræða við nemendur og foreldra. Hér gefst tækifæri til þess að grípa strax inn í og gera áætlun um úrbætur ef þeirra gerist þörf.

Innra mat varðandi líðan starfsmanna o.fl.

Viðfangsefni	Markhópur	Tími	Framkvæmdaraðili
Starfsmannasamtöl	Allir starfsmenn	febrúar-mars	Stjórnendur

Skólastjórar eiga starfsmannasamtal við alla nýja starfsmenn í október. Stjórnendur skiptu með sér starfsmannasamtölum og tóku deildarstjórar þátt í þeim.

Starfsþróunaráætlun var endurskoðuð og kynnt starfsmönnum, skólaráði og skóladeild Garðabæjar. Nokkur námskeið/fræðslufundir voru í boði en talsvert af því sem var skipulagt á skólaárinu féll niður vegna Covid-19.

Skólapúlsinn skólaárið 2021-2022

Skólapúlsinn er lagður fyrir úrtak nemenda í 6. og 7. bekk fjórum sinnum á ári og fyrir úrtak foreldra annað hvort ár og fyrir alla starfsmenn hitt árið. Í ár var skólapúlsinn lagður fyrir nemendur og starfsmenn.

Niðurstöður þessara kannana eru greindar eftir því hvort um er að ræða marktækan mun milli svara nemenda og starfsmanna í samanburði við nemendur og starfsmenn sem tóku þátt í Skólapúlsinum á landsvísu.

Nemendakönnun

Skólinn kom mjög vel út í öllum þáttum sem spurt var um. Upplifun og staða nemenda er sjaldan lægri/verri en gengur og gerist á landsvísu og mun sterkari í mörgum þáttum.

Marktækur munur er á viðhorfi nemenda Hofstaðaskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti:

- Þrautseigja í námi
- Holtt mataræði
- Samsömun við nemendahópinn

Ekki reyndist marktækur munur á viðhorfi nemenda Hofstaðaskóla og annarra skóla sem tóku þátt í Skólapúlsinum hvað varðar eftirfarandi þætti sem komu þó flest allir jákvætt út:

- Ánægja af lestri
- Áhugi á stærðfræði
- Trú á eigin vinnubrögð í námi
- Trú á eigin námsgetu
- Sjálfsálit
- Stjórn á eigin lífi
- Vellíðan
- Einelti
- Samband nemanda við kennara
- Agi í tímum
- Tíðni leiðsagnarmats

Eftirtaldir þættir eru undir viðmiðunarlínu og því neikvæð niðurstaða:

- Ánægja af náttúrufræði
- Virk þátttaka nemenda í tímum

Áhugi nemenda á náttúrufræði er áhyggjuefni og virkja þarf nemendur betur í tímum. Það er því nauðsynlegt að efla þessa þættir. Leiðsagnarnám sem verður styrkt á næsta ári ætti að vera leið til að virkja nemendur betur. Það reyndist verulegur jákvætt marktækur munur á tíðni hreyfingar nemenda miðað við landið ásamt því að þeir borða hollari mat en gengur og gerist.

Starfsmannakönnun

95% starfsmanna tóku þátt í starfsmannakönnun sem fram fór í febrúar til apríl sem telst mjög gott. Niðurstöður þessara kannana eru greindar eftir því hvort um er að ræða marktækan mun milli svara starfsmanna í samanburði við starfsmenn sem tóku þátt á landsvísu.

Marktækur jákvæður munur er á:

- Skýrleiki hlutverks
- Samráð um kennslu

Þessir þættir eru við viðmiðunarlínu þó munurinn sé ekki tölfræðilega marktækur:

- Ágreiningur um hlutverk
- Jákvæðar áskoranir í starfi
- Leikni í starfi
- Skuldbinding til vinnustaðarins
- Skörun vinnu og einkalífs
- Starfsandi
- Ánægja með vinnuaðstöðu
- Stuðningur frá samstarfsfólki
- Stuðningur við nýsköpun
- Mismunur
- Stuðningur frá næsta yfirmanni
- Ræktun mannauðs
- Ánægja með kennarastarfið
- Trú kennara skólans á eigin getu
- Upplýsingamiðlun til forelda
- Stuðningur kennara vegna nemenda með námserfiðleika
- Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nemenda
- Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara

- Samvinna um kennslu
- Símenntunarpörf kennara

Eftirtaldir þættir eru undir viðmiðunarlínu og því neikvæð niðurstaða:

- Vinnuálag
- Skörun vinnu og einkalífs
- Sanngjörn forysta
- Valdeflandi forysta

Næstu skref

Huga þarf að því að hlúa að kennurum til að minnka vinnuálagið þannig að það haldist betur í hendur við einkalífið. Kennarar upplifa að hlutverk þeirra sé skýrt og að haft sé samráð um kennslu. Við stjórnendur þurfum hins vegar að vera vakandi fyrir því að valdefla kennarana og veita sanngjarna forystu.

KÓRÓNAVEIRUFARALDURINN, FRAMKVÆMD SKÓLAHALDS

Kórónaveirufaraldurinn hafði veruleg áhrif á skólastarfsemina þetta skólaárið. Skólasetning fór fram í bekkjarstofum vegna Covid-19 sem lagði línuna að áframhaldandi skólastarfi sem var verulega takmarkandi vegna faraldursins. Skólastarf féll niður 3. janúar að áeggjan yfirvalda og fékk starfsfólk ráðrúm til að skipuleggja skólastarf út frá þeim takmörkunum sem voru þá settar af almannavörnum. Veruleg áhersla var lögð á þrif og sótthreinsun allt skólaárið. Sérstök áhersla var lögð á matsalinn og skólastofurnar, sótthreinsilögur var á öllum svæðum í skólanum og rík áhersla var á handþvott. Dagleg kennsla var ekki skert vegna Covid-19 en verulegar takmarkanir voru á því hvernig kennsla fór fram og var lítið verið að vinna þvert á hópa innan árganga til að koma í veg fyrir smit. Frístundaheimilið var hólfaskipt lengst af vetri og fór starfsemin að hluta til fram inni í bekkjarstofum.

Veturinn alveg fram að vetrarleyfi einkenndist af því að margoft þurfti að rekja smit og hafa samband við aðstandendur og starfsfólk og senda það í sóttkví eða einangrun. Allnokkrir bekkir og starfsmenn þurftu að vera heima vegna smitrakningar í einn dag eða lengur vegna fjölda smita í bekk. Bólusetningar barna í Hofsstaðaskóla fóru fram í Laugardalshöllinni dagana 11. og 31. janúar þá daga var kennsla til klukkan 11:10. Það kom fyrir stöku sinnum að 6. og 7. bekkir voru sendir fyrr heim af því að ekki tókst að manna forföll og einu sinni var ekki hægt að hafa einn 6. bekk í húsi þar sem ekki náðist að manna daginn.

Frá 25. febrúar var öllum opinberum sóttvarnaraðgerðum vegna Covid-19 aflétt af almannavörnum. Skólinn var í kjölfarið á því opnaður fyrir foreldrum og öll starfsemi

skólans fór í það form sem upphaflega var lagt upp með án takmarkana. Áfram var rík áhersla á sóttvarnir.

Skólastarf í vetur reyndi verulega á og var mikið álag á starfsfólk skólans þar sem reyndi á lausnamiðun og jákvætt hugarfar og gekk það ótrúlega vel. Á tímabili voru öll svæði nýtt í skólanum m.a. var gangurinn og skólastofur nýttar sem matsalur fyrir eldri nemendur til að hægt væri að hólfastípta og allir gætu nýtt sér mat frá skólamat.

Margrét Einarsdóttir



FÆRNIMIÐAÐ NÁM Í STÆRÐFRÆÐI OG ENSKU

Stærðfræði í 5.-7. bekk var kennd í færnimiðuðum hópum; í sjö hópum í 5. og 7. bekk og sex hópum í 6. bekk, hóparnir voru kenndir við kennarana sem kenna hverjum hópi. Fæstir nemendur voru í getuminnstu hópnum og flestir í getumestu. Með færnimiðaðri kennslu er leitast við að koma betur til móts við þarfir og færni hvers og eins nemanda.

Enska er einnig kennd í færnimiðuðum hópum í 6. og 7. bekk, fimm hópum í 6. bekk og sex hópum í 7. bekk.

Nemendur í öllum hópum tileinka sér sömu eða sambærileg hæfniviðmið samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og skólanámskrá Hofstaðaskóla (sjá skólanámskrá). Hluti nemenda ræður við fleiri og flóknari hæfniviðmið og aðrir nemendur þurfa lengri tíma og meiri aðlögun.

Kennarar meta reglulega hvort nemendur séu í hópi við hæfi eða ættu að flytjast milli hópa. Þá er tekið tillit til frammistöðu úr könnunum/prófum svo og skilningi og vinnusemi nemanda miðað við aðra í hópnum.

Námsmat

Stefna skólans er að námsmat byggji á þeim hæfniviðmiðum og kröfum sem gerðar eru til nemenda ásamt því að hafa námsmat sem fjölbreytilegast.

Stærðfræði

Í 5. -7. bekk tóku allir bekkir sömu kannanir og próf að undanskildum örfáum nemendum sem voru með einstaklingsnámskrá eða aðlagð námsefni að hópi nemenda.

Enska

Námsmat í ensku var misjafnt eftir hópum. Að undanskildu ákveðnu samræmdu námsmati í öllum hópum sem lagt var fyrir um mitt skólaár og í lok skólaársins.

Námsárangur

Framfarir nemenda í stærðfræði á samræmdum prófum í 7. bekk undanfarinna ára gefa til kynna að færnimiðað nám sé jákvætt og bæti árangur og líðan nemenda. Samræmd próf féllu niður í ár þar sem verið er að endurskoða framkvæmd prófanna.

Margrét Erla Björnsdóttir



HS-LEIKAR

Hofsstaðaskólaleikar eða HS-leikar voru haldnir dagana 4. og 5. nóvember. Leikarnir sem eru einn stærsti viðburður skólaársins fóru fram bæði í skólanum og í íþróttahúsinu. Markmið leikanna er m.a. að vinna að góðum skólabrag og stuðla að samvinnu með því að nemendur á öllum aldri vinna saman að lausn ýmissa verkefna. Annan daginn unnu nemendur í íþróttahúsinu en hinn daginn í skólanum. Nemendum var skipt upp í 38 hópa sem í voru ca. 14 nemendur úr öllum árgöngum. Nemendur úr 6. og 7. bekk voru fyrirliðar og héldu tveir fyrirliðar utan um hvern hóp. Settar voru upp 38 stöðvar en hóparnir fóru á milli þeirra og unnu saman að því að leysa þrautir sem reyndu á margskonar hæfileika og færni og söfnuðu í leiðinni stigum. Þrautirnar fólust m.a. í því að svara spurningum, halda blöðrum á lofti, æfa golfsveiflu, þekkja fugla, byggja turna, gera jógaæfingar o.fl. Þá daga sem leikarnir voru haldnir ríkti einstök gleði í skólanum. Nokkrum dögum síðar var haldin uppskeruhátíð leikanna þar sem veittar voru viðurkenningar þeim hópum sem söfnuðu flestum stigum.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Margrét Erla Björnsdóttir

VETTVANGSFERÐIR

Í Hofstaðaskóla er lögð áhersla á að hafa skólastarfið fjölbreytt og er það reglulega brotið m.a. með vettvangsferðum og útivistardögum. Margar ferðir eru í nágrenni skólans og þá fara nemendur gangandi eða hjólandi en einnig eru lengri ferðir þar sem nemendur nýta almenningsvagna eða rútur. Vettvangsferðum fækkaði aðeins í nóvember – mars miðað við önnur ár vegna Covid-19. Heimsóknir 1. bekkinga á vinaleikskóla í desember féllu niður sem og ferð 7. bekkinga í skólabúðir að Reykjum. Önnur ferð var farin undir lok skólaársins í Vatnaskóg. Fjallaferðir fyrir 4. – 7. bekk voru skipulagðar í mars en féllu niður vegna veðurs eftir að tvær tilraunir voru gerðar. Í meðfylgjandi töflum er yfirlit yfir þær vettvangsferðir sem farnar voru á skólaárinu.

Vettvangsferðir 1. til 4. bekkur

Mánuður	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur
September		Úlfarsfell fjallganga		Gróðursetning í Smalaholti Gönguferð að Vífilstaðavatni
Nóvember		Vasaljósaganga í Garðabæ		
Desember		Hellisgerði Hafnarfirði	Heimsókn í Tónlistarskólann	Hellisgerði Hafnarfirði
Mars	Tónlistarskóli Garðabæjar <i>Fiðurfé og furðuverður</i>		Hönnunarsafnið <i>Sund</i>	Hönnunarsafnið <i>Sund</i>
Apríl	Árbæjarsafn listadagar <i>Gamli tíminn</i>	Tónlistarskólinn í Garðabæ		Bókasafn Garðabæjar
Maí	Guðmundarlundur í Vatnsendahlíð	Guðmundarlundur í Vatnsendahlíð	Sveitaferð Bjarteyjarsandur	Þakkardagur vinaliða Miðgarður
Júní		Ylströndin Sjálandi hjólaferð	Ylströndin Sjálandi hjólaferð	Byggðasafnið Görðum á Akranesi Gönguferð í fjöruna við Sjálandsskóla

Vettvangsferðir 5. til 7. bekkur

Mánuður	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
September	Útivera – ganga	6. JBI Byggðasafn Hafnarfjarðar	Hjólaferð að Vífilsstaðavatni í tengslum við náttúrufræði
Október	Þjóðminjasafn Íslands	Vinnudagur í Húsdýragarðinum (tveir bekkir)	
Nóvember	Vasaljósaganga		Hönnunarsafnið
Desember	Leikhúsferð Emil í Kattholti		
Febrúar		Vinnudagur í Húsdýragarðinum (tveir bekkir)	
Mars	Jazz tónleikar í Tónlistarskóla Garðabæjar	Jazz tónleikar í Tónlistarskóla Garðabæjar	Jazz tónleikar í Tónlistarskóla Garðabæjar
Apríl	Bókasafn Garðabæjar Ritunarsmiðja Gunnars Helgasonar	Bókasafn Garðabæjar Ritunarsmiðja Gunnars Helgasonar	Hönnunarsafnið Listasmiðja
Mái		Gönguferð	Skólabúðir í Vatnaskóg Heimsókn í Garðaskóla
Júní	Vorferð á Þingvelli Hjólaferð að Vífilsstaðavatni	Ferð í Reykholt. Kennarar sáu um fræðslu. Hjólaferð að Vífilsstaðavatni	Vorferð í Hvalfjörðinn og Bjarteyjarsand. Útilega í bæ



VINALIÐAVERKEFNI Í HOFSSSTAÐASKÓLA

Eitt helsta markmið Vinaliðaverkefnisins er að hvetja nemendur til aukinnar þátttöku í afþreyingu í frímínútunum og skapa betri skólabrag, sjá nánar á heimasíðu verkefnisins <https://www.vinalidar.is/>

Jóhann Ingi Hjaltason íþróttakennari var verkefnastjóri í upphafi skólaárs en í febrúar bættist Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir deildarstjóri yngra stigs við þannig að þau urðu tvö sem var mjög mikilvægt. Vinaliðar voru valdir tvisvar sinnum á skólaárinu, í upphafi haust- og vorannar. Nemendur í 4. – 7. bekk tilnefndu einstaklinga úr sínum bekkjum og verkefnastjórar völdu svo Vinaliða út frá þeim tilnefningum. Nemendur geta verið valdir oftár en einu sinni til að vera Vinaliðar. Á skólaárinu voru 97 nemendur Vinaliðar í Hofssstaðaskóla.

Áður en vinaliðadagskráin fór af stað var Vinaliðum boðið á námskeið þar sem þeim voru kenndir ýmsir leikir. Námskeiðið var haldið í TM-Höllinni í lok september. Vinaliðar úr Álftanesskóla voru einnig á námskeiðinu. Á vorönn náðist ekki að halda námskeið út af Covid en Vinaliðar horfðu á myndband sem yfirverkefnastjóri úr Árskóla hafði sett saman. Dagskrá vinaliða var í fyrri frímínútum alla virka daga nema föstudaga. Hver vinaliði sá um tvennar frímínútur á viku.

Á tveggja til þriggja vikna fresti funduðu verkefnastjórar með Vinaliðum og skipulögðu starfið og ræddu ýmiskonar mál. Ný vinaliðadagskrá var síðan kynnt umsjónarkennurum og nemendum. Í lok maí var haldinn þakkardagur fyrir Vinaliðana. Hjólað var í Miðgarð þar sem dagskrá tók við. Nemendur fengu t.d. að prófa klifurvegg undir stjórn reyndra aðila frá Klifurhúsinu, Bubblubolta, ásamt ýmsum leikjum. Boðið var upp á pizzu í hádeginu og svo endaði dagurinn í ísbúð Huppu á Garðatorgi. Þakkardagurinn tókst vel og almenn ánægja var meðal Vinaliða.



Ákveðið var að segja upp samningi fyrir næsta ár við Árskóla sem heldur utan um Vinaliðaverkefnið. Áhugi er fyrir því meðal skólanna í Garðabæ að útbúa sitt eigið verkefni. Ástæða uppsagnarinnar er sú að mikill kostnaður fylgir þátttöku í verkefninu og breytingar hafa orðið á þeirri þjónustu sem veitt hefur verið frá eiganda þess.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Jóhann Ingi Hjaltason verkefnastjórar

3. ÝMSAR SKÝRSLUR

SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA YNGRI OG ELDRI DEILDA

Deildarstjóri yngra stigs Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir er með umsjón í 1. – 4. bekk og deildarstjóri eldra stigs Margrét Erla Björnsdóttir er með umsjón í 5. – 7. bekk. Deildarstjórar sinntu fjölbreyttum verkefnum á skólaárinu. Þeir eru hluti af stjórnendateymi skólans og komu að skipulagningu og héldu utan um ýmsa þætti skólastarfsins til dæmis í tengslum við starfsdaga, uppbrotsdaga, jólasemmtana, íþróttadags, dagskrá á *Degi íslenskrar tungu*, HS-leika, námskeiða, fræðslufunda o.fl. Í júní og ágúst var skólabyrjun undirbúin sem meðal annars fól í sér stundatöflugerð, skipulag í smiðjum, skipulag færnimiðaðs náms, hópaskiptingar í ýmsum greinum og röðun nemenda í hópa og bekk. Skipulag fyrir samveru og samsöng á sal, skipulag fyrir matsal og innanhússkóladagatal. Deildarstjórar hafa umsjón með innkaupum á námsbókum og kennslugögnum og úthlutun á þeim. Þeir höfðu umsjón með vinnu á kennsluáætlunum sem voru unnar á annan hátt en áður og birtar á heimasíðu skólans.

Deildarstjórar héldu utan um og pöntuðu í samstarfi við kennara á listviðburði og í vettvangsferðir sem tengdust skólastarfinu. Þeir skipulögðu og stjórnðu stigsfundum og teymisfundum með sínum stigum, sérkennurum, list- og verkgreinakennurum. Þeir sátu vikulega nemendaverndarráðsfundi auk teymis- og árgangafunda. Einnig fóru þeir á skilafundi og fundi vegna einstakra nemenda. Þeir eru í starfshópnum *Gegn einelti í Garðabæ* en lítil vinna fór fram á skólaárinu vegna Covid. Þeir unnu með námsráðgjafa í upplýsingaöflum og við úrvinnslu samskipta- og eineltismála. Deildarstjórar tóku starfsmannasamtöl við kennara á sínum stigum. Þær skipulögðu fjallaferðir í Bláfjöll fyrir nemendur í 4. – 7. bekk sem féllu því miður niður vegna veðurs.

Deildarstjórar héldu utan um og stjórna innleiðingu á hæfnimiðuðu námsmati í samvinnu við kennara og kennsluráðgjafa í tölvu- og upplýsingatækni. Deildarstjórar sóttu ýmis námskeið, fræðslu- og kynningarfundir til að kynna sér nýjungar í kennslu og stjórnun t.d. námsstefnu Skólastjórafélags Íslands sem haldin var á Akureyri í október, aðalfund SKÓR sem haldin var í maí, kynningarfund þekkingarskóla í leiðsagnarnámi sem haldinn var í HÍ í maí. Einnig sat deildarstjóri yngra stigs námskeiðið Lestrarsamfélagið hjá Menntafléttunni og fór á Bett ráðstefnu í mars í London. Deildarstjóri eldra stigs fór á ráðstefnu í Vínarborg í júní.

Deildarstjóri yngra stigs sá um samskipti við samstarfsleikskólana Lundaból, Akra og Hæðarból. Í september boðaði hann leikskólakennara á fund og fór yfir *Brúum bilið*

samstarfsáætlun leik- og grunnskóla. Hann skipulagði reglulegar skólaheimsóknir fyrir samstarfsleikskólana sem urðu þó færri vegna Covid. Hann skipulagði kynningarfund í mars fyrir foreldra verðandi grunnskólanemenda og tók á móti gestum ásamt skólastjóra. Hann var með umsjón *Vorskólans* sem haldin var 19. maí fyrir verðandi nemendur í 1. bekk. Í júní fór hann á skilafundi á nokkra leikskóla og aflaði upplýsinga um verðandi nemendur í 1. bekk.

Deildarstjóri raðar nemendum í bekki og hópa eftir því sem við á. Á vorönn var hann verkefnastjóri í Vinaliðaverkefni ásamt Jóhanni Inga íþróttakennara. Deildarstjóri kenndi í 1. bekk vináttuþjálfun og hugarfrelsi í smiðjum 1,5 tíma á viku og var í matsal 3x20 mínútur á viku. Deildarstjóri eldra stigs sá um framkvæmd og úrvinnslu á *Skólapúlsinum* með nemendum í 6. og 7. bekk, var prófdómari í framsagnarprófi í 6. – 7. bekk og skipuleggur vettvangsferð að Vífilsstaðavatni í september og úrvinnslu ferðarinnar. Hann sá um samskipti við Garðaskóla og Sjálandsskóla og skipuleggur heimsóknir í skólanna fyrir verðandi 8. bekkina. Sat skilafundi með deildarstjórum Garðaskóla í maí vegna verðandi 8. bekkina. Hann kemur árlega að undirbúningi og framkvæmd á þorablóti í 6. bekk sem féll niður í ár vegna Covid. Einnig skipuleggur hann árshátíð, náms- og hópeflisferð 7. bekkina í Vatnaskóg og er í samstarfi við Garðalund vegna félagsstarfs á miðstigi. Hann sér um Stóru upplestrarkeppnina, þjálfar keppendur og fylgir þeim í lokakeppni Garðabæjar. Deildarstjóri kenndi í 5. bekk upplýsingatækni í smiðjum 2 tíma á viku og var í matsal 2x20 mínútur á viku.

Arnheiður Ösp Hjálmarsdóttir og Margrét Erla Björnsdóttir deildarstjórar



SKÝRSLA DEILDARSTJÓRA STOÐPJÓNUSTU

Í vetur voru fimm sérkennarar sem komu að sérkennslu og nýbúakennslu. Bergljót Vilhjámsdóttir var deildarstjóri stoðþjónustu en hún sinnti einnig LOGOS greiningum. Guðrún Dögg Jóhannsdóttir kenndi íslensku í 1., 2., 3. og 4. bekk, stærðfræði í 2., 3. og 4. bekk og tók að sér Logos greiningar. Ólöf Harpa kenndi íslensku í 2., 3., 4. og 5. bekk og stærðfræði í 2., 3., 4. og 5. bekk. Hún kenndi einnig smiðjur í 1. bekk. Hildur Birkisdóttir kenndi stærðfræðihópum í 5. og 7. bekk og enskuhópum í 6. og 7. bekk. Hún kenndi einnig íslensku í 5., 6. og 7. bekk. Valgerður Gísladóttir kenndi íslensku og stærðfræði í 6. og 7. bekk og ensku í 7. bekk. Hún kenndi einnig nýbúakennslu í 5., 6. og 7. bekk. Selma Ramdani kenndi nýbúakennslu frá því í febrúar í 2., 3., 6. og 7. bekk.

Sérkennslan fór aðallega fram í sérkennslustofum, á bókasafni og fleiri litlum rýmum. Sérkennslan gat haldið sér, þrátt fyrir einhverjar takmarkanir vegna Covid 19 faraldurs.

Tveir yfirproskapjálfar voru starfandi við skólann, Ragnhildur Sigurðardóttir og Anna Laxdal í fullu starfi og Magnús A. Arnarsdóttir sem sinnti starfi aðstoðarmanns þroskajálfa og stuðningsfulltrúi. Auk Magnúsar voru alls 17 stuðningsfulltrúar starfandi við skólann, ýmist hluta úr vetri eða allan veturinn í 13 störfum. Erla Guðmundsdóttir vann bæði sem stuðningsfulltrúi og skólaliði. Aðrir stuðningfulltrúar voru, Andi Andri Morina, Dagur Hringsson, Elín Dóra Sigurðardóttir, Gunnlaugur Karlsson, Kristín Ösp Sigurðardóttir, Marólína Fanney Friðfinnsdóttir, Ómar Smári Sigurgeirsson, Melissa Guðlaug Haire. Vilborg Harðardóttir fór í fæðingarorlof í október, við hennar starfi tók Hákon Dagur Oddgeirsson. Gissur Hrafn Gíslason fór í fæðingarorlof í apríl. Anna María Snorrardóttir var í námi með vinnu og fór í langa námslotu eftir áramót. Alexander Már Patreksson var fram að áramótum, en Rakel Svavarsdóttir byrjaði eftir áramót. Davíð Þór Ásgeirsson byrjaði í fullu starfi í apríl, en fram að því þá hafði hann verið í afleysingum. Kári Þorbergur Kristinsson, Ísabella Rós Þorsteinsdóttir og Jón Kristinn Örnólfsson voru einnig í afleysingum og Breki Dagsson tók að sér nokkra tíma.

Helga Rúna Þorsteinsdóttir var í 100% starfi námsráðgjafa. Bjarnfríður Leósdóttir talmeinafræðingur kom í skólann til greiningarstarfa í desember og einnig í maí. Skilafundir talmeinafræðinga með foreldrum voru rafrænir. Hún sinnti einnig þeim nemendum sem áttu rétt á þjónustu á vegum sveitarfélagsins á stofu. Kristín Ósk Leifsdóttir skólasálfræðingur, var ekki með fasta viðveru, en sat nemendaverndarráðsfundi tvisvar í mánuði. Björn Gauti Björnsson, sálfræðingur byrjaði í febrúar. Fjalar frá *agastjórnun.is* veitti ráðgjöf vegna tveggja nemenda. Einn nemandi fékk MST ráðgjöf hluta vetrar. Iðjupjálfi kom í skólann vegna tveggja nemanda. Sálstofan gerði Virknimat hjá einum nemanda. Einhverfuráðgjafi kom vegna eins nemanda.

Viðfangsefni stoðþjónustu eru einkum kennsla, stuðningur, ráðgjöf, samstarf við nemendur, foreldra, bekkjarkennara og aðra sérfræðinga innan og utan skólans (teymisvinna). Proskapjálfar og sérkennarar vinna í samvinnu við kennara að gerð einstaklingsnámskrár og aðlögun námsfnis og sérkennarar sjá um aðlöguð próf.

Þroskaþjálfar og sérkennarar sjá einnig um að meta námsgetu og færni nemenda. Gerð er skýrsla um alla þá nemendur sem fá þjónustu innan stoðþjónustunnar.

Fráviksþjónusta í námsmati felur í sér m.a. lengri próftíma, lesara, skrifara, munnlegt próf, heimapróf, aðlagð próf, undirbúið próf, notkun hjálpargagna s.s. upptökutæki, tölvu, vasareikni o.fl. Hafi nemandi tekið aðlagð próf, próf samkvæmt einstaklingsnámskrá eða ef tekið er tillit til stafsetningar, kemur það fram sem umsögn á hæfnikorti nemanda á Mentor. Sérkennarar koma að aðlögun námsefnis fyrir nemendur í bekkjaraðstæðum þar sem það á við í samvinnu við umsjónarkennara. Þroskaþjálfar koma að aðlögun náms- og félagslegs umhverfis fyrir nemendur í samvinnu við kennara þar sem það á við. Þroskaþjálfar vinna einnig með félagsleg samskipti og sjálfshjálp nemenda.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda og kyn þeirra nemenda sem fengu þjónustu sérkennslunnar og í hverju sú þjónusta fólst.

Sérkennsla og sérfræðiþjónusta á skólaárinu

Árgangur	Íslenska		Stærðfræði		Nýbúa- þjónusta		Greining sérkennara		Greining/ þjónusta sálfræðings			Greining/ þjónusta talmeinafræðings	
	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Dr.	St.	Í bið	Dr.	St.	Dr.	St.
1.	8	7							5			2	
2.	12	12	3	5	2	1			3	2		1	
3.	9	6	7	2	2	1			5		1		
4.	9	14	4	11		1	6	3	2	2	2	1	2
5.	9	10	9	4		1	6	7	2	2			
6.	14	10	3	4		3	4	4	2		1	1	
7.	10	7	8	5	1	1	1		2	1	1		
Alls	71	66	34	31	5	8	17	14	21	7	5	5	2

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð starfar samkvæmt lögum. Deildarstjóri stoðþjónustu heldur utan um fundina, stofnar þá, boðar á fundi og fylgir eftir að málefnum sem rædd eru á fundum séu framkvæmd. Nemendaverndarráðsfundir voru oftast haldnir einu sinni í viku allan veturinn. Deildastjórar, námsráðgjafi, skólastjóri og aðstoðarskólastjóri sátu fundina. Umsjónarkennurum var boðið að sitja fundi þegar það átti við. Kristín Ósk Leifsdóttir sálfræðingur sat nemendaverndarfundi tvisvar í mánuði og Björn Gauti Björnsson eftir að hann kom til starfa í febrúar. Aðili frá félagsþjónustu, oftast Sigurður Garðar Flosason sat nemendaverndarfundi einu sinni í mánuði og Hildigunnur Árnadóttir sat einnig einhverja fundi. Ása Sæunn, hjúkrunarfræðingur var fulltrúi heilsugæslu í vetur og sat að jafnaði fundi einu sinni í mánuði eða Hildur Ýr í hennar stað. Vegna takmarkana á skólastarfi vegna Covid voru einhverjir nemendaverndarfundir fjarfundir.

Samráðsfundir

Sérkennarar funduðu einu sinni í viku með deildarstjóra stoðþjónustu og einnig voru sameiginlegir fundir sérkennara og þroskajálfa í nokkur skipti. Deildarstjóri stoðþjónustu og þroskajálfar funduðu fimm sinnum og deildarstjóri, þroskajálfar og stuðningsfulltrúar funduðu allir saman þrisvar sinnum yfir veturinn. Auk þess funduðu þeir í litlum hópum með umsjónarkennurum. Deildarstjóri fundaði auk þess með námsráðgjafa, sálfræðingi, talmeinafræðingum og sá um að fylgja eftir málefnum nemenda þar voru haldnir reglulegir teymisfundir. Einnig voru mynduð teymi varðandi nemendur sem fengu greiningu hjá Þroska og hegðunarstöð, eða Ráðgjafar og greiningarstöðvar ríkisins. Reglulegir teymisfundir voru með Arnarskóla vegna nemanda. Upplýsingafundur skólaþjónustu varðandi börn sem þurftu sérstaka þjónustu á leikskóla var í vor. Einn teymisfundur var að vori með skólaþjónustu vegna nemanda sem kemur til okkar næsta vetur. Deildarstjórar og umsjónarkennarar í 7. bekk sátu skilafundi frá Hofstaðaskóla til næsta skólastigs, Garðaskóla í vor og þroskajálfar munu eiga fund í vor með Garðaskóla vegna ákveðinna einstaklinga.



Lestrarpróf

Allir nemendur skólans voru lestrarprófaðir með Lesfimiþrófum frá Menntamálastofnun. Þetta eru stöðluð próf og er miðað við að nemendur lesi ákveðinn fjölda orða á mínútu, gefin eru út viðmið fyrir 1.-7. bekk að vori. Miðað er við að ákveðinn fjöldi nemenda nái 90% viðmiðum, ákveðinn hópur nái 50% viðmiðum og 25% nemenda nái ákveðnum viðmiðum. Prófin voru lögð fyrir þrisvar sinnum á árinu. Umsjónarkennarar prófuðu nemendur í 1.-7. bekk í september og maí. Sérkennarar skólans sáu um að raddlestrarprófa alla nemendur í 2.-7. bekk í janúar og lögðu einnig fyrir próf í sjónrænum orðaforða og orðleysum í 3. og 6. bekk. Í október var lagt fyrir nemendur í 1. bekk *Leið til læsis* og var það gert í samvinnu umsjónarkennara, deildarstjóra yngra stigs og sérkennara. Niðurstöður voru birtar foreldrum og nemendum á hæfnikorti nemandans á Mentor og framvinduð um lesferil vistað sem skrá á hæfnikorti nemandans

Einstaklingsnámskrágerð

Deildarstjóri stoðþjónustu fylgdi því eftir að þeir nemendur sem víkja verulega frá í allt að þremur námsgreinum og/eða nemendur sem eru með veruleg frávik í hegðun, fái einstaklingsnámskrá. Ellefu nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá og þrír fengu einstaklingsmarkmið í „íslensku sem annað mál“. Þverfagleg samvinna var á meðal umsjónarkennara, sérkennara og þroskaþjálfra við gerð námskránna og voru þær gerðar með samþykki og samvinnu foreldra. Lokaskýrslur voru gerðar fyrir alla nemendur sem hlutu sérkennslu í íslensku, stærðfræði eða nýbúakennslu og bætt var við kafla um námsmat og hvernig gekk í einstaklingsnámskrá hjá þeim sem voru með hana.



Yfirlit yfir starf með hverjum árgangi

1. bekkur

Í upphafi skólaárs var Margrét Einarsdóttir aðstoðarskólastjóri, með kynningarfyrirlestur fyrir foreldra nemenda í 1. bekk. Fjallað var um lestur, hlutverk skólans í lestrarkennslunni og hlutverk foreldra. Einn sérkennari vann með árganginum þrjá og hálfan tíma á viku og einn þroskaþjálfari í sex tíma. Kennslan fór fyrst fram í bekkjum, en eftir *Leið til læsis* prófið sem var lagt fyrir í október var unnið með tvo hópa, þar sem lögð var áhersla á hljóðkerfisvitund, stafainnlögn og málörvun.

Í 1. bekk var lögð áhersla á undirstöðupætti lesturs og unnið var með hljóðaaðferð og sjónrænan orðaforða. Kennari og sérkennari sáu um að leggja fyrir *Lesfimiþróf* í janúar en sérkennari sá um að leggja prófið fyrir að vori.

2. bekkur

Þrír hópar voru í íslensku í vetur ýmist með tvo eða þrjá tíma á viku. Tveir hópar fengu sérkennslu í stærðfræði í tvo tíma. Einn nemandi fékk félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfara reglulega.

Sérkennsla í 2. bekk miðaði að því að halda áfram þar sem frá var horfið í lestrarkennslu í 1. bekk. Lögð var áhersla á mál- og hljóðkerfisvitund, lestrarþjálfun, sjónrænan orðaforða og ritun.

Lagt var fyrir nemendur *Lesfimiþróf* í september, janúar og maí. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og nemendur undir viðmiði að vori.

Lestrarátakið Polli sem er samstarfsverkefni foreldra og nemenda, var í boði í janúar fyrir nemendur undir viðmiði. Kynningarfundur fyrir foreldra var haldinn í upphafi lestrarátaks og afhent voru lestrargögn. Stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Nemendum var einnig boðið að taka þátt í lestrarátakinu Eitt skref í einu frá Menntamálastofnun.



3. bekkur

Í 3. bekk var einn hópur í sérkennslu í stærðfræði og tveir í íslensku, ýmist í tvo eða þrjá tíma á viku. Einn nemandi fékk félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra. Lögð var áhersla á lestrarþjálfun, lesskilning og ritun.

Lagt var fyrir nemendur Lesfimiþróf í september, janúar og maí. Stafsetningarþrófið, Aston Index, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og fyrir nemendur undir viðmiði að vori.

Boðið var upp á lesskilningsnámskeið á vorönn fyrir nemendur sem voru undir viðmiði í Orðarún. Lestrarátakið Risaeðlur sem er samstarfsverkefni foreldra og nemenda, var í boði á vorönn fyrir nemendur undir viðmiði. Foreldrar fengu sendar kynningarglærur heim vegna átaksins og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Nemendum var einnig boðið að taka þátt í lestrarátakinu *Eitt skref í einu* frá Menntamálastofnun.

4. bekkur

Þrír hópar fengu sérkennslu í íslensku og tveir í stærðfræði í vetur, ýmist einn til þrjá tíma á viku. Skólinn var í samstarfi með Arnarskóla vegna eins nemanda. Hann vann samkvæmt einstaklingsnámskrá og var tvo daga í Hofstaðaskóla, þrjá í Arnarskóla og flesta daga í Regnboga, nema þegar það var ekki hægt vegna Covid. Einn nemandi fékk félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra og tveir nemendur unnu skv. einstaklingsmarkmiðum hvað varðar skólafærni.

Í 4. bekk í íslensku var lögð áhersla á lestrarþjálfun, lesskilning, málrækt og stafsetningu. Eftir að hafa tekið Orðarún á haustönn var nemendum undir viðmiði boðið upp lesskilningsnámskeið. Á vorönn var nemendum með lesblindu boðið upp á tækninámskeið með sérkennara og tölvuumsjónarmanni. Í framhaldi var nemendum með lestrarerfiðleika boðið upp á lestrarþjálfun.

Lagt var fyrir nemendur Lesfimiþróf í september, janúar og maí. Stafsetningarþrófið, Aston Index, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og fyrir nemendur undir viðmiði að vori.

Lestrarátakið Höfrungalíf, sem er samstarfsverkefni foreldra og nemenda, var í boði á vorönn fyrir nemendur undir viðmiði. Foreldrar fengu sendar kynningarglærur með efninu og stóð verkefnið yfir í fjórar vikur. Nemendum var einnig boðið að taka þátt í lestrarátakinu *Eitt skref í einu* frá Menntamálastofnun.

LOGOS lestrargreiningarþróf var lagt fyrir 4 nemendur og lestrarskimun fyrir 5 nemendur.

Í sérkennslu í stærðfræði var lögð áhersla á að fylgja markmiðum árgangs og styðja við nemandann þar sem hann er staddur.

5. bekkur

Þrír hópar fengu sérkennslu í íslensku í vetur tvo eða þrjá tíma á viku. Einn nemandi fékk einstaklingskennslu tvo tíma á viku í íslensku. Í stærðfræði var færnimiðað nám og tveir sérkennsluhópar þar sem nám og námsmat var aðlagð að þörfum sérhvers nemanda. Tveir nemendur fengu auk þess sérkennslu í stærðfræði tvo tíma á viku hjá sérkennara og þrjá tíma sem þeir unnu með stuðningsfulltrúa. Einn nemandi fékk nýbúakennslu, sá nemandi fékk einnig einstaklingstíma í lestri og vann samkvæmt einstaklingsmarkmiðum í íslensku sem annað mál. Fimm nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá og fengu fullan stuðning allan skóladaginn og sex nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra og/eða námsráðgjafa.

Í sérkennslu var unnið að verkefnum árgangs, en áhersla var lögð á að vinna með lestur, lesskilning, málfræði, ritun og stafsetningu. Einhverjir nemendur tóku þátt í lestrarátakinu *Eitt skref í einu* frá Menntamálastofnun sem unnið var heima. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur að hausti og að vori voru þeir sem mældust undir viðmiði prófaðir aftur. Nemendur tóku þátt í lesskilningsátaki í byrjun skólaárs.

LOGOS lestrargreiningarpróf var lagt fyrir 8 nemendur og lestrarskimun fyrir 5 nemendur. Deildarstjóri stoðþjónustu og sérkennari ásamt umsjónarkennurum ákváðu hverjir fengu prófafrávik í árganginum. Fimm nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá. Fimm nemendur fengu félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra. Virknimat var framkvæmt hjá einum nemanda.

6. bekkur

Tveir hópar fengu sérkennslu í íslensku í vetur, en í stærðfræði var færnimiðað nám. Færnimiðað nám var einnig í ensku. Einn nemandi fékk félagsfærniþjálfun hjá þroskaþjálfra. Í sérkennsluhópum var unnið að verkefnum árgangs, með áherslu á lestur, lesskilning, málfræði og stafsetningu. Nemendur tóku þátt í lesskilningsátaki í byrjun skólaárs. Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index* var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og svo aftur í lok skólaárs fyrir þá sem voru undir viðmiðum. Deildarstjóri stoðþjónustu og sérkennari ásamt umsjónarkennurum ákváðu hverjir fengu sérstök úrræði vegna námsmats í árganginum.

7. bekkur

Tveir hópar fengu sérkennslu í íslensku í vetur. Einn nemandi fékk einkakennslu hluta dags. Þrír nemendur fengu fullan stuðning yfir skóladaginn og þrír fengu félagsfærniþjálfun þroskaþjálfra.

Í sérkennsluhópum var áhersla lögð á lestur og lesskilning, stafsetningu og málfræði. Í upphaf skólaársins var stutt námskeið í lesskilningi fyrir nemendur undir viðmiði samkvæmt Orðarún. Nokkrir nemendur fengu lestrarátakið *Eitt skref í einu* frá Menntamálastofnun til að vinna heima.

Í stærðfræði var færnimiðað nám og einn sérkennsluhópur, þar sem nám og námsmat var aðlagð að þörfum hvers nemanda. Færnimiðað nám var einnig í ensku. Þrír nemendur voru með einstaklingsviðmið í ensku og tóku próf út frá sínum hæfniviðmiðum.

Nemendur voru prófaðir samkvæmt lestrarstefnu skólans. Stafsetningarpróf, *Aston Index*, var lagt fyrir alla nemendur árgangsins í ágúst og þeir nemendur sem voru undir viðmiði voru prófaðir aftur að vori. Í vetur voru ekki lögð fyrir Samræmd rafræn próf í íslensku og stærðfræði.

LOGOS lestrargreiningarpróf var lagt fyrir einn nemanda.

Fjórir nemendur unnu samkvæmt einstaklingsnámskrá í stærðfræði. Tveir nemendur unnu samkvæmt einstaklingnámskrá í íslensku og þrír í ensku. Einn nemandi var í nýbúakennslu og vann samkvæmt einstaklingsnámskrá í íslensku sem annað mál og annar nemandi hluta vetrar.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn gekk vel, þrátt fyrir nokkra annmarka vegna covid 19 og margs konar áskoranir. Starfsmannahópurinn var samstilltur, sérkennarar funduðu vikulega en bæta mætti við föstum fundartímum hjá þroskaþjálfum og einnig festa fundi með litlum teymum í árgöngum. Það ríkti góður andi og almenn ánægja var með skipulag varðandi stuðning, en í vetur var fyrirkomulagið þannig að hver starfsmaður væri að mestu í einum árgangi. Við það skapaðist þekking, traust og samtal innan hvers árgangs. Góð samvinna var á milli umsjónarkennara og sérkennara og nýttist tími til sérkennslu vel. Gott væri að sérkennari prófaði allan 1. bekk í janúar í lestri.

Bergljót Vilhjálmisdóttir



SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 1. BEKK

Í 1. bekk voru 53 nemendur, 27 stúlkur og 26 drengir. Umsjónarkennarar voru Hildur Björk Guðmundsdóttir, Jónína Edda Sævarsdóttir og Sigurlaug J. Stefánsdóttir. Sérkennari var Guðrún Dögg Jóhannsdóttir, þroskajálfari var Anna Laxdal. Stuðningsfulltrúar voru Elín Sigurðardóttir og Andi Andri Morina.

Helstu áherslur árgangsins

Grunnþættirnir lestrarþjálfun, góð vinnubrögð og góð samskipti voru höfð að leiðarljósi allan veturinn í 1. bekk. Nemendur lærðu að bera ábyrgð á eigin hegðun í mismunandi aðstæðum. Nemendum var skipt í þrjá umsjónarhópa og tekin var sú ákvörðun að breyta aðeins hópunum ef þess væri þörf. Miklar þrengingar voru á skólastarfi um miðbik skólaársins þar sem mikil aukning var af Covid-19 smitum í samfélaginu. Það gerði það að verkum að hringekjur í íslensku urðu að bíða á meðan bylgjan gekk að mestu yfir, en við fyrsta tækifæri var nemendum skipt upp í fjóra hringekjuhópa.

Uppeldi til ábyrgðar

Unnið var með *Bókina um Tíslu* í lífsleikni. Bókin fjallar um hugsanir, tilfinningar, samskipti og atvik sem upp koma hjá börnum við upphaf skólagöngu og hvernig megi takast á við vandamál á jákvæðan hátt. Lesinn var fyrir nemendur einn kafli í einu, nemendur látnir ræða um það sem *Tísla* sagði frá og hvernig væri best að leysa úr málunum. Einnig var sungið og farið í leiki í tengslum við efnið hverju sinni.

Þegar námsefninu um *Tíslu* var lokið fóru allir umsjónarhópar að tileinka sér námsefnið um bangsann *Blæ* og verkefni hans frá Barnaheillum. Nemendur sátu þá annað hvort í krók eða í sínum sætum þegar farið var yfir verkefnaspjöld sem fylgja námsefninu. Þar urðu oft miklar umræður um hvað var að gerast hverju sinni og hvernig hægt væri að leysa hin ýmsu vandamál sem upp komu. Einnig fóru nemendur í svokallaða nuddhringi þar sem þau sátu öll í hring og nudduðu bakið á nemandanum fyrir framan sig eftir fyrirsmælum sögunnar sem lesin var.

Kennsluhættir

Unnið var í hringekjum eftir áramót í íslensku. Í náttúru- og samfélagsgreinum var unnið með söguramma sem meðal annars var samþætt inn í íslensku hringekjur.

Stuðst var við lestrarkennsluaðferðina *Vörður og vegvísar* og lagðir inn tveir til þrír bókstafir á viku og var allri stafainnlögn lokið í janúar. Inn á milli voru lögð fyrir verkefni í tengslum við Byrjendalæsi. Unnið var



markvisst í hringekju með þá bókstafi sem lagðir voru inn hverju sinni. Með hverri stafainnlögn fylgdu lestrarbækur um *Omma* og verkefni af vefnum *123skoli.is* ásamt

öðrum verkefnum frá kennurum. Eftir stafainnlögn var unnið áfram í hringekjum í íslensku og viðfangsefni hverju sinni voru lögð inn í tengslum við barnabækur sem lesnar voru fyrir nemendur. Unnið var eftir Lesferli frá Menntamálastofnun og voru nemendur prófaðir í raddlestri þar sem talin voru orð á mínútu.

Þemaverkefni

Unnið var þemaverkefni í tengslum við íslensku og samfélags- og náttúrugreinar. Að hausti var unnið með nærumhverfið og helstu kennileiti í Garðabæ. Að vori voru unnin ítarleg verkefni um líkamann. Nemendur fóru heim með lokaafurð í formi verkefnamöppu. Mjög skemmtilegt verkefni og nemendur voru mjög áhugasamir. Einnig unnu nemendur líkama í raunstærð og settu ákveðin líffæri á þau.



Námsmat

Allt námsmat var birt í námsframvindu í *Mentor*. Í október var lagt fyrir lesskimunarprófið *Leið til læsis*. Út frá niðurstöðunum var fundið út hverjir þyrftu snemmtæka íhlutun. Unnið var með þá í litlum hópum hjá sérkennara. Lesfimiþróf, orðleysur og orðalistar frá Menntamálastofnun var lagt fyrir í janúar. Í maí tók svo allur hópurinn lesfimiþróf og stærðfræðikönnun einnig voru kannaðir ýmsir þættir í íslensku.

Upplýsinga- og tæknimennt.

Árgangurinn hafði 19 spjaldtölvur til umráða sem notaðar voru við hin ýmsu verkefni, bæði í hringekjum og í bekkjarkennslu. Tölvukennsla hófst hjá nemendum strax á haustönn en þá fór helmingur umsjónarhóps með kennara í tölvustofu á meðan hinn fór á bókasafn til Kristínar. Eftir nokkrar svona vikur þá fór allur hópurinn saman í tölvur.

Þróunarstarf/nýbreytni

Við móttöku á nemendum um haustið mættu nokkrir nemendur í einu og hittu alla þrjá kennara árgangsins og skoðuðu skólastofuna og fengu kynningu á skólastarfinu,

nestistímum o.s.frv. Allir sem komu fengu afhenta stundaskrá og fengu að skoða smiðjuskíptingar.

Vettvangsferðir

- 1. bekkur fór þann 31. mars í Tónlistaskóla Garðabæjar á tónlistardagskrána Fiðurfé og fleiri furðuverur þar sem nemendur fengu að hlusta á tónlist.
- Þann 6. apríl var farið á Árbæjarsafnið og nemendur fengu að sjá gamla tímann þar sem starfsmaður kynnti þeim húsnæðið, fatnað og fleira.
- Vorferðin var farin í Guðmundarlund í Kópavogi með nemendum 2. bekkjar, þar fóru nemendur í leiki og fengu að leika sér í leiktækjunum á staðnum.

Viðburðir og félagslíf

100 daga hátíð var haldin í janúar þar sem farið var m.a. í skruðgöngu um skólann. Covid-19 þrengingar höfðu áhrif á veisluhöldin þar sem bekkirnir máttu ekki blandast nema inni í sal þar sem allir fengu að dansa saman í stuttan tíma. Allir nemendur mættu í náttfötum í skólann, allir fengu 100 góðgæti í kramarhús og voru unnin allskonar verkefni þar sem talan 100 kom við sögu.

Allir umsjónarhóparnir þrír héldu hver um sig eitt bekkjarkvöld í maí, bekkjarfulltrúar stóðu fyrir þeim.

Foreldrasamstarf

Í upphafi vetrar var haldinn haustfundur þar sem fyrirkomulag í 1. bekk var kynnt. Á þessum sama fundi var Margrét Einarsdóttir, aðstoðarskólalastjóri með fræðsluerindi um lestur. Mjög dræm mæting var á fundinn og vantaði því töluvert upp á að foreldrar vissu hvers ætlast væri til af þeim varðandi heimalestur barna sinna. Kennarar settu vikulega inn fréttir á Mentor um starfið í 1. bekk og sendir voru upplýsingapóstar þess á milli ef þörf var á.

Mat á starfi vetrarins

Það mætti íhuga það að hafa skyldumætingu á haustfundinn þar sem mæting var dræm og skilningi foreldra á heimalestri var ábótavant. Veturinn gekk ágætlega miðað við þær þrengingar sem þurfti að vinna eftir vegna Covid-19.

Jónína Edda Sævarsdóttir, Hildur Björk Guðmundsdóttir og Sigurlaug Stefánsdóttir



SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 2. BEKK

Í lok skólaárs í 2. bekk voru 74 nemendur í tveimur hópum. Umsjónarkennarar voru Eva Björnsdóttir, Lára Björg Einarsdóttir, Ragna Jóhannsdóttir og Sólbjörg Harðardóttir. Sérkennarar voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir í íslensku og stærðfræði. Stuðningsfulltrúar voru Marólína Fanney Friðfinnsdóttir og Ómar Smári Sigurgeirsson. Proskabjálfi var Anna Laxdal.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Í árganginum var lögð áhersla á teymisvinnu. Unnið var í hringekjum allan veturinn í öllum námsgreinum. Hringekjur voru unnar þannig að báðum bekkjarhópum var blandað saman og fór kennsla fram í Höllinni. Íslenska var samþætt við samfélags- og náttúrufræðigreinar og einnig voru barnabækur notaðar til innlagnar. Við undirbúning unnu kennarar saman í teymi til að undirbúa hringekjurnar. Smíðjur voru tvisvar sinnum í viku. Námsgreinar í smíðjum voru eftirfarandi: Smíði, textílmennt, heimilisfræði, myndmennt, tölvufærni, forritun og þrautalausnir, leikur að læra, *Hugarfrelsi* og sund.

Uppeldi til ábyrgðar

Unnið var að því að byggja upp góðan bekkjarbrag í árganginum og jákvæð samskipti höfð að leiðarljósi. Unnið var með hlutverk nemenda og hlutverk kennara. Áhersla var lögð á vaxandi hugarfar og lífsleikni. Notast var við aðferðir uppbyggingarstefnunnar við að leysa úr þeim ágreiningsefnum sem upp komu.

Þemaverkefni

Í árganginum var unnið með nokkur þemaverkefni þar sem íslenska var samþætt við náttúru- og samfélagsfræði. Þemaverkefni voru að mestu unnin í hringekjum ásamt því að vinna skapandi verkefni inni í heimastofu. Þau þemaverkefni sem unnin voru má meðal annars nefna vinnu með land og þjóð, árstíðirnar, umferðina, hvali, húsdýr, smádýr og Palla sem var einn í heiminum.



Námsmat/námsaðlögun

Allt námsmat var birt í námsframvindu í *Mentor*. Nemendur voru lestrarprófaðir að hausti og í kjölfarið var nemendum raðað í sérkennsluhópa. Í janúar og maí var allur árgangurinn lestrarprófaður og var notað til þess lesfimipróf fyrir 2. bekk frá *Menntamálastofnun*.

Í íslensku og stærðfræði voru lagðar fyrir kannanir í öllum námsþáttum jafnt og þétt yfir haust- og vorönn og var birt jafnóðum í *Mentor*.

Í skrift voru sögur og vinna nemenda notaðar við námsmat að vori. Í náttúru- og samfélagsfræði voru stuttar kannanir notaðar til að meta þá þætti sem unnið var með úr bókinni *Halló heimur 1*. Í ensku var símat ásamt lokaprófi. Skólafærni var metin í desember og endurmetin í maí.

Upplýsinga- og tæknimennt

Hver hópur í 2. bekk var með fastan tölvutíma í tölvustofunni einu sinni í viku. Þar fengu nemendur fræðslu um vinnulag og vinnubrögð í tölvustofunni. Nemendur lærðu undirstöðuatriði í fingrasetningu og þjálfuðu hana reglulega. Nemendur fengu kennslu í að opna og loka forritum, grunnkennslu í ritvinnslu, s.s. að skrifa texta í *Word*, breyta lettri, setja inn myndir og vista. Tímarnir voru einnig nýttir til þjálfunar í stærðfræði, íslensku, náttúru- og samfélagsfræði í hinum ýmsu gagnvirku forritum sem tilheyra yngsta stigi eða finna má á netinu, s.s. *krakkavefir mms.is*, *KidPix* og *Sebran*.



Nemendur lærðu að leita á vefnum og opna ýmsar gagnlegar vefsíður, s.s. vefsíðu skólans og vef Menntamálastofnunar. Nemendur fengu fræðslu um netöryggi, skjá- og tölvuleikjanotkun, a.m.k. einu sinni á hvorri önn.

Í tölvufærnitímum, sem kenndir voru í smiðjum, var lögð höfuðáhersla á sögugerð og að kenna nemendum á forritið *2 simple/2 create a story*.

Annar bekkur hafði til umráða nítján spjaldtölvur sem notaðar voru í hringekjum, í bekkjarkennslu og í smiðjum, í íslensku, stærðfræði, náttúru- og samfélagsfræði. Einnig var unnið með forritun í Osmo í smiðjum.

Árgangurinn var mjög fjölmennur og spjaldtölvurnar voru ekki nógu margar fyrir einn hóp. Bragarbót varð á því í kringum páskana, en þá bættust við átta spjaldtölvur til viðbótar og nýttust þær mjög vel þar sem þá var komið eitt bekkjarsett.

Þróunarstarf/nýbreytni

Lögð var áhersla á leiðsagnarmat í vinnu nemenda í ritun, hringekjum og heimavinnu. Á sex vikna tímabili var unnið með færnimiðaða hópa í stærðfræði og íslensku og kennsla fór fram í hringekjum þvert á árganginn.

Viðburðir og félagslíf

Skólastarfið var með óvenjulegu sniði vegna Covid-19 og því lítið um stærri viðburði og félagslíf.

Fyrir páska var foreldrum boðið í morgunkaffi í Höllinni. Í apríl fékk árgangurinn leikhúsið 10 fingur í heimsókn með sýninguna *Krakkarnir í hverfinu*, en það eru leikþættir þar sem brúður eru notaðar til að fræða börnin um ofbeldi og mikilvægi þess að börn segi frá ef

Þau hafa upplifað eða orðið vitni að ofbeldi. Í lok apríl var nemendum boðið á tónleika á vegum Tónlistarskóla Garðabæjar.



Vettvangsferðir

Í upphafi skólaárs var farið í fjallgöngu á Úlfarsfellið. Í desember var haldið í vasaljósagöngu að morgni og gengið í myrkrinu að Jötunheimum þar sem börnin léku sér í garðinum. Einnig var farið í jólaferð að skoða jólaljósinn í Hellisgerði í Hafnarfirði.

Í lok skólaárs var farið í vorferð í Guðmundarlund ásamt 1. bekk. Á staðnum var farið í ýmsa leiki og grillaðar pylsur. Farið var með rútu á milli staða. Undir lok annar var farið í hjólaferð með allan árganginn að ylströndinni við Sjálandi. Þar voru veiddir krabbar og smádyr. Auk þessara ferða voru farnar styttri vettvangsferðir í nágrenni skólans.

Mat á starfi vetrarins

Skólastarfið í vetur var ekki alveg hefðbundið þar sem að það var litað af Covid – 19. Fyrirhugað var í upphafi skólaárs að blanda bæði nemendum og kennurum meira en raun varð. Nemendur og kennarar voru því í sömu stofum allan tímann. Okkur tókst þó að hafa blöndum í nemendahópnum með hringekjum og þemaverkefnum. Næsta vetur verður sú breyting á að nemendum verður skipt upp í fjóra bekkjarhópa og verða þeir í aðalbyggingu skólans.

Eva Björnsdóttir, Lára Björg Einarsdóttir, Ragna Jóhannsdóttir og Sólbjörg Harðardóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 3. BEKK

Í 3. bekk voru 76 nemendur, 29 stúlkur og 47 drengir. Umsjónarkennarar voru Bryndís Stefánsdóttir, Elín Margrét Kristinsdóttir, Hafrún Lilja Elíasdóttir og Ingibjörg Sigfúsdóttir. Sérkennarar voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir. Þroskaþjálfari var Ragnhildur Sigurðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Erla Guðmundsdóttir og Davíð Þór Ásgeirsson. Nýbúakennari var Selma Ramdani.



Helstu áherslur árgangsins

Í vetur var áherslan m. a. lögð á Leiðarljós skólans og einkunnarorð þess: virðing, vinnusemi, vellíðan, viska og verkmennt tekin fyrir hvert af öðru. Þar sem hópnum var skipt upp í fasta bekk núna í vetur var lagt upp með að halda jákvæðum brag innan árgangsins með blöndun og koma þannig í veg fyrir ríð á milli hópa. Kennurum fannst mikilvægt að halda áfram hringekju fyrirkomulagi í kennslunni þar sem það styrkir samband kennara við nemendur í árganginum og einnig samband þeirra innbyrðis í árganginum. Vaxandi hugarfarar var haft að leiðarljósi og kennarar stuðluðu að jákvæðu námsumhverfi og hvöttu nemendur til að temja sér jákvætt og uppbyggjandi hugarfarar.

Uppeldi til ábyrgðar:

Í vetur var stuðst við aðferðir Uppeldis til ábyrgðar í daglegu skólastarfi. Lögð var áhersla að nemendur tækju ábyrgð á eigin hegðun og gerðu sér grein fyrir hvaða áhrif þeirra framkoma hefur á aðra og að hver og einn þurfi að passa upp á sitt orðspor.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Í haust var árganginum skipt upp í fjóra bekkir í fjórum stofum. Unnið var í hringekjum og var þá öllum nemendum árgangsins blandað saman. Í byrjun var hringekja í íslensku og stærðfræði en eftir takmarkanir vegna Covid-19 var aðeins ein hringekja og var íslenska þar í forgrunni. Endrum og eins var hringekjan blönduð og voru viðfangsefnið þá jafnvel enska, samfélagsfræði og náttúrufræði. Í íslensku voru barnabækur notaðar við innlagnir og einnig textar og orðaforði tengd viðfangsefnum í samfélags- og náttúrufræðigreinum. Kennarar leituðust við að hafa kennsluhætti fjölbreytta og var lögð áhersla á að hafa hlutbundin verkefni í öllum námsgreinum. Við undirbúning unnu kennarar saman í teymi og hittust reglulega til að undirbúa hringekjurnar. List- og verkgreinar voru tvisvar sinnum í viku. Námsgreinar í list- og verkgreinum voru eftirfarandi: Smíði, textílmenn, heimilisfræði, myndmennt, tölvufærni, eðlisvísindi, Leikur að læra, Hugarfrelsi og sund.



Þemaverkefni

Í samfélags- og náttúrugreinum voru unnin þemaverkefni og voru nemendur mjög áhugasamir. Risaeðluverkefni var unnið á haustönn þar sem lögð var áhersla á samvinnu og sköpun nemenda. Nemendur unnu ýmis verkefni bæði tengd íslensku og stærðfræði, einnig bjuggu nemendur til veggspjöld byggð út frá hugarkortum. Að lokum teiknuðu þau og máluðu stórar risaeðlur. Á vorönn var unnið hópverkefni um himingeiminn þar sem nemendur söfnuðu upplýsingum um reikistjörnurnar og útbjuggu harmonikkubók með upplýsingum um himingeiminn.

Húsdýrþema var tekið þar á eftir þar sem nemendur kynntu sér húsdýrin m.a. einkenni, búsvæði og nytjar. Einnig var smádýrþema í lok skólaárs þar sem nemendur lásu sér til og unnu ýmis verkefni um smádýr. Öll þemaverkefni voru samþætt við aðrar námsgreinar s.s. íslensku, stærðfræði og ensku.



Námsmat/námsaðlögun

Allt námsmat var birt í *Mentor*. Samkvæmt lestrarstefnu skólans voru allir nemendur lestrarprófaðir í *Lesfimi* í september, janúar og maí. Nemendur sem ekki náðu viðmiðum voru prófaðir oftari og í kjölfarið var þeim raðað í stuðningshópa.

Í íslensku var lagt fyrir lesskilningsprófið *Orðarún* að hausti og að vori. Einnig voru miðsvetrar- og vorpróf í íslensku þar sem prófuð voru atriði skv. námsmarkmiðum í *Mentor*. Í skrift og ritun voru lögð fyrir ritunarverkefni að vori, einnig voru sögubækur nemenda notaðar við námsmat. Kennarar útbjuggu miðsvetrar- og vorpróf í stærðfræði.

Færni nemanda í ensku var metin með símati. Skólafærni var metin í janúar og endurmetin í maí. Námsfni og námsmat var aðlagð þeim nemendum sem voru á einstaklingsnámskrá. Það var gert í samráði við þroskajálfa og sérkennara.

Upplýsinga og tæknimennt



Þriðji bekkur hafði til umráða 30 spjaldtölvur sem notaðar voru í hringekju og inni í bekk, í íslensku, ensku og stærðfræði. Appið Osmo var notað í kennslu þar þjálfuðu nemendur meðal annars rökhugsun, forritun og fínhyrfingar. Í náttúru- og samfélagsgreinum var notast við spjaldtölvur og tölvur í tölvustofu til að leita að upplýsingum og skoða fræðsluefni. Nemendur fóru í tölvustofu einu sinni í viku þar sem unnið var í fjölbreyttum forritum og fingrafimi. Hluti nemenda og kennara tók þátt í prófun á nýjum stærðfræðileik fyrir spjaldtölvur, sjá nánar í kafla um þróunarstarf og nýbreytni.

Þróunarstarf/nýbreytni

Gerð var algjörlega ný kennsluáætlun í stærðfræði þar sem tekið var í notkun nýtt námsefni, *Stærðfræðispæjarar 3*, sem notað var við innlagnir. Tveir kennarar og tveir bekkir tóku þátt í prófun fyrir Háskólann í Reykjavík á nýjum stærðfræðileik *Evolytes* sem er hvoru tveggja app fyrir spjaldtölvu og námsbók.

Covid-19

Takmarkanir frá yfirvöldum vegna Covid-19 höfðu áhrif á verklag t.d. féllu niður hringekjur og voru bekkir meira hver í sinni bekkjarstofu. Hins vegar voru það veikindi og sóttkví hjá starfsfólki og nemendum sem komu í veg fyrir að hægt væri að halda óbreyttri áætlun í kennslu, þar sem oft var aðeins helmingur nemenda í árganginum mættur í skólann.

Vettvangsferðir

Hópnum var boðið á bókasafn Garðabæjar þar sem nemendur fengu fræðslu um mikilvægi myndskreytinga og sögupersóna í bókum. Í desember var farið í vasaljósaöngu og bauð bekkjarsjóður upp á heitt kakó og súkkulaðiköku á eftir. Einnig var þegið boð á tónleika í Tónlistaskóla Garðabæjar að hlýða á tónlistardagskránna *Fiðurfé og fleiri furðuverur*. Farið var á Hönnunarsafn Íslands á sýninguna *Sund*. Vorferð var farin að Bjarteyjarsandi í Hvalfirði þar sem nemendur skoðuðu dýrin og fjöruna. Boðið var upp á grillaðar pylsur í lok ferðar.

Viðburðir og félagslíf

Nemendur tóku þátt í útgáfuhófi fyrir *Stærðfræðispæjara 3*, þar sem öllum var boðið upp á ís. Í kringum hrekkjavöku var mikið skreytt, nemendur og kennarar mættu í búningum og unnin voru verkefni tengd hrekkjavöku. Haldin var kósídagur þar sem allir mættu í kósí fötum og var boðið upp á candýfloss.

Eitt bekkjarkvöld var í öllum bekkjum yfir árið sem var heldur minna en vanalega vegna Covid-19. Rafrænn upplestur var í desember en þá las Ari Hlynur úr bók sinni *Þegar stúfur bjargaði jólinum*. Rithöfundurinn Bjarni Fritzson bauð upp á rafrænan upplestur en þar las hann úr báðum nýju bókunum sínum um *Orra óstöðvandi og Sölku*.

Mat á starfi vetrarins

Kennarateymið er ánægt með samstarf vetrarins. Þarft var að minnka nemendafjölda í hverjum hópi með því að fá fjórða umsjónarkennarann í teymið. Skipting í hópa tókst vel og tókst að halda góðum brag á hópnum. Gott var að kennarar fóru inn til hvers annars að hjálpa til við lestur og annað.

Bryndís Stefánsdóttir Elín Margrét Kristinsdóttir, Hafrún Lilja Elíasdóttir og Ingibjörg Sigfúsdóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 4. BEKK

Skólaárið 2021-2022 voru 77 nemendur í 4. bekk í fjórum bekkjum. Umsjónarkennarar voru Anna Ágústa Hauksdóttir, Ágústa Kristín Steinarsdóttir, Bryndís Björk Svavarsdóttir og Hildur Helga Kristjánsdóttir. Sérkennarar árgangsins voru Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og Ólöf Harpa Gunnarsdóttir. Þroskaþjálfari var Ragnhildur Sigurðardóttir. Stuðningsfulltrúar voru Anna María Snorraddóttir, Gissur Hrafn Gíslason, Magnús Anna Arnardóttir, Alexander Már Patreksson, Davíð Þór Ásgeirsson og Dagur Hringsson.

Helstu áherslur árgangsins í námi og starfi

Helstu áherslur í náminu í vetur miðuðu að því að nemendur öðluðust færni í góðum vinnubrögðum, samskiptum og að halda þeim góðu félagslegu tengslum sem var lagt upp með árinu áður. Einnig var vaxandi hugarfar og uppeldi til ábyrgðar haft að leiðarljósi í starfi. Áhersla var lögð á að efla sjálfstæði í vinnubrögðum, samvinnuhæfni og vandvirkni.

Uppeldi til ábyrgðar

Gerðir voru bekkjarsáttmálar, unnin verkefni um hlutverk nemenda og kennara og lögð áhersla á góð samskipti. Unnið var með verkefni og hugmyndir úr bókinni *Verkfærakistan* eftir *Vöndu Sigurgeirsdóttur*. Bekkjafundir voru haldnir reglulega og farið yfir leiðir til friðar og sátta.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Kennsluhættir voru fjölbreyttir þar sem miðað var við að námið væri bóklegt, hlutbundið og leiðbeinandi. Kennsluhættir miðuðust við innlagnir, umræður, sjálfstæða vinnu, hópavinnu, paravinnu, athuganir, munnleg og skrifleg verkefni og þrautalausnir. Markmið voru höfð sýnileg nemendum og námsveggir uppfærðir reglulega. Vaxandi hugarfar var haft að leiðarljósi og kennarar stuðluðu að jákvæðu námsumhverfi og hvöttu nemendur til að temja sér jákvætt og uppbyggjandi hugarfar.

Samþætting námsgreina var í þemaverkefnum og upplýsingatækni. Vegna *Covid-19* var ákveðið að fækka hringekjum tímabundið. Virkt hópastarf var allan veturinn innan bekkja. Samstarf kennara gekk vel og voru þeir samstíga í kennslu og undirbúningi.

Þemaverkefni

Þemaverkefni vetrarins voru: *Íslenskir þjóðhættir*, *Vefurinn hennar Karlottu*, *Eldgos*, *Trúarbrögð* og *smádýr*.

Námsmat

Námsmat var breytilegt eftir námsgreinum og metið eftir hæfniviðmiðum. Í stærðfræði voru lögð fyrir kaflapróf úr *Sprota 4A*, og *4B* reglulega yfir annirnar og lokapróf lögð fyrir í desember og maí. Í íslensku voru lögð fyrir próf í lesfimi, lesskilningi, málfræði, ritun og stafsetningu. Lokapróf voru lögð fyrir í lok hvorrar annar. Í ensku var lokapróf að vori en yfir árið var símat. Í samfélags- og náttúrugreinum voru metin verkefni, virkni og áhugi.

Námsmat var skráð í námsframvindu í *Mentor*. Sérkennarar aðstoðuðu við prófatöku þegar á þurfti að halda.

Upplýsinga- og tæknimennt

Nemendur fengu fræðslu um netöryggi reglulega yfir skólaárið. Á vorönn voru nemendur kynntir fyrir *Cromebook* tölvum og *Google-svítunni*. Nemendur unnu verkefni í ýmsum forritum eins og *Book Creator*, *Auto draw*, *Stop-motion*, og *Google docs*. Fingrasetning var þjálfuð með *Fingrafimi* og *Typing.com*. Nemendur fengu einnig kennslu í forritun í smiðjum.

Þróunarstarf/nýbreytni

Unnið var áfram með *Uppeldi til ábyrgðar* en vegna *Covid- 19* þurfti að finna nýjar lausnir. Það má segja að það hafi verið nýbreytni í sjálfu sér og mikill lærdómur í því falinn.

Vettvangsferðir/útikennsla

Á haustönn var farið í gróðursetningarferð í *Smalaholt* í landi *Skógræktar Garðabæjar*. *Tónlistarskóli Garðabæjar* bauð nemendum á tónleika. Farið var í gönguferðir þar sem nærumhverfi skólans var skoðað m.a. að Vífilsstaðavatni. Fyrir jólin var farið í *Hellisgerði* og miðbæ *Hafnarfjarðar*. Hönnunarsafn Íslands var heimsótt og einnig *Bókasafn Garðabæjar*. Farið var í fjöruferð í tengslum við Smádýrapema. Vorferðin var farin í *Byggðasafnið að Görðum á Akranesi*.

Viðburðir og félagslíf

Vegna Covid-19 var lítið um viðburði framan af skólaárinu. Allir náðu þó að halda bekkjarkvöld/hitting á vorönninni. *Litla upplestrarkeppnin* (hátíðin) fór fram á sal skólans og var foreldrum og forráðamönnum boðið.

Mat á starfi vetrarins

Eins og áður hefur komið fram hefur samstarf kennara gengið vel og tókst vel að aðlagastarfið miðað við aðstæður í samfélaginu. Vel gekk að halda góðum félagslegum tengslum nemenda innan árgangsins.



Anna Ágústa Hauksdóttir, Ágústa Steinarsdóttir, Bryndís Björk Svavarsdóttir og Hildur Helga Kristjánsdóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 5. BEKK

Nemendur í 5. bekk voru alls 91 í fjórum umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Anna Ýr Sveinsdóttir, Anna Þóra Jónsdóttir, Rósa Björk Guðnadóttir og Svava Bjarkadóttir. Á vordögum tók Magnús Grétar Kjartansson við af Svövu þegar hún fór í fæðingarorlof.

Sérkennsla var í íslensku og um hana sáu Valgerður Gísladóttir og Hildur Birkisdóttir. Um stærðfræðikennsluna sáu: Anna Þóra Jónsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Hildur Birkisdóttir, Hrönn Kjærnested, Ólöf Harpa Gunnarsdóttir, Rósa Björk Guðnadóttir og Svava Bjarkadóttir. Um enskukennslu sáu: Anna Ýr Sveinsdóttir, Rósa Björk Guðnadóttir og Svava Bjarkadóttir.

Helstu áherslur árgangsins

Nokkur viðbrigði eru fyrir nemendur að færast í eldri deild, áherslur breytast og viðfangsefni þyngjast. Mikil áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Leitast var við að þjálfar nemendur í vinnubrögðum sem henta í vinnu eldri bekkja og að skipuleggja vinnu sína. Töluvert var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt, ýmist í Chromebook-tölvum eða spjaldtölvum árgangsins sem tengdust Google-svítunni. Unnið var markvisst að því að bæta lestrarhraða með mínútulestri og heimalestrarverkefnum allan veturinn. Einnig var unnið á fjölbreyttan hátt með lesskilning.

Uppeldi til ábyrgðar

Byrjað var á innleiðingu Uppeldis til ábyrgðar. Nemendur voru kynntir fyrir grunnþörfunum fimm og þarfagreiningunni. Nemendur unnu spurningalista og fundu út sínar grunnþarfir. Afraksturinn var síðan hengdur upp í stofunni.

Í upphafi skólaárs voru línurnar lagðar með bekkjarsáttmála sem gerðir voru í hverjum bekk. Farið var í *mitt og þitt hlutverk*, hvað var gott við bekkinn og hvað mætti laga.

Kennsluhættir/skipulag kennslu

Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk eins og venja er. Árganginum var skipt í sjö hópa í smiðjum. Auk hefðbundinna list- og verkgreina var kennt: sund, tölvufærni, ritun, eðlisvísindi og forritun. Kennt var í lotum yfir árið í samfélagsgreinum og náttúrufræði sem gefur aukna möguleika á fjölbreyttari og skapandi verkefnum sem krefjast rýmri tíma. Unnin voru margs konar verkefni í þessum greinum og töluvert var um hópavinnu. Stærðfræði var kennd í sjö færnimiðuðum hópum þar sem vinnuhraði og áherslur tóku mið af stöðu hópsins.

Almennt voru kennsluhættir fjölbreyttir. Unnin voru verkefni af ýmsum toga s.s. skapandi verkefni, verkefni þar sem notast var við upplýsingatækni, samvinnu- og hópverkefni. Þá fengu nemendur þjálfun í framsögn og tjáningu.

Námsmat/námsaðlögun

Námsmat var nokkuð fjölbreytt og mismunandi eftir námsgreinum. Í samfélagsgreinum, náttúrugreinum, bókmenntum, ljóðum og ensku var námsmat samsett úr mörgum mismunandi þáttum yfir veturinn; hópvinnu, vinnubókum, verkefnaöppum og prófum. Nemendur tóku kannanir og próf á mismunandi hátt, m.a. skriflega og í tölvu. Námsmat í stærðfræði byggðist á könnunum í lok hvers kafla þar sem nemendur fengu leiðsagnarmat og annarpróf sem var fært inn á Mentor í hæfnikort nemenda. Í málfræði var heildstætt próf í lok hvorrar annar. Í stafsetningu og Orðarún (lesskilningur) var stöðumat í janúar og maí. Staða í hraðlestri var metin jafnt og þétt yfir veturinn. Stöðluð lesfimiþróf Menntamálastofnunar voru lögð fyrir og viðmiðin voru orð á mínútu. Lesferill nemenda var síðan settur inn á Mentor í námsmökkur.

Þróunarstarf/nýbreytni

Í árganginum var áhersla lögð á að byggja upp sjálfstæði og samvinnu nemenda.

Nemendur unnu ýmis verkefni í tölvum og kynntu fyrir bekknum. Unnið var með ýmis forrit í kennslunni, aðallega í gegnum Google-svítuna og Book Creator. Covid-19 hafði einhver áhrif á nýbreytni og fjölbreytileika í kennsluháttum til dæmis minni blöndun á milli hópa.

Umhverfisfræðsla/vettvangsferðir

Í tengslum við námsbókina *Víkingaöld* var farið á Þjóðminjasafnið.

Árganginum var boðið á kynningu á sögu jazzins hjá Tónlistarskóla Garðabæjar og einnig var farið í ritunarsmiðju hjá Gunnari Helgasyni í tengslum við Barnamenningarhátíð. Farið var í vasaljóðsöngunni í skammdeginu.

Á vordögum var farið í hjólaferð að Vífilsstaðavatni og þar var nemendum skipt upp í átta hópa og leystar þrautir í anda *Survivor*. Farið var í hina hefðbundnu vorferð á Þingvelli. Þar var tekið á móti hópnum og hann fræddur um m.a. vatn, jarðfræði og sögu staðarins.

Lífsleikni

Haldnir voru bekkjarfundir og unnin verkefni úr verkfærakistu KVAN. Meðal annars unnu nemendur persónulegan áhugasviðsból.

Enska

Bókin *Yes we can* var notuð í orðaforðavinnu. Unnin voru margvísleg verkefni í tengslum við þá bók. Lesskilningsverkefni frá TPT (Teachers pay teachers) sem heita *Once Upon a Crime* og voru þau unnin yfir veturinn. Í málfræði var



bókin *Enskar málfræðiaefingar* A notuð og nemendur unnu ýmis aukahefti og stök verkefni. *Portfolio*-smábækurnar voru nýttar í sjálfstæða vinnu nemenda.

Bekkjarfundir

Haldnir voru bekkjarfundir reglulega í öllum bekkjum og ýmis mál rædd m.a. siðareglur á netinu (SAFT), einelti, jafnrétti, Barnasáttmálinn, skólareglur, hópþrýstingur, bekkjarandi, frímínútur og samskipti almennt.



Foreldrasamstarf

Foreldrasamskipti voru með nokkuð hefðbundnu sniði. Samskipti fóru að mestu fram í gegnum tölvupóst, síma og skilaboð á *Mentor*. Fyrri nemenda- og foreldrasamtöl voru haldin í skólanum en seinni voru rafræn. Hver bekkur hélt eitt bekkjarkvöld og að auki hélt árgangurinn sameiginlega hrekkjavökuskemmtun sem bekkjarfulltrúar héldu myndarlega utan um.

Mat á starfi vetrarins

Fyrstu mánuðir skólaársins fóru í að kynnst nemendum og fyrir þá að aðlagast nýjum áherslum og vinnulagi. Veturinn gekk í heildina litið mjög vel, nemendur þroskuðust mikið og tóku góðum framförum í leik og starfi. Covid-19 hafði mikil áhrif á skólastarfið frá október til mars, þegar árgangurinn lagðist nánast allur í rúmið. Eftir það varð skólastarfið aftur eðlilegt. Viðfangsefni vetrarins sem standa upp úr eru ýmis samvinnuverkefni og heildstæð verkefni í íslensku og samfélagsgreinum.

Anna Ýr Sveinsdóttir, Anna Þóra Jónsdóttir, Rósa Björk Guðnadóttir og Magnús Grétar Kjartansson

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 6. BEKK

Nemendur í 6. bekk voru samtals 83. Þeir voru í fjórum umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Binný Skagfjörð Einarsdóttir, Halldóra Björk Sigurðardóttir, Jóhanna Beck Ingibjargardóttir og Ölrún Marðardóttir. Sérkennsla var í íslensku og um hana sáu Hildur Birkisdóttir og Valgerður Gísladóttir. Umsjónarkennarar sáu um stærðfræðikennslu ásamt Björk Ólafsdóttur og Valgerði Gísladóttur. Enskukennarar voru Binný Skagfjörð Einarsdóttir, Jóhanna Beck Ingibjargardóttir, Heiða Lind Sigurðardóttir, Hildur Birkisdóttir og Ölrún Marðardóttir.

Helstu áherslur árgangsins

Mikil áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Leitast var við að þjálfar nemendur í vinnubrögðum sem henta í vinnu eldri bekkja og að skipuleggja vinnu sína. Töluvert var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt, ýmist í Chromebook tölvum eða spjaldtölvum árgangsins sem tengdust við Google-svítuna. Unnið var markvisst að því að bæta lestrarhraða með mínútulestri og lesskilning með ýmsum verkefnum. Þá var unnið markvisst með hópefli og samvinnu.

Uppeldi til ábyrgðar

Í upphafi skólaárs voru línurnar lagðar með bekkjarsáttmála sem gerðir voru í hverjum bekk. Farið var í *mitt og þitt hlutverk*, hvað var gott við bekkinn og hvað mætti laga.



Kennsluhættir

Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk eins og venja er. Árganginum var skipt í sjö hóp á smíðjum. Auk hefðbundinna list- og verkgreina var þar kennd forritun, myndbandavinnsla, eðlisvísindi, heimildavinna og sund. Kennt var í lotum yfir árið í samfélagsgreinum og náttúrufræði sem gaf aukna möguleika á fjölbreyttari og skapandi verkefnum sem kröfðust rýmri tíma. Unnin voru margs konar verkefni í þessum greinum og töluvert var um hópavinnu. Stærðfræði var kennd í sex færnimiðuðum hópum þar sem vinnuhraði og áherslur tóku mið af stöðu hópsins. Notast var við forritið Kahoot með það að markmiði að gera námsefnið skemmtilegra og vekja áhuga nemenda. Almennt voru kennsluhættir fjölbreyttir og unnin verkefni af ýmsum toga, skapandi verkefni, verkefni

þar sem notast var við upplýsingatækni, samvinnu- og hópverkefni, verkefni þar sem nemendur fengu þjálfun í framsögn o.fl.

Námsmat

Námsmat var nokkuð fjölbreytt og mismunandi eftir námsgreinum. Í samfélagsgreinum, náttúrufræði, bókmenntum, ljóðum og ensku var námsmat samsett úr nokkrum þáttum yfir veturinn; hópvinnu, verkefnum, vinnubókum, verkefnaöppum og prófum. Nemendur tóku kannanir, auk samræmdra kannana, og próf á fjölbreyttan hátt, m.a. skriflega og í tölvu. Námsmat í stærðfræði byggðist á könnunum í lok hvers kafla, haust- og vorprófi. Í málfræði var stórt próf í lok hvorrar annar. Í stafsetningu og lesskilningi var stöðumat í janúar og maí. Staða í lestri var metin jafnt og þétt yfir veturinn. Lesfimiþróf frá Menntamálastofnun voru lögð fyrir í september, janúar og maí og viðmiðin voru orð á mínútu. Nemendur fengu lestrarferil sinn vistaðan inn á Mentor.

Þróunarstarf/nýbreytni

Í árganginum var áhersla lögð á að byggja upp sjálfstæði og samvinnu nemenda. Unnið var með ýmis forrit í kennslunni. Sömuleiðis voru notuð fræðslumyndbönd. Eins fengu nemendur val um að skila verkefnum í landafræði í forritinu Green Screen.

Vettvangsferðir

Það var ýmislegt á dagskrá fyrir veturinn en vegna covid-19 þurfti að færa til og fresta ferðum. Í nóvember fóru nemendur í vinnumorgun í Húsdýragarðinum. Á dagskrá var einnig í heimsókn í Byggðasafnið en aðeins einum bekk tókst að fara, 6. JBI. Vegna Covid-19 varð að fresta þorablótinu. Farið var í göngu- og hjólaferðir í nágrenni skólans, hjólaferð að Vífilsstaðavatni og í heimsókn á slóðir Snorra Sturlusonar í Reykholt. Þar fengum við fræðslu um Snorra og staðhætti í Reykholti.



Árgangurinn fór í heimsókn á Bókasafn Garðabæjar og tóku nemendur þátt í skemmtilegum ratleik um bókasafnið. Tónlistarskólinn bauð okkur í heimsókn á jazzhátíð.

Foreldrasamstarf

Skólinn var lokaður framan af skólaárinu fyrir foreldra vegna Covid-19. Foreldrasamskipti fóru mest fram í gegnum tölvupóst og skilaboð á Mentor og á skipulögðum fundum á vegum skólans. Í október náðist að hitta foreldra í nemenda- og foreldrasamtölum en janúarviðtölin voru rafræn. Í mars og apríl voru bekkjarkvöld hjá öllum bekkjum og var

foreldrum boðið á spilakvöld. Nemendur höfðu fengið sérstaka kennslu í félagsvist og því einstaklega gaman að bjóða foreldrum að koma að spila við þau.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn gekk nokkuð vel, nemendur hafa þroskast mikið og tekið góðum framförum í leik og starfi. Nauðsynlegt er að endurhugsa námsmatið að mati kennara. Það er ekki hægt að breyta en halda samt inni gamla kerfinu líkt og gert er nú. Einnig er ekki hægt að bæta við námsmatið án þessa að taka eitthvað út í staðinn. Það þarf að gera þarfgreiningu út frá sjónarhorni nemenda, þ.e.a.s hvað þeir eru að fá út úr þessu fyrirkomulagi. Upplifun kennara er að nemendur og foreldrar skilji ekki námsmatið nógu vel og þurfi frekari kynningu á því. Lagt er til að vorferð í Reykholt verði endurskoðuð. Þar sem keyrslan að Reykholti tekur langan tíma og of lítill tími til gefst fræðslu og skoðunar. Auk þess er það mat okkar að fræðslan sé ekki að skila sér nægilega vel til barnanna. Lagt er til að vorferð 6. bekkja verði farin á Reykjanesið þar sem hægt er að skoða margt sem tengist námsefni vetrarins auk þess að keyrslan er styttri.



Binný Skagfjörð Einarsdóttir, Halldóra Björk
Sigurðardóttir, Jóhanna Beck
Ingibjargardóttir og Ölrún Marðardóttir

SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA Í 7. BEKK

Nemendur í 7. bekk voru alls 91 í fjórum umsjónarhópum. Umsjónarkennarar voru Ólafur Pétursson, Sverrir Kristinn Kristinsson, Sýlvía Guðrún Eggertsdóttir og Viktoría Ólafsdóttir. Hrönn Kjærnested tók við umsjónarkennslu í 7. VÓ í apríl. Stuðningsfulltrúar voru Melissa G. Haire, Hákon Dagur Oddgeirsson og Selma Ramdani. Stuðningskennsla var í íslensku og um hana sáu Hildur Birkisdóttir og Valgerður Gísladóttir. Stærðfræði og enskukennsla var færnimiðuð og um hana sáu Ólafur Pétursson, Sverrir Kristinn Kristinsson, Sýlvía Guðrún Eggertsdóttir, Hrönn Kjærnested, Viktoría Ólafsdóttir, Hildur Birkisdóttir og Valgerður Gísladóttir.

Helstu áherslur árgangsins

Áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Nemendur hafa fengið þjálfun í allskyns vinnubrögðum og verkferlum síðustu ár og reynt var að nýta þá kunnáttu, bæta nokkru við hana og auka sjálfstæði nemenda við vinnu enn frekar. Töluvert var unnið af verkefnum þar sem upplýsingatækni var nýtt, ýmist í tölvum eða spjaldtölvum. Jafnframt var áhersla lögð á að vinna áfram með

hugarkort og orðaforða. Unnið var töluvert í því að bæta ritun nemenda og fjölbreytt ritunarverkefni unnin; sögur, ritgerðir, útdrættir, endursagnir, bréf, dagbækur o.fl.

Uppeldi til ábyrgðar

Í uppeldi til ábyrgðar var gerður bekkjarsáttmáli í hverjum bekk og farið í mitt og þitt hlutverk o.fl. Haldnir voru bekkjarfundir um hin ýmsu málefni, eins og einelti, netvarnir, siðareglur, tóbak, vímuefni, forvarnir og samskipti almennt. Bókin *Ertu* var tekin fyrir og unnin voru verkefni úr henni. Mikið var rætt um samskipti og hegðun á samfélagsmiðlum.


Kennsluhættir

Umsjónarkennari sá um kennslu í sínum bekk. Í smiðjum voru blandaðir hópar. Kennsluhættir voru mjög fjölbreyttir að mati kennara og námsmat einnig. Nemendur unnu reglulega verkefni sem reyndu á skapandi þætti, upplýsingatækni, ritun, hugtakakort, framsögn, samvinnu o.fl. Nemendur fengu fjölmörg tækifæri til að vinna með öðrum, ýmist í tveggja manna teyðum eða stærri hópum. Þeir unnu einnig oft einstaklingslega að verkefnum eða hlustuðu á samnemendur sína kynna verkefni. Kennarar árgangsins skipulögðu vinnu sína með svipuðum hætti og voru að jafnaði sams konar verkefni unnin í hverjum bekk. Stærðfræðin var unnin í færnimiðuðum hópum, voru sjö hópar þennan veturinn. Enskan var einnig unnin í færnimiðuðum hópum og voru þeir sex þennan veturinn.

Þemaverkefni

Unnið var heildstætt verkefni út frá bókinni *Vítahringur*, sem innihélt fjölbreytt og áhugaverð íslenskuverkefni. Matskvarði var útbúinn sem nemendur fengu í upphafi verkefnavinnunnar. Verkefnið er þannig sett upp að auðvelt er að aðlagja það nemendum sem eiga við námsörðugleika að stríða.

Í upphafi skólaárs var unnið að verkefnum tengdum Vífilsstaðavatni og lauk því verkefni með ferð að Vífilsstaðavatni. Þá var unninn sögurefill í anda *Bayeux*-refilsins upp úr bókinni *Miðaldafólk á ferð*.



Námsmat

Unnið var alfarið út frá hæfniviðmiðum. Námsmat var með fjölbreyttum hætti eins og áður og yfirleitt nokkrir þættir metnir; kannanir, verkefnavinna, hópvinna og vinnubækur. Fjölbreytt verkefnavinna og hópvinna nemenda var metin í nokkrum námsgreinum t.d. *Vítahring*, landafræði og ensku.

Upplýsinga- og tæknimennt

Unnið var að nokkru leyti eftir kennsluáætlun sem til er á sameign skólans en hún er aðlöguð að öðrum námsgreinum og voru margir tölvutímar samþættir öðrum námsgreinum. Google svítan var nýtt í verkefnaskil, einkum í gegnum Classroom. Crome vélarnar voru notaðar ásamt spjaldtölvum. Upplýsinga og tæknimennt fór einnig að miklu leyti fram í smiðjum.

Þróunarstarf/nýbreytni

Heimalestrarverkefni voru unnin og þeim skilað í gegnum *Classroom*. Markmiðið var að gera nemendur sjálfstæðari og ábyrgari fyrir eigin lestrarnámi og veita þeim verkfæri til að taka framförum í lestri og vinnubrögðum.

Vettvangsferðir

Farið var hjólandi í vettvangsferð að Vífilsstaðavatni þar sem Bjarni náttúrufræðingur tók á móti nemendum og fræddi þá um lífríki vatnsins og nágreinni. Að ferðinni lokinni fengu nemendur fiska og sýni í skólann til að kryfja, greina og skoða nánar. Farið var í tvær vettvangsferðir á Hönnunarsafnið á Garðatorgi.

Árgangurinn fór í Vatnaskóg vikuna 3.-6. maí. Gekk sú ferð að mestu vel. Komu nemendur heim reynslunni ríkari. Nemendur unnu síðan ritunarverkefni í skólanum um upplifun sína í Vatnaskógi. Árleg heimsókn í Garðaskóla var farin í maí.

Vorferðin var farin á slóðir Vítahrings í Hvalfirði þar sem grillaðar voru pylsur og farið í fjárhús á Bjarneyjarsandi.

Skemmtanir og félagslíf

Því miður setti Covid-19 svip á skemmtanir og félagslíf nemenda þriðja árið í röð. Árshátíð árgangsins fór fram í lok skólaárs en þá var haldið diskótek fyrir nemendur þar sem plötusnúður sá um fjörið og einnig kom veitingavagn frá Hamborgarabúllunni. Skemmtunin heppnaðist mjög vel og allir fóru glaðir heim.

Foreldrasamstarf

Vegna Covid-19 var mjög takmarkað aðgengi foreldra að skólanum í vetur. Foreldra-og nemendasamtöl fóru fram í skólanum í október, en svo í gegnum *Teams* í janúar.

Mat á starfi vetrarins

Starfið í 7. bekk gekk vel í vetur. Samstarf umsjónarkennara gekk ágætlega, námsáætlanir stóðust og unnu kennarar saman að því að leysa þau vandamál sem upp komu hverju sinni. Ferðin í Vatnaskóg þjappaði hópnum vel saman og styrkti samband á milli kennara og nemenda. Við mælum eindregið með því að þessi ferð sé farin að hausti.

Frönn Kjærnested, Ólafur Pétursson, Sverrir Kristinsson og Sýlvía Guðrún Eggertsdóttir



DANSKA

Kennari: Ester Jónsdóttir

Dönskukennsla hefst í 7. bekk. Markmið kennslunnar er að gera nemendur jákvæða gagnvart tungumálinu og námsgreininni, þannig verður námið áhugaverðara og skemmtilegra fyrir nemendur og kennara. Lögð er áhersla á að kynna Danmörku og menningu landsins. Unnin eru margvísleg verkefni í formi leikja, framsagnar og upplýsingartækni. Kennar eru þrjár kennslustundir á viku.

Kennsluaðferðir

Áhersla var lögð á fjölbreytta kennsluhætti, margvísleg vinnubrögð og skapandi vinnu af ýmsum toga. Hefðbundin bókleg kennsla hefur verið ríkjandi en hún var reglulega brotin upp með spilum, danskri þáttaseríu, leikjum og hópverkefnum ýmis konar þar sem sköpun, framsögn, orðaforði, gleði og upplýsingatækni sameinuðust svo eitthvað sé nefnt.

Helstu viðfangsefni dönskunámsins á fyrsta ári snúa að nemendunum sjálfum og daglegu lífi þeirra. Viðfangsefni eins og líkaminn, litir, tölur, föt, dagarnir, fjölskylda og heimilið eru meðal efnispátta sem teknir eru fyrir í upphafi námsins.

Námsefni

Start lesbók og vinnubók frá Menntamálastofnun. Unnið var með *Start* bókina fram í janúar, einnig voru unnin hlustunarverkefni. Áhersla var lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og hópavinnu. Einnig unnu nemendur með framsögn, orðaforða og upplestur. Síðan voru fjölbreytt verkefni bæði einstaklingsmiðuð og í hópavinnu. Námsáætlanir í dönsku stóðust vel.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kahoot og *Jeopardy* var notað en það er smáforrit til að þjálfa orðaforða. Kennarinn setur inn tengd orð þar sem nemendur þjálfa orðaforða og vinna ýmis verkefni: ritun, þýðingar og að para saman orð. Einu sinni í viku voru sýndir danskir þættir, til að æfa hlustun og orðaforða. Unnin voru verkefni út frá þáttunum á Coogel Classroom.

Þróunarstarf og nýbreytni

Eins og síðasta ár var unnið með *Start* kennslubókina á haustönn. Á vorönn var unnið með ýmis verkefni og orðaforða frá *Start* bókinni bæði einstaklingsmiðuð og í hópavinnu. Einnig var unnið markvisst með verkefni í hringekju og var mikill ávinningur af því. Með þessari nýbreytni voru mun fleiri nemendur virkir í hópavinnu því kennsluhættir voru margvíslegir.

Námsmat

Námsmat var með fjölbreyttum hætti eins og áður. Unnið var alfarið út frá hæfniviðmiðum í mentor. Nemendur tóku tvö próf úr *Start* bókinni einnig hlustunarpróf. Á vorönn fór fram símat. Unnin voru verkefni tengd dönskum þáttum sem sýndar voru og lokamat var í maí þegar unnið var með upprifjun úr námsefni vetrar.

Mat á starfi vetrarins

Námsárangur dönsku er yfir heildina góður, nemendur eru flestir áhugasamir og vinnusamir. Dönskukennslan er fjölbreytt og hefur reynst vel að kennslan sé brotin upp með ýmsum mismunandi verkefnum.

Nemendur hafa öðlast grunnþekkingu í tungumálinu og uppbyggingu þess. Þeir búa yfir nokkrum orðaforða í lok skólaárs og eru jákvæðir og áhugasamir. Nemendur hafa einnig fengið meiri áhuga á Danmörku og danskri menningu.

Ester Jónsdóttir

SKÓLABÓKASAFN

Aðstaða

Góð aðstaða er fyrir kennslu á safninu og er hægt að koma með heila bekk í verkefnavinnu. Sýningartjald og skjávarpi er til staðar, sex hópaborð og 24 sæti. Engar tölvur eru á safninu en þess í stað er hægt að bóka tölvuvagn. Sumar bókahillurnar eru á hjólum sem gefur aukna möguleika á nýtingu safnsins, s.s. fyrir fundi og námskeið. Mjög góð hljóðvist er á safninu.

Starfsfólk

Á safninu starfar einn bókasafns- og upplýsingafræðingur með grunnskólakennara-menntun í 100% starfi sem sér um útlán, aðföng, skráningu, grisjun og umhirðu safnkosts auk annars sem til fellur á safninu. Einnig er nokkuð mikið samstarf við fagfólk skólans, bæði hvað varðar bókakost og uppbrot á safninu.

Safnkostur

Vorið 2022 eru 16.493 eintök skráð á safninu sem skiptist niður í 15.068 bækur og 1.425 eintök af annars konar efni eins og tímaritum, geisladiskum og hljóðbókum. Bókakostur safnsins er mjög góður og fjölbreyttur. Leitast er við að kaupa inn sem mest af nýjum skáldsögum til að viðhalda lestraráhuga nemenda og koma til móts við áhugasvið þeirra. Fræðibókahluti safnsins er góður og styður vel við nám nemenda og er bætt við hann eftir þörfum. Það sama má segja um handbækur og fræðibækur fyrir fagfólk skólans, fylgst er með útgáfu á nýju efni og er það keypt inn þegar þess er óskað.

Starfsemi

Fjöldi lánþega er 609, nemendur og hluti starfsfólks. Á skólaárinu (ágúst-apríl) voru lánuð út 15.883 eintök, tölur fyrir maí eru ekki tiltækar vegna lokunar bókasafnskerfisins í lok maí. Nemendur og starfsfólk nýta safnkostinn vel og ekki er óalgengt að safnið sé að lána út vel á þriðja þúsund eintök á mánuði. Kórónaveirufaraldurinn hafði ekki áhrif á starfsemi bókasafnsins þetta skólaár.

Opnunartími safnsins er frá 8.10-16.00 að jafnaði. Fastir útlánatímar eru frá 8.30-10.30 sem taka mesta kúfinn af útlánaþörf dagsins. Nemendur koma þó yfir allan daginn til að ná sér í lesefni. Sérstakir bókasafnspassar eru fyrir nemendur sem vilja koma á safnið og fékk hver bekkur þrjá slíka til að hafa í kennslustofunni. Með þessu fyrirkomulagi er verið að jafna þann fjölda nemenda sem er á safninu hverju sinni. Þá eru aldrei fleiri en þrír nemendur í einu úr sama bekk. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel.

Sögustund er hluti af smiðjum í 1. bekk og komu nemendur á bókasafnið einu sinni í viku í 20 mínútur í senn, alls fimm – sex skipti. Í sögustundinni er stutt saga lesin og lögð áhersla á að skapa rólega og notalega stemmningu svo að nemendur geti lifað sig inn í söguna. Skemmtilegar og góðar umræður eiga sér oft stað. Eftir sögulestur fá nemendur tíma til að skoða og lesa bækur.

Heimildaverkefni er hluti af smíðjum í 6. bekk og komu nemendur á bókasafnið einu sinni í viku 80 mínútur í senn, alls fjögur - fimm skipti. Nemendur lærðu um höfundarrétt og ritstuld og að gera heimildaskrá eftir APA skráningarreglunum. Rætt var um áreiðanleika heimilda og mikilvægi þess að vanda val þeirra. Nemendur unnu stutt heimildaverkefni þar sem þeir æfðu sig í að gera heimildaskrá og tilvísun í heimild.

1. bekkur kom á stutt námskeið í safnfræðslu þar sem bókin *Mýsla sýslar á skólasafni* var unnin af miklum áhuga. Þar lærðu nemendur ýmsar reglur um umgengni við safn og safnkost, s.s. meðferð bóka, hvernig á að fletta blaðsíðum, hvernig snyrtilegar hillur líta út og umgengni við bækur, þ.e. að vera hreinn á höndum og ganga frá bókum á sinn stað. Miklar og góðar umræður sköpuðust. Hálfur bekkur var á safni og hálfur bekkur í tölvustofu með umsjónarkennara. Hver hópur kom í fjögur skipti.

Sundhópar í 2. bekk koma á safnið einu sinni í viku að sundtíma loknum og eru þar fram að frímínútum, í u.þ.b. 20 mínútur. Nemendur lesa og skoða bækur, lögð er áhersla á rólegheit.

Stuðningskennsla fór fram á safninu í nokkrar kennslustundir á viku.

Hofsstaðaskólaleikarnir eru fastur liður í skólastarfinu og tekur safnið að sjálfsögðu þátt í þeim. Í ár fólst verkefni nemenda í villuleit, þ.e. að finna fimm villur.

Í desember komu nemendur úr 1. - 4. bekk í heimsókn á safnið til að hlusta á jólasögu. Þessar stundir eru alltaf ánægjulegar og skemmtilegar þegar kominn er smá jólafiðringur í nemendur.

Á öskudag býður safnið upp á rólegheit, þar sem nemendur geta komið og lesið bækur/tímarit eða teiknað. Í ár var sérstaklega boðið upp á að skoða lyftimynda- og flipa bækur.



Lestrarhvetjandi verkefni eru þáttur í starfsemi safnsins og voru þau eftirfarandi á skólaárinu:

- *Drekaklúbbur* er starfræktur á safninu. Nemendum í 2.-7. bekk stendur til boða að ganga í klúbbinn. Í drekaklúbbnum geta nemendur lesið bækur í fimm þyngdarflokki. Nemendur velja flokk sem hentar þeirra lestrargetu. Í drekaklúbbnum eru bækur þar sem drekar koma á einhvern hátt við sögu. Nemendur fá viðurkenningu eftir hvern flokk. Meiri áhugi er meðal yngri nemenda. Fyrirhugað er að endurskoða fyrirkomulag klúbbsins og aðlaga hann að þeim lesendahópi sem sýnt hefur honum áhuga.
- *Bókaklúbbur Astridar Lindgren* var stofnaður að frumkvæði tveggja stúlkna í 4. bekk. Þar geta nemendur valið um þrjá flokka til að lesa, *Kátir krakkar* (myndabækur), *Börnin í Ólátagarði* (léttlestrarbækur) og *Bókabráll* (skáldsögur, bókabingó). Í fyrstu tveimur flokkunum fá nemendur að velja sér mynd í verðlaun en fyrir bókabingóið fá nemendur viðurkenningarskjal. Nokkrir nemendur hafa tekið þátt og fengið myndir í verðlaun.
- Árlega stendur Borgarbókasafnið fyrir *Bókaverðlaunum barnanna*. Gefið var út veggspjald sem inniheldur myndir af öllum barna- og unglingabókum sem gefnar voru út árið 2021. Þeim nemendum sem áhuga hafa býðst að velja eina til þrjár bækur af veggspjaldinu, bækur sem þeim finnst skemmtilegar, áhugaverðar eða bestar. Þátttökuseðlar eru á safninu. Þetta verkefni er unnið í samvinnu við Bókasafn Garðabæjar sem tekur saman niðurstöður yfir hvaða bækur fengu flest atkvæði hjá börnum í Garðabæ auk þess að veita þremur heppnum þátttakendum bókaviðurkenningu, en Borgarbókasafnið tekur saman niðurstöður fyrir landið í heild. Kosið er um 10 efstu bækurnar í hvorum flokki, þ.e. eftir íslenska höfunda eða erlenda höfunda, á KrakkaRúv og eru *Bókaverðlaun barnanna* afhent á *Sögur – verðlaunahátíð* barnanna.
- Bókasafnið setti upp *Lestrarvegg* fyrir framan safnið, tilgangur hans er að vekja athygli og áhuga nemenda á lestri og ýmsu er honum tengist. Þar má finna tilvitnanir í rithöfunda, lestrarhvetjandi veggspjöld frá IBBY, heimgærð veggspjöld með slagorðum og lestrarhvatningu. Lestrarveggurinn á að vera breytilegur og á hann má fara alls konar fróðleikur og efni tengt lestri. Lestrarveggurinn er í þróun og verður betur kynntur fyrir kennurum á næsta skólaári.

Bókasafnskerfi

Bókasafnskerfinu Gegni var lokað 31. maí og var frá þeim degi ekki hægt að vinna í kerfinu. Um miðjan júní verður nýtt bókasafnskerfi tekið í notkun á Íslandi. Starfsfólk skólasafna fer á námskeið í haust til að læra á nýja kerfið.

Bókaskil

Á vorin þegar skóla lýkur eiga nemendur að skila inn öllum bókasafnsbókum sem þeir eru með í láni. Síðasti útlánadagur var 23. maí og síðasti skiladagur var 25. maí. Allra síðasti dagurinn til að skanna inn skil var 30. maí. Óskað var eftir því við kennara að vera fyrr á ferðinni að rukka inn bækurnar þar sem bókasafnskerfinu yrði lokað 31. maí.

Umsjónarkennarar fengu útlánalista fyrir sinn bekk og gerðu sitt besta til að hvetja nemendur til að standa í skilum.

Við skólalok var nokkur fjöldi bóka í vanskilum, 33 bækur í yngri deild og 73 bækur í eldri deild. Það er sérstaklega bagalegt þegar nemendur sem eru að hætta í skólanum skila ekki bókum, reynslan hefur sýnt að þær bækur skila sér sjaldnast til baka. Í vor voru betri skil í 7. bekk en undanfarin ár, en alls 15 bækur skiluðu sér ekki. Það er vont fyrir safnið að tapa þessum bókum úr safnkostinum, auk þess er það ákveðið fjárhagslegt tjón fyrir skólann.

Leiðarljós

Skólasafnið á að vera áhugaverður, lifandi og skemmtilegur staður sem er mikið notaður af kennurum og nemendum. Kennarar eru ávallt velkomnir á safnið með nemendum sína.

Kristín H. Thorarensen



SMIÐJUR

Nemendur í 1.-7. bekk fá kennslu í list- og verkgreinum og ýmsum öðrum greinum í 11-14 manna hópum. Kennt er í lotum og skipta nemendur um námsgrein 5-7 sinnum á vetri. Smíði, textill, myndmennt og heimilisfræði er kennd í lotum í 2.-7. bekk í 80 mínútur tvisvar í viku og einu sinni í viku í 1 bekk. Sund er einnig í lotum hjá þessum árgöngum nema 4. bekk þar sem hverjum bekk er skipt í tvo hópa og fer hver hópur í sund einu sinni eina kennslustund á viku allan veturinn. Auk þess fá hópar úr 1., 2., 3., 5. og 6. bekk, 1x40 mínútur í sund í lok skóladags. Í 1. bekk eru smiðjulotur í 60 mínútur. Í öðrum árgöngum 80 mínútur. Fleiri greinar koma inn í smiðjuskipulag, sjá töflu hér fyrir neðan. Tónmennt er kennd í eina stund á viku í 1. - 6. bekk. Í 7. bekk er tónmennt í smiðjum.

Yfirlit yfir skiptingu námsgreina í smiðjum

Námsgrein	1. b	2. b	3. b	4. b	5. b	6. b	7. b
Enska				1			
Eðlisvísindi	1,5	1	1	1	2	2	
Bókasafn	0,5	0,5					
Forritun			1	1	2	2	2
Heimilisfræði	1,5	4	4	4	4	4	4
Heimildavinna bókasafn						2	
Hugarfrelsi/vináttupjálfun	1,5	1					
Jafnréttisfræðsla							
Leiklist				1			
Leikur að læra			1				
Lesskilningur				1			
Myndmennt	1,5	4	4	4	4	4	4
Námstækni							
Náms- og starfsfræðsla							2
Ritun					2		
Smiði	1,5	4	4	4	4	4	4
Stærðfræðiþrautir				1			
Textílmennt	1,5	4	4	4	4	4	4
Tónmennt							2
Tölvufærni	1	1			2	2	2
Leiðtogafærni			1				
Sund	3	3	3,5	1	4	4	3
Þrautalausnir	1,5	1					

HEIMILISFRÆÐI

Björk Ólafsdóttir kenndi 3., 4., 5. og 6. bekk, Guðrún Pálsdóttir kenndi 1., 2. og 7. bekk.

Helstu markmið

Aðalnámskrá grunnskóla er höfð til hliðsjónar í kennslunni. Helstu markmið eru:

- að nemendur kunni skil á fæðuhringnum og borði fjölbreytta og holla fæðu
- að nemendur skilji að góðar neysluvenjur hafa áhrif á heilsuna
- að nemendur átti sig á því að hreinlæti við matargerð er mikilvægt
- að nemendur geti mælt með desilítramáli og mæliskeiðum
- að nemendur kunni að nota eldhúsáhöld á viðeigandi hátt
- að nemendur geti þvegið upp og gengið frá eftir sig
- að nemendur temji sér góða siði
- að nemendur þekki umhverfisvænar umbúðir og mikilvægi flokkunar
- að nemendur séu meðvitaðir um umhverfi sitt

Uppbygging kennslunnar

Í ár komu nemendur í 1. bekk einu sinni í viku í 60 mínútur en aðrir árgangar komu tvisvar sinnum í viku í 80 mínútur. Stöðugt er byggt ofan á fyrri þrep í náminu. Það sem nemendur læra í 1. bekk er í fullu gildi í 7. bekk. Verkefni verða flóknari og nemendur eldri bekkja gera mest allt sjálfir annað hvort í para eða einstaklingsverkefnum. Yngstu nemendurnir vinna að mestu í hópavinnu með kennara, sérstaklega þegar hóparnir eru fjölmennir. Lögð er áhersla á að nemendur nýti sér allt sem þeir kunna og hafa lært við vinnu sína.

Kennsluaðferðir

Munnleg innlögn og skrifleg markmið (SKÍN) er í hverjum tíma í öllum árgöngum. Sýnikennsla er í flestum verkefnum. Nemendur vinna mest í hópum, tveir til þrír saman, en stundum einir. Verklegr kennsla er í fyrirrúmi. Í 1. bekk eru tveir bóklegir tímar af 6-8 kennslustundum. Kennt er í 60 mínútur í hvert skipti. Í 2. bekk eru fjórir til sex bóklegir tímar af tuttugu og tveim til tuttugu og fjórum kennslustundum. Í 3. bekk eru fjórir bóklegir tímar af átján til tuttugu kennslustundum. Í 4. bekk eru fjórir bóklegir tímar af tuttugu og tveimur til tuttugu og fjórum kennslustundum. Í 5. bekk eru tveir til fjórir bóklegir tímar af átján til tuttugu kennslustundum. Í 6. bekk eru fjórir bóklegir tímar af átján til tuttugu kennslustundum. Í 7. bekk eru tveir til fjórir bóklegir tímar af átján til tuttugu kennslustundum.

Námsefni/gögn

Námsefni fyrir heimilisfræði fyrir 1.–7. bekk og Næringarfræði matvæla útg. Menntamálastofnun. *Fæðuhringurinn* útg. Lýðheilsustofnun. *Krossgátur, Námsefni fyrir heimilisfræði fyrir 1.–7. bekk.* Næringarfræði og þekking matvæla tengd m.a. námsaðferðinni *Orð af orði* þar sem lögð er áhersla á að byggja upp orðaforða. Verkefni af vef: honnuhus.is, snarlid.is og ýmis myndbönd s.s. matarþættir fyrir börn o.fl. tengt matargerð og öðru sem tengist heimilisfræði.



Námsmat

Námsmatið er hæfnimiðað og er merkt við frammistöðu nemenda í námsframvindu í *Mentor*. Í upphafi hverrar námslotu eru nemendur upplýstir um hæfniviðmið sem unnið er eftir. Þau eru síðan metin í lok hverrar námslotu. Í lok hverrar kennslustundar eru helstu hæfniviðmið tímans dregin saman og metin.

Nýbreytni

Nemendur í 1.-2. bekk voru 10-12 í hópi. Í 3. bekk voru nemendur 12-13 í hópi. Í yngri deildum vinnur helmingur hópsins að hluta til verklegt verkefni undir leiðsögn kennara á meðan hinn helmingurinn vinnur sjálfstætt í vinnubókum. Svo er skipt um hlutverk.

Markmiðssetning þróunarverkefnisins SKÍN heldur áfram í öllum árgöngum og gengur mjög vel. Í hverri kennslustund eru hæfniviðmið kennslustundar sýnileg nemendum annað hvort á töflu eða af myndvarpa. Nemendur vita þannig í byrjun hverrar kennslustundar til hvers er ætlast af þeim.

Covid-19

Vegna Covid-19 féll niður þorrablot 6. bekkinga. Einnig þurfti að hagræða og breyta verkefnum vegna smíðarættu og sóttvarna í nokkrar vikur vegna Covid-19.



Húsnæði

Almenn ánægja er meðal nemenda og kennara með kennsluaðstöðuna. Eldhúsið er bjart og notalegt og hægt er að lofta vel út með því að opna svalahurð.

Mat á starfi vetrarins

Veturinn hefur gengið vel. Covid-19 hafði áhrif á kennslu að einhverju leiti eins og á nálægð og samveru kennara með nemendum. Sóttvarnir og loftgæði voru eins góð og hægt var við þessar aðstæður. Hegðun nemenda er almennt góð og þeir sýna náminu yfirleitt mikinn áhuga. Hópar nokkurra bekkjardeilda eru þó fjölmennir og þar vill stundum

vera erfitt að fá nemendur til að fara að fyrirmælum. Ef nemendur eru 14 í hópi verða talsverð þrengsli þar sem kennslueldhúsið er hannað fyrir 14 nemendur að hámarki. Í vetur voru stuðningsfulltrúar með í nokkrum hópum. Þegar nemendur eru 10-12 í hópi þá er meiri tími á hvern nemanda og hægt að sinna þeim betur ásamt því að gera meiri kröfur á hvern og einn. Verkefnaval virðist höfða vel til nemenda og eru þeir að hluta til hafðir með í ráðum sérstaklega í efri bekkjum.

Annað

Mikil áhersla er lögð á flokkun á öllu sem til fellur í kennslueldhúsi og reynt að hafa sem minnst af óflokkanlegum úrgangi. Þessi vinna er mjög sýnileg nemendum. Einnig fer fram fræðsla um muninn á endurnýtingu og endurvinnslu. Vegna almennrar umræðu um umhverfismál og áhrif Covid-19 í samfélaginu er reynt að fá nemendur til að vera meðvitaðir um sinn þátt og getu til að bæta umhverfið. Áhersla er lögð á fæðuhringinn og að nemendur þekki og skilji tilgang hans. Einnig er rætt um matarsóun og að hver og einn þarf að leggja sitt af mörkum.

Björk Ólafsdóttir og Guðrún Pálsdóttir

MYNDMENNT

Kennarar: Sigríður Anna E. Nikulásdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir

Kennsluhættir og skipulag

Myndmennt hefur verið kennd í hringekju líkt og aðrar verklegar greinar. Nemendur hafa mætt tvisvar sinnum í viku, tvo tíma í senn, í 9-11 skipti, eftir stærð árgangsins en nemendur í 1. bekk mættu einu sinni í viku í vetur, klukkutíma í senn. Það eru 11-15 nemendur í hverjum hóp og einstaka nemendur hafa stuðning inni í tíma og eru einstaklingsmiðuð verkefni sem eru aðlöguð að þeirra getu.



Í Hofstaðaskóla skiptist myndmenntakennsla milli tveggja kennara og gengur samvinnan vel. Kennslunni er skipt eftir árgöngum þannig að kennararnir eru ekki að kenna sömu verkefni. Kennarar hittast reglulega á fagfundum og bera saman bækur sínar. Kennsluhættir eru líka með svipuðu sniði í öllum árgöngum. Fyrsta kennslustundin byrjar yfirleitt á innlögn og samtali við nemendur þar sem farið yfir verkefni smiðjunnar, efni og áhöld. Kennari hefur áhersluatriði og lýsingar á smiðjunni uppi á töflu og eru markmiðin sýnileg fyrir nemendum. Hann kemur jafnframt með dæmi, sýnishorn og fer yfir verkefnið með ýmsum leiðum t.d. með sjávarpa, listaverkabókum, kennslumyndböndum eða umræðu. Við tekur svo leiðsagnarnám þar sem hver nemandi vinnur á sínum hraða og kennari gefur einstaklingsmiðaða endurgjöf.

Nám: áætlanir og mat

Námsáætlanir eru til fyrir alla árganga og kennurum tókst vel að halda áætlunum. Eitthvað rask varð á smiðjum í 7. bekk þar sem Reykjaferð þeirra datt niður en var svo bætt upp með ferð í Vatnaskóg síðar. Í kennslunni er stuðst við símat.

Verkefni og áherslur

Nemendur og kennarar hafa nýtt sér tæknina mikið í vetur. Í myndmenntanáminu er lögð áhersla á fjölbreytt vinnubrögð og tækni. Nemendur hafa fræðst um ýmsa listamenn og listastefnur. Þeir listamenn sem nemendur hafa sérstaklega kynnst eru: Leonardo, Picasso, Andy Warhol, Kjarval, Louisa Mattiasdóttir, Van Gogh, Erró og fleiri.



1. bekkur

Í fyrsta bekk koma nemendur einu sinni í viku, klukkutíma í senn. Alls sex eða sjö sinnum. Í fyrsta bekk læra nemendur að umgangast myndmenntastofuna, þau læra að beita helstu áhöldum stofunnar, læra um frumlitina og hvernig má beita þeim, um grunnformin og möguleika þeirra.

2. bekkur

Í öðrum bekk byrjar kennslan á að nemendur fara í litafræði og læra grunnblöndun lita. Nemendur læra m.a um frumlitina, læra að byggja upp mynd með hjálp grunnformanna og skipar myndbygging stóran sess í kennslunni. Nemendur fá einnig kennslu í leirmótun og vinna nemendur að gerð skrímsla sem þau handmóta og glerja. Leirmótunin verður svo flóknari eftir því sem ofar dregur í árgöngum og þróast verkin frá einföldum skrímslum í fiska eða uglur, kertastjaka eða bolla.



3. bekkur

Í þriðja bekk er haldið áfram og farið lengra í litafræðina. Nemendur spreya sig m.a. á einföldustu gerð þrykks eða límþrykk. Þar teikna þau með blýanti einfalda mynd á karton og pensla yfir með lími. Þrykkja svo myndir sínar á eftir með prentlitum.

4. bekkur

Nemendur læra uppbyggingu kyrralífs mynda og fræðast m.a. um Jóhannes S. Kjarval og Louisu Matthíasdóttur listmálara. Nemendur eiga að velja annan hvorn listamanninn og teikna og mála verk í hans anda. Í leirvinnu skera þeir út fiska þar sem leirinn er flattur út með kökukefli og mynstur gerð með ýmsum áhöldum.

5. bekkur

Nemendur vinna fjölbreytt verkefni og er mikil áhersla lögð á línuteikningu og möguleika hennar. Þar ber helst að nefna teikningu á skó þar sem nemendur spreya sig á að teikna nákvæmt skó séð frá ýmsum sjónarhornum. Auk þess fá nemendur tækifæri til að skera út í grafíkdúk og þrykkja með ýmsum prentlitum. Nemendur móta svo skálar úr leir og nýta sér holutækni við mótunina. Nemendur hafa einnig spreytt sig á uppstillingu þar sem þeir nýta þurrkrít til að teikna ýmsa fugla.

6. bekkur.

Í 6. bekk er farið í gullinsnið Leonardos og þannig er haldið áfram að byggja ofan á fyrra nám. Áhersla er lögð á nákvæma andlitsteikningu og er einnig mótað andlit eða höfuð úr leir. Nemendur mála auk þess mynd í anda impressionisma og þar reyna nemendur að fanga stemningu þess tíma í málverki.



7. bekkur.

Í 7. bekk er áhersla lögð á listasögu og að vinna verk út frá þekktum listastefnum. Nemendur kynnast listamönnum eins og Braque og Picasso í tengslum við Kúbisma og gera andlitsmynd í anda Picasso. Nemendur vinna leirverk, annað hvort skál eða bolla og glerja.

Einnig vinna þau skemmtileg verkefni í tengslum við samtímamenningu og hönnun og búa til sín eigin logo út frá grunnformum og skammstöfum úr nöfnunum sínum. Sumir hópar unnu auk þess grafíkmyndir eða klippimyndir, aðrir þrívíddarmyndir af snjóköllum og fer það allt eftir árstíð og tíma hverju sinni.

Í lok smíðjunnar prófa nemendur þekkingu sína í gegnum Kahoot forritið þar sem kennari hefur útbúið spurningar úr Kúbisma, myndmáli og logo.



Helstu áherslur

Í myndmenntakennslunni skipar grafik og leirmótun stóran sess og njóta mikilla vinsælda hjá nemendum. Grafik og leirmótun er að mati kennara góður kostur til að efla verklega færni nemenda. Vinnubrögðin eru fjölbreytt og býður tæknin upp á ótrúlega möguleika til úrvinnslu. Námið er hægt að byggja upp stig af stigi þar sem farið er frá hinu einfalda til hins flókna. Hún hvetur til lausnamiðaðra aðferða og spreyta nemendur sig á ýmsum tæknilegum aðferðum og kljást við þau vandamál sem



upp koma í vinnuferlinu. Þeir læra einnig samvinnu, að taka tillit til hvors annars og að mistök séu möguleikar og að það megi nota þau til að greina hvað fór úrskeiðis og læra af þeim. Stundum getur það leitt þau á nýjar og spennandi slóðir. Með hjálp grafikur geta nemendur fengið aðra sýn á hugtök eins og speglun, andhverfu og form en það eru hugtök sem eru mikið unnið með í stærðfræði. Leirvinnan gefur tækifæri til privíðar vinnu og eflir verkunnáttu, þolinmæði og fínhyringar.

Viðburðir og félagslíf

Öskudagskemmtun var haldin þar sem nemendur unnu við grímugerð í myndmenntastofunni. Einnig voru HS-leikar haldnir en þar spreyttu nemendur sig á að teikna myndir í tölvum og reyndi þar á samvinnu nemenda. Árshátíð 7. bekkja var haldin á vordögum. Umgerð hennar breyttist síðustu ár vegna heimsfaraldurs en hefur sú breyting fallið í góðan jarðveg hjá nemendum og kennurum og haldin með svipuðu sniði í ár. Þorablót 6. bekkjar féll niður.

Upplýsingatækni

Kennarar hafa nýtt sér tæknina mikið í innlögnum og sýnikennslu í vetur. Nemendur hafa ferðast vítt og breitt um netið og fræðst um ýmsa listamenn og tekið fyrir ýmsar listastefnur: kúbisma, popplist og impressionisma. Hin ýmsu kennslumyndbönd hafa verið sýnd nemendum þar sem þeir fræðast og kynnast hinum ýmsu tækniæfingum í myndmennt. Að hafa fastan skjávarpa í myndmenntastofunni



er nauðsynlegt til að geta fylgt eftir nútímalegum kennsluháttum eftir en best væri að hafa líka spjaldtölvur svo nemendur geti unnið sjálfstætt í hugmyndavinnu og upplýsingaöflun. Auk þess er til fjöldinn allur af forritum sem auðgað gæti kennsluna. Má þar t.d. nefna forritið Masterpiece frá Osmo sem gefur mikla möguleika og gæti t.d. leyst ljósaborðið af hólmi. Á HS leikum prófuðu myndmenntakennarar tölvuteiknun með nemendum og var það góð reynsla fyrir alla. Í 7. bekk hafa nemendur spreytt sig á þekkingu úr efni smiðjunnar í gegnum kahoot og Kennarar myndu vilja hafa sett af spjaldtölvum í stofunni til að efla upplýsingatækni í faginu.

Aðstaða efni og tæki

Myndmenntastofa Hofsstaðaskóla er vel útbúin og þeir sem þangað koma hafa orð á því hversu falleg og björt stofan er, enda setja gluggarnir fallegan svip á hana. Helst er vöntun á þurrskáp eða grind þar sem nemendur geta geymt nýjar rakar myndir, þar sem hægt er að pressa og geyma. Glerofninn hefur ekki verið í notkun enda bilaður og stendur enn til að koma honum í gagnið. Leiðrofninn er kominn til ára sinna og þyrfti að tengja hann við tölvustýringu þannig að hann endist betur og lengur en dyttað hefur verið að honum nú í vetur og síðasta vetur. Einnig þarf að finna nýja staðsetningu fyrir grafíkpressuna. Mikilvægt er að festa pressuna á borð til að tryggja öryggi og setja hjól undir borðið svo hægt sé að færa hana úr stað.

Sigríður Anna E. Nikulásdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir

SMÍÐI OG NÝSKÖPUN

Kennari: Sædís S. Arndal til áramóta og Þórhildur Ýr Valsdóttir frá áramótum.

Helstu markmið

Að nemendur, læri að umgangast og nota ákveðin verkfæri m.t.t. aldurs, vandi sig og fari stoltir og ánægðir heim með verkefni sem þeir hafa unnið. Að nemendur vinni með hugmynd að fullunnum hlut og að þeir njóti sín í kennslustundum

Uppbygging kennslunnar

Innlögn er í byrjun hvers tíma. Farið er með nemendum yfir hvaða verkfæri eða efni þeir koma til með að nota og hvernig þeir nota það. Hver og einn nemandi vinnur að eigin verkefni á þeim hraða sem hentar hverjum og einum. Samvinnunám á stundum við, þá miðlar sá nemandi sem kominn er lengra til annarra nemenda. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða og fær aðstoð eftir þörfum. Mikil áhersla er lögð á að í sem flestum verkefnum geti nemendur ráðið hugmynd og útliti verkefnisins og gert það að sýnu.

Kennsluaðferðir

Helstu kennsluaðferðir eru sýnikennsla og leiðsagnarnám. Í byrjun hvers verkefnis fá nemendur að sjá sýnishorn af fullbúnu verkefni, hlut sem þeir eru að fara að búa til. Mikil áhersla er lögð á að nemendur setjist niður áður en þeir byrja á nýju verkefni og þeir skissi upp hugmyndir, snið og útlit áður en hafist er handa. Þeir geri sér grein fyrir því hvað þeir eru að fara að gera og hvernig þeir vilja að hluturinn líti út. Í smíði fer fram einstaklingsmiðað nám. Hver og einn nemandi fær verkefni og leiðsögn eftir þörfum.



Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara þar sem hann hannar ný verkefni fyrir nemendur.

Námsmat

Símat er allsráðandi í smíði. Þeir þættir sem einkum eru hafðir til grundvallar eru: sjálfstæð vinnubrögð, vandvirkni, hegðun, hirðusemi og vinnusemi.

Árangur

Að mati kennara hentaði verkefnaval fyrir hvern árgang fyrir sig vel og gekk upp samkvæmt kennsluáætlun.

Húsnæði - aðstaða – verkfæri.

List og verkgreinar eru allar á sama gangi og hentar það vel. Það auðveldar samvinnu á milli list- og verkgreinakennara og gerir það að verkum að þeir geta samnýtt efni þegar það á við. Stofan stendur vel hvað tæki og tól varða.

7. bekkur

Skylduverkefni vetrarins hjá 7. bekk var gesta/hugmyndabók. Mikil áhersla er lögð á hugmyndavinnu og hönnun bókarkápunnar og vönduð vinnubrögð við útfærslu og vinnu. Helstu aukaverkefni voru driplspaði og kúlugleypir.



6. bekkur

Nemendur í 6. bekk hönnuðu og bjuggu til lampa. Í lampann fengu þau 20 ljósa seríu og endurnýttu allskonar hluti. Það er oft mikil spenna fyrir þessu verkefni og mæta margir nemendur í fyrsta tímann með mjög ákveðnar hugmyndir um hvernig lampa þau ætla að gera það getur þó breyst þegar hugmynda- og hönnunarferlið fer af stað.



5. bekkur

Nemendur unnu sprautuverkefni þeir hönnuðu hreyfiverk eftir eigin hugmynd þar sem tvær sprautur með slöngu á milli voru notaðar til þess að fá virkni í verkið.



4. bekkur

Rúm fyrir bangsa var helsta verkefnið í vetur. Nemendur hönnuðu rúmgafla og söguðu þá út. Mikil vinna er svo lögð í að forma, pússa og mála þá. Þetta var samvinnuverkefni með textíl. Í textíl saumuðu nemendur bangsa í rúmið og jafnvel rúmföt ef tími gafst til.



3. bekkur

Tímaritabox voru unnin í vetur í krossvið nemendur söguðu með bakkasög. Hliðarnar voru skreyttar með brennipenna og trélitum og svo límd og negld saman.

2. bekkur

Nemendur gerð broddgölta og fiska, þeir fengu 4 mm MDF plötur og söguðu út, þússuðu, lituðu og skreyttu. Aukaverkefni voru fjölbreytt allt frá furðuverum úr kubbakassa til kolkrabba og kanína.

1. bekkur

Fyrstu bekkingar söguðu út flugdreka úr 4 mm MDF plötu, þússuðu, lituðu og skreyttu. Unnið var frjálst úr kubbakassa.



Þórhildur Ýr Valsdóttir

TEXTÍLMENNT

Kennarar: Ester Jónsdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir

Textílmennt er kennd í hringekju líkt og aðrar verklegar greinar. Nemendur hafa mætt tvisvar sinnum í viku, tvo tíma í senn. Hver hópur kemur í 9-11 skipti, eftir stærð árgangsins en 1. bekkur mætir einu sinni, klukkutíma í senn. Nemendafjöldi er 11-15 í hverjum hópi og einstaka nemendur hafa stuðning inni í tíma og einstaklingsmiðuð verkefni sem hæfa þeirra getu.

Í Hofsstaðaskóla kenna tveir kennarar textílmennt og gengur samstarfið mjög vel. Kennslunni er skipt þannig Ester kennir 1.3.5 og 7. bekk. Heiða Lind kennir 2.4. og 6. bekk, kennarar hittast reglulega á samstarfsfundum og bera saman bækur sínar.

HELSTU MARKMIÐ

- Að nemendur njóti sín í kennslustundum
- Að nemendur læri á þau verkfæri sem notuð eru
- Að nemendur byggi ofan á fyrri reynslu og efli sjálfstæði
- Að nemendur ljúki verkefnum sem unnið er að

Uppbygging og áherslur

Stöðugt er byggt ofan á fyrri þrep í náminu og verkefnin verða flóknari. Innlögn er í byrjun hverrar lotu þar sem hæfniviðmið eru kynnt og sýnd nemendum. Farið er yfir umgengnisreglur í textílstofunni og verkefnið sem vinna á með nemendum, efni og þau verkfæri sem þeir koma til með að nota. Hver og einn nemandi vinnur á sínum hraða. Lögð er áhersla á að nemendur tileinki sér samvinnu við aðra, tillitssemi, hjálpsemi og

þolinmæði. Áhersla er lögð á að nemendur nái að ljúka verkefnum sínum. Hæfniviðmið eru nokkuð opin og leiknimiðuð og kennarar styðjast við símat.

Kennsluhættir og námsmat

Áhersla er lögð á samvinnu nemenda og samvinnunám.

Í textílmennt fer fram einstaklingsmiðað nám og leiðsagnarnám. Hver og einn nemandi fær verkefni við hæfi og leiðsögn eftir þörfum. Einnig er lögð áhersla á sjálfstæð vinnubrögð og skapandi frelsi í samræmi við þá tækni sem nemandinn tileinkar sér. Sem dæmi má nefna að sett var upp setning á vegg stofunnar sem prentuð var út úr vínylskera. Setningin hljóðar svo: *Spurðu tvo, kennarann svo*. Er ætlunin að hvetja nemendur til samvinnu og þess að bæði leita sér aðstoðar hjá samnemendum sem og að hjálpa öðrum.



Upplýsinga-og tæknimennt og þróunarstarf í textílmennt í 7. bekk.

Ester Jónsdóttir og Elísabet Benónýsdóttir kenna þessum árgangi og halda utan um verkefnið. Nemendum býðst að hanna ýmis konar merkingar á afurðir sem þeir búa til í textílmenntatímum. Notast er við vínylskerara og hitapressu. Nemendur leita eftir myndum og logo á netinu eða búa til eigin texta. Sumir nemendur nýttu sér logo sem þau hönnuðu sjálf í myndmennt. Myndin er síðan unnin í forritinu Cricut og prentuð út á fatafilmu í vínylskera. Þá er textinn, myndin eða logoið straujað með hitapressunni á afurðirnar sem nemendur hafa unnið í textílmennt s.s. buxur, poka, töskur, pennaveski.

Námsefni/gögn

Verkefni og sýnishorn frá kennara eru tiltæk og þau eru nýtt í innlögnum og sem fyrirmyndir, ýmsar bækur og blöð eru einnig notuð. Vínylskeri og tölvur þar sem við á.

Mat á starfi vetrarins

Kennslan í vetur gekk vel samkvæmt áætlun. Hegðun nemenda er almennt góð og þeir sýna náminu áhuga. Hópar geta verið mjög mismunandi í sama árgangi og sumir hópar ansi fjölmennir. Þarf því stundum að breyta um verkefni/leiðir, þótt markmiðin séu þau sömu.



Viðburðir og félagslíf

Öskudagsskemmtun var haldin á hefðbundin hátt. Með stöðvum í íþróttahúsi og í skólanum. Í textílstofu var stöð með öskupokagerð, sem er alltaf mjög vinsæl meðal nemenda. HS leikar tókust vel með ýmsum stöðvum og uppákomum. Vegna Covid-19 heimsfaraldurs síðustu ár varð að breyta árshátíð í 7. bekk og komu listgreinakennarar ekki að árshátíðinni.

7. bekkur

Kennari: Ester Jónsdóttir

Lagt er upp í byrjun lotu að nemendur fái að velja sér verkefni, þar sem áhugi nemenda getur verið á mismunandi sviðum. Unnið er með þrjónaverkefni, saumaverkefni og krosssaumsverkefni.

Nemendur nýttu sér nýja tækni í Cricut og vínyskerann til að skreyta vinnu sína.

Nemendur vinna sjálfstætt með útfærslu og efnisveitur í samráði við kennara.

Hér má sjá saumaverkefni þar sem mynd og texti er unnin í Cricut og pressað á með hitapressunni.



6. bekkur



Kennari: Heiða Lind Sigurðardóttir

Nemendur 6. bekkjar nýta sér fyrri þekkingu til að vinna að sjálfstæðum verkefnum. Þeir eru hvattir til að nýta sér skapandi hugsun og útfæra í eigin verki auk þess sem flestir ná að tileinka sér aukna leikni í vélsaum og /eða þrjóni. Ýmis skemmtileg verkefni hafa litið dagsins ljós, s.s. pennaveski, húfur, hárbönd og sokkabréður. Þá eru margir iðnir við krosssaum og sauma gjarnan púða í kringum krosssauminn.

5. bekkur

Kennari: Ester Jónsdóttir

Nemendur byrja á að læra mynsturgerð með því að gera upphafsstafi sína á rúðustrikað blað og læra aðferðina, þegar henni er náð velja nemendur sér myndir frá bókum eða blöðum. Í vetur bauðst þeim að sauma út stjörnumerkin sín og völdu margir að gera það. Aðrir teiknuðu upp myndir eða nýttu sér aðrar útprentaðar myndir. Flestir saumuðu púða utan um myndina sína.



4. bekkur

Bangsi er saumaður úr flísefni og bangsaföt eru prjónuð eftir uppskriftarblaði frá kennara. Í smíði smíða nemendur rúm fyrir bangsann og sauma rúmföt fyrir bangsann í textílmenn. Nemendur eru almennt mjög spenntir og metnaðarfullir yfir þessu verkefni. Þeir sem ekki treysta sér til að prjóna föt, hanna og sníða þau úr efnisafgöngum. Útfærslurnar eru eins margvíslegar og ólíkar og nemendurnir sjálfir.



3. bekkur

Kennari: Ester Jónsdóttir

Í þriðja bekk læra nemendur vélsaum. Saumaður er léreftspoki og hann skreyttur með stensli og málningu. Nemendur búa til snúru sem er fest á pokann.



2. bekkur

Kennari: Heiða Lind Sigurðardóttir

Í öðrum bekk fá nemendur mörg og fjölbreytt verkefni. Þeir byrja á að hanna og búa til geimverur og fræðast um himingeiminn og reikistjörnurnar. Kennari les bókina um Regnbogafiskinn og ræðir boðskapinn. Nemendur klippa út fiska í filtefni og skreyta hann í kjölfarið. Svo æfa nemendurnir sig í þæfingu og búa til túlípana eða fígúrur úr þæfðum, marglitum bolta sem settur er á vafið prik.

Í byrjun ársins var farið í vettvangsferð í nærumhverfi skólans og tíndar greinar í köngulóarverkefni. Nemendur búa til köngulóarvefi og litlar köngulær sem sitja í þeim.



1. bekkur

Kennari: Ester Jónsdóttir

Nemendur 1. bekkjar mæta einu sinni í viku í textílmenn, til móts við smíði. Í byrjun er stofan, efni og áhöld kynnt. Kennari les bók eftir *Elsu Beskov* um fötin hans Palla þar sem koma fyrir aðferðir og hugtök er tengjast textíl. Nemendur læra að vefa með nál og festa svo vefnaðinn á spjald og skreyta með tölum o.fl.



Ester Jónsdóttir og Heiða Lind Sigurðardóttir

TÓNMENNT

Kennari: Unnur Þorgeirsdóttir

Helstu markmið

- Að nemendur tilleinki sér samvinnu og tillitsemi.
- Að nemendur byggi ofan á fyrri þekkingu og reynslu.
- Að nemendur upplifi fjölbreytileika tónlistar.
- Að nemendur taki þátt í tónlistarflutningi.

Uppbygging kennslunnar

Í 1. – 4. bekk hefjast kennslustundir á söng og hreyfingu. Verkefni tímans er síðan lagt inn og unnið. Verkefnin eru m.a. hljóðfæraleikur, hlustun og leikir. Áhersla er lögð á að allir taki þátt á sínum forsendum, unnið með samvinnu, þolinmæði og tillitssemi. Í 5. – 7. bekk er aukin áhersla á samvinnu. Unnið með hljóðfæri, leiklist, hljóðvinnsluforrit og hlustun.

Kennsluhættir

Kennsluhættir eru fjölbreyttir. Mikið er um samvinnunám í minni og stærri hópum. Áhersla er lögð á söng, hreyfingu og hljóðfæraleik. Einstaklingsverkefni eru unnin, bæði skrifleg og verkleg. Skrifleg verkefni eru unnin þegar verið er að vinna með ákveðin þemu eins og tónskáldið Mozart eða hljóðfærabók. Þemaverkefni eru oft unnin í samvinnu við bekkjarkennara. Sem dæmi má nefna *geimurinn* í samvinnu við 3. bekk og *fjöllin* í 2. bekk. Kennt er í lotum í 7. bekk og koma nemendur í 1x80 mín í 6 vikur. Í lotunni er tekið fyrir þemaverkefnið Dægurtónlist í 7. bekk.

Námsefni/gögn

Námsefni í tónmennt er frá Menntamálastofnun, efni úr smíðju kennara, tónlist af netinu (youtube) og af diskum, spjaldtölvur (m.a. öppin *Garageband*, *Figure*, *Mussila* og *Kahoot*), myndbönd o.fl.

Námsmat

Námsmat í öllum bekkjum er sett fram í hæfniviðmið á hæfnikorti nemenda í Mentor. Lögð er áhersla á leiðsagnarmat þannig að endurgjöf til nemenda er tíð. Tekið er tillit til virkni, samvinnuhæfni og árangurs. Markmið vetrarins eru kynnt nemendum sýnilega frá byrjun og minnt á þau reglulega. Vitnisburður er gefinn jafnt og þétt yfir árið í 1. – 6. bekk og er byggt á símati, verklegum og skriflegum verkefnum. Í 7. bekk er námsmat eftir hverja lotu.

Húsnæði – aðstaða

Tónmenntstofan í skólanum er stór og góð, gott pláss til fjölbreyttrar vinnu (hljóðfæraspil, leikir og hreyfing). Hljóðver er við hlið tónmenntastofunnar sú stofa nýtist vel í hópavinnu,

upptökur og einnig nýtir tónlistarskólinn herbergið. Hljóðvist í báðum rýmum er mjög góð. Galli er að ekki er hægt að opna milli tónmenntastofu og hljóðvers.



Mat á starfi vetrarins

Veturinn gekk vel, allir árgangar voru jákvæðir og tóku virkan þátt í söng, hljóðfæraleik og leikjum. Samvinna milli bekkjarkennara og tónmenntakennara hefur aukist og sungin eru lög og samin tónverk sem tengjast þeim sem árgangurinn er að vinna að. Hljóðfærakostur er nokkuð góður. Þrátt fyrir allar sóttvarnir og samkomutakmarkanir gekk starfið vel enda var lagt upp úr því að öllum liði vel í tímunum.

Viðburðir og félagslíf í skólanum var með nokkuð breyttu sniði út af Covid-19 faraldrinum. Fjölgreindarleikar voru haldnir á haustdögum og vöktu gleði. Jólaskemmtun var haldin með breyttu sniði. Þorablót féll niður. Öskudagsskemmtun var haldin og dansinn dunaði í salnum.

Regnboginn notaði tónmenntastofuna eftir að kennslu lauk í vetur. Það gekk vel að samnýta stofuna og umgengni var góð.

Skólakór

Í vetur voru settar upp þrjár leiksýningar. Í desember sýndi 35 manna hópur úr 3. bekk leikritið *Kardimommubæinn*. Um 20 manna hópur úr 3. bekk sýndi í lok maí *Dýrin í Hálsaskógi*. Um 20 krakkar úr 5. og 7. bekk æfðu leikritið *Mamma mia 2* og var sýning í lok maí. Sóttvarnir stöðvuðu nokkrum sinnum æfingar hjá 5. og 7. bekk en það mátti ekki blanda árgöngum. Sýningar á báðum söngleikjum var í maí og gekk vel.

Áhugi nemenda á leiklist var mikill, æfingar gengu vel og sýningarnar vöktu mikla gleði áhorfenda.



Samsöngur – skemmtun á sal

Vikulega komu nemendur í 1. – 4. bekk saman á sal til að syngja. Reynt er að mæta áhuga nemenda og tengja sönglöginn við bæði hefðir og dægurmenningu. Nemendur tóku almennt vel undir í söng. Ekki var hægt að hafa skemmtanir á sal vegna Covid-19 og einnig varð að gera breytingar á fjölda nemanda sem mættu í samsöng á ákveðnu tímabili. Á vorönn var reglum aflétt og þá mátti hafa skemmtanir.

Unnur Þorgeirsdóttir

ÍÞRÓTTIR

Guðrún Arna Sigurðardóttir kenndi: 1., 2., 3., 4., 6. og 7. bekk. Guðrún Jóhanna Þórðardóttir kenndi: 1., 4., 5., 6. og 7. bekk fram að áramótum. Hreinn Októ Karlsson kenndi: 2., 3., 4., 5., 6. og 7. bekk. Ian Jeffs kenndi: 1., 2., 3., 4., 5., 6. og 7. bekk frá áramótum. Jóhann Ingi Hjaltason kenndi: 4., 5., 6. og 7. bekkur.

Helstu markmið

Að nemendur læri helstu grunnhreyfingar, nái færni í að vera þátttakendur í leikjum og upplifi tap og sigra. Að nemendur upplifi hreyfingu á jákvæðan hátt, að allir taki þátt og fái útrás fyrir hreyfipörf sína. Að nemendur tileinki sér helstu reglur í leikjum og gildandi umgengnisreglur í íþróttahúsi.

Uppbygging kennslunnar

Allir nemendur fá tvisvar sinnum 40 mínútur á viku í íþróttum. Kennt er í íþróttahúsinu Mýrinni og úti í tvær vikur að vori.

Kennsluaðferðir

Kennsla fer aðallega fram í leikjaformi, með hring- og stöðvaþjálfun og sýnikennslu. Í vetur voru markmiðin skýr fyrir hverja kennslustund og koma þau fram á tímaseðlum. Nemendum var kynnt í byrjun til hvers var ætlast af þeim og hver verkefnin væru í tímunum.



Námsefni/gögn

Allt það sem til er í íþróttahúsinu, t.d. mörk, dýnur, boltar, sippubönd, húllahringir, bretti og baunapokar.

Námsmat

Í 1.-7. bekk er námsmat sett fram í námsframvindu í *Mentor*; sipp, sex mínútna hlaup, tuttugu metra spretthlaup, langstökk án atrennu og boltakast. Í námsframvindu er einnig metin virkni í kennslustundum, hvort nemendur fari eftir fyrirmælum og fylgi leikreglum.

Húsnæði

Íþróttakennsla fer ýmist fram í hálfum eða öllum sal Mýrarinnar. Salurinn er stór og góður en það glymur mikið. Skólinn keypti ferðahátalara og bluetooth míkrafón sem nýtist betur en hátalarakerfið og truflar því ekki kennsluna hjá FG. Á vorin er útikennsla, og skólalóðin og nærumhverfi er nýtt til kennslu.



Viðburðir

Í haust tóku nemendur skólans þátt í Ólympíuhlaupi ÍSÍ. Þátttakan var góð og nemendur stóðu sig vel. Með þátttöku í skólahlaupinu er leitast við að hvetja nemendur til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Þann 20. október tóku nemendur í 5. og 6. bekk og þátt í grunnskólamóti Blaksambands Íslands í Kórnum í Kópavogi. 126 nemendur fóru ásamt einum íþróttakennara. Nemendur stóðu sig vel og voru skólanum til fyrirmyndar.

Einn viðburður féll niður vegna Covid-19 og var það grunnskólamótið í sundi. Íþróttadagurinn var haldinn 8. júní. Nemendum var skipt í tólf hópa. Það voru sex stöðvar fyrir yngri nemendur og sex stöðvar fyrir eldri nemendur. Grillaðar pylsur voru í boði í hádegismat og ávaxtasafi. 7. bekkur fór í Miðgarð þar sem þau lærðu klifur og gátu valið um að fara í fótbolta, handbolta eða brennó ásamt ýmsum leikjum. Dagskránni lauk síðan með samveru allra nemenda, starfsmanna og kennara á Stjörnuvellinum, þar sem fram fór keppni milli kennara og nemenda í 7. bekk. Keppnisgreinar voru; reipitog, froskalappa-boðhlaup og kók og kókosbollukappát. Kennarar unnu keppnina í ár og stóðu nemendur sig vel.

Guðrún Arna Sigurðardóttir, Hreinn Októ Karlsson, Ian Jeffs og Jóhann Ingi Hjaltason

SUND

Starfsmenn:

Guðrún Arna Sigurðardóttir kenndi: 4. bekk. Guðrún Jóhanna Þórðardóttir kenndi: 1., 2., 4. og 6. bekk til áramóta. Hreinn Októ Karlsson kenndi: 3., 4., 5. og 7. bekk. Ian Jeffs kenndi: 1., 2. og 6. Bekk til áramóta. Jóhann Ingi Hjaltason kenndi: 4. bekk.

Helstu markmið

Að nemendur nái færni í öndun, köfun, floti og sundtökum í helstu sundgreinum.

Uppbygging kennslunnar

1. bekkur: Nemendum var skipt í fimm hópa, 9-11 manna, sem fengu 19 - 22 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
2. bekkur: Nemendum var skipt í sex hópa, 12-13 manna, sem fengu 16-17 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku í 40 mínútur.
3. bekkur: Nemendum var skipt upp í sex hópa, 12-13 manna, sem fengu 16-17 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 40 mínútur og einu sinni í 60 mínútur.
4. bekkur: Nemendum var skipt upp í átta hópa eftir bekkjum og kyni. Hver hópur mætti einu sinni í viku allan veturinn.
5. bekkur: Nemendum var skipt í sjö hópa, 12-13 manna, sem fengu 15-17 skipti hver. Kennt var þrisvar sinnum í viku, tvisvar í 60 mínútur og einu sinni í 40 mínútur.
6. bekkur: Nemendum var skipt í sjö hópa, 10-12 manna, sem fengu 13-16 skipti hver. Kennt var tvisvar sinnum í viku í 60 mínútur og einu sinni í 40 mínútur.
7. bekkur: Nemendum var skipt í sjö hópa, 12-14 manna, sem fengu 7-10 skipti hver. Kennt var tvisvar í viku í 60 mínútur.



Boðið var upp á aukatíma í sundi fyrir þá sem þurftu á að halda. Tímarnir fóru fram á morgnana áður skólinn byrjaði og voru þeir dagar í boði sem hentuðu kennurum og nemendum.

Kennsluaðferðir

Kennsla fór fram í formi sýnikennslu og notast var við sýnileg markmið eða markmið útskýrð munnlega fyrir nemendum. Æfingar í leikjaformi, stöðvapjálfun og niðurbrot sunds þar sem einstaka þættir sundsins voru þjálfaðir. Kennarar nýttu spjaldtölvur í kennslunni, bæði til að geta sýnt nemendum myndbönd og einnig til að nemendur fengju tækifæri til að sjá sjálfan sig synda og átta sig betur á eigin getu.

Námsmat

Nemendur voru prófaðir eftir samræmdum sundstigum úr námsskrá og einkunn gefin fyrir hvern þátt í námsframvindunni í *Mentor*.

Húsnæði

Sundlaugin í Mýrinni er lítil kennslulaug, 10 x 16,7 metrar. Hún er búin hinum ýmsu tækjum sem hægt er að nota til aðstoðar við sundkennslu. Hljóðnemi er í sundlaugarrýminu sem gott er að nota við kennsluna. Að mati kennara hentar laugin mjög vel til kennslu en er þó helst til lítil fyrir elstu nemendurna. Þá er búið að vera vesen á loftræstiskerfinu í vetur en lofthitinn á það til að vera heldur hár í rýminu þrátt fyrir nýlegt kerfi.

Annað

Lotuskipting í sundi hefur reynst vel þar sem að nemendur fara ört í sund og eru þá fljótir að tileinka sér sundaðferðir sem kenndar eru. Yngstu nemendurnir sem eru vatnshræddir fá örari þjálfun og eru því fljótir að aðlagast vatninu. Það getur þó verið hætt á því að það líði of langur tími þar til nemendur fari aftur í sund þegar lotunni líkur. Til að koma í veg fyrir það væri gott að hafa í huga árið eftir hvaða börn voru í fyrri lotum og hvaða í seinni þannig að þau væru á svipuðum tíma í sundi næsta árið.

Það gekk vel í 4. bekk þar sem nemendur mættu 1x í viku allan veturinn. Það er gott fyrirkomulag að fá fjórða bekkinn einu sinni í viku. Það fyrirkomulag verður með 2. bekk og 4. bekk á næsta skólaári.

Markmið með hverjum tíma eða einstaka verkefnum voru ýmist skrifuð upp á töflu í kennslurýminu og/eða höfð munnleg. Það gafst einkar vel að skrifa upp á töflu bæði það sem nemendur voru að fara að gera í tímunum og eins markmið með hverju verkefni. Kennarar hafa fulla trú á að það skili árangri að hafa sýnileg markmið og að nemendur fái bæði munnleg og sjónræn fyrirmæli.

Guðrún Arna Sigurðardóttir, Hreinn Októ Karlsson, Ian Jeffs og Jóhann Ingi Hjaltason

SKÝRSLA NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFA

Skólaárið 2021-2022 var Helga Rúna Þorsteinsdóttir náms- og starfsráðgjafi í 100% starfshlutfalli við Hofstaðaskóla.

Markmið námsráðgjafar í grunnskólum er að veita nemendum faglega þjónustu og ráðgjöf í málum sem tengjast námi þeirra, framtíðaráhorfum, samskiptum og líðan í skólanum. Öllum nemendum skólans stendur til boða að hitta námsráðgjafa.

Námsráðgjafi sinnir einstaklingsráðgjöf, félagsfærniráðgjöf, námstækniráðgjöf og ráðgjöf vegna námsundirbúnings. Þá kemur námsráðgjafi að fræðslu um einelti, kynferðislegt ofbeldi, sjálfsmynd, sjálfstraust og lausnum við samskiptavanda. Góð samvinna er við foreldra/forráðamenn, kennara, sálfræðing, deildastjóra, stjórnendur og aðra starfsmenn.

Fjöldmargir nemendur leituðu til námsráðgjafa í vetur. Nemendur komu ýmist í einstaklingsráðgjöf eða hópráðgjöf en einnig tók námsráðgjafi þátt í fræðslu með kennurum. Ástæður tilvísana eða þess að nemendur leituðu til námsráðgjafa voru margskonar, s.s. ráðgjöf vegna náms, félagslegrar stöðu, tilfinninga, sjálfsmyndar, hegðunar, prófkviða, líðan í skóla, erfiðleikar í samskiptum og fleira. Nemendur, forráðamenn, umsjónarkennari eða aðrir starfsmenn óskuðu ýmist eftir aðstoð námsráðgjafa með munnlegum hætti eða formlega með skriflegum hætti eins og tölvupósti.

Önnur verkefni námsráðgjafa

- Námsráðgjafi hefur tekið á móti nýjum nemendum sem koma úr öðrum skólum. Þessa nemendur hittir hann einu sinni þegar nemendur hafa verið í skólanum í nokkrar vikur. Ef tilefni hefur þótt til þá hefur námsráðgjafi hitt nemendur oftari. Þetta ferli hefur gefist vel.
- Tengslakönnun er framkvæmd í öllum bekkjum skólans á hausti, en það er greiningartæki til að kanna félagatengsl í afmörkuðum hópum. Námsráðgjafi hefur umsjón með fyrirlögn könnunarinnar, úrvinnslu, les úr niðurstöðum og skilar stuttri greinargerð um stöðu mála í hverjum bekk, ásamt því að taka þátt í aðgerðum sem fylgja í kjölfarið ef þurfa þykir, meðal annars með félagsfærnivinnu. Ef þurfa þykir eru tengslakannanir lagðar fyrir í fleiri en eitt skipti.
- Námsráðgjafi situr í áfallaráði Hofstaðaskóla ásamt stjórnendum skólans, ritara og hjúkrunarfræðingi.
- Nemendaverndarráðsfundir eru haldnir reglulega. Námsráðgjafi situr fundi nemendaverndarráðs, enda ber honum skv. lögum skylda til að sitja í ráðinu.
- Námsráðgjafi tók þátt í nýju verkefni Forvarnarhópur gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni. Sú vinna mun halda áfram næsta skólaár.
- Námsráðgjafi tók þátt í skipulagningu og vinnu við *Forvarnarviku Garðabæjar* sem haldin var 13. – 19. október 2021. Þema vikunnar var „Virðing og vellíðan“. Í bekkjum fór fram fjölbreytt vinna og var mismunandi á milli árganga hvað var gert.

- Námsráðgjafi tók þátt í að fá fræðslu frá *Blátt áfram* um kynferðislegt ofbeldi fyrir nemendur í 2. bekk. Sýnt var brúðuleikritið *Krakkarnir í hverfinu* og í kjölfarið voru umræður.
- Námsráðgjafi tók þátt í fræðslu fyrir nemendur í 3. bekk um ofbeldi gagnvart börnum um leið og þau horfðu á myndbandið *Leyndarmálið* og umræður fóru fram í kjölfarið.
- Námsráðgjafi kenndi í einni smiðju í vetur í 7. bekk þar sem viðfangsefnið var náms- og starfsfræðsla. Þessi smiðja var vel heppnuð og var markmiðið að kynna fyrir nemendum vinnumarkaðinn, ólík störf og áhugasvið. Nemendur voru áhugasamir um efnistöð og unnu verkefni af áhuga.
- Skólaárið 2021-2022 hafði covid-19 lítil áhrif á starf námsráðgjafa þar sem nemendur áttu allt skólaárið greiðan aðgang að viðtölum þrátt fyrir takmarkanir á skólastarfi.
- Samvinna við kennara, starfsfólk skólans, foreldra, nemendur og aðra hefur falist í fundahöldum, símaviðtölum og tölvupóstsamskiptum. Einnig hafa foreldrar notað nemenda- og foreldrasamtalsdaga til að hitta námsráðgjafa og fengið einkafundi með námsráðgjafa ef óskað er.



Eineltismál

Eineltisteymi Hofsstaðaskóla skipa námsráðgjafi og deildastjórar yngra og eldra stigs. Teymið tekur þátt í verkefninu *Gegn einelti í Garðabæ* sem er samstarfsverkefni grunnskóla Garðabæjar þar sem námsráðgjafar og deildastjórar grunnskólanna hafa samvinnu. Það er skýr stefna í grunnskólum Garðabæjar að taka strax á eineltismálum og markmið verkefnisins er að koma á samræmdum vinnubrögðum til að fyrirbyggja og bregðast við einelti, bæta líðan og öryggi nemenda og skólabraginn í heild. Sjá nánar á www.gardabaer.is og www.hofsstadaskoli.is

Þegar grunur um eineltismál kemur upp hefur sá sem fær tilkynningu um grun um einelti samband við aðila úr eineltisteymi skólans og haft er samráð um viðbrögð og aðgerðir. Markviss vinna fer í gang þegar grunur um eineltismál koma upp og lögð er áhersla á að allir starfsmenn skólans séu meðvitaðir um hvernig eigi að bregðast við.

Í skólabyrjun kynntu kennarar eineltisáætlun skólans fyrir bæði nemendum og foreldrum og hafa síðan haldið umræðunni gangandi í bekkjum, meðal annars með því að ræða um einkenni eineltis. Nemendur, foreldrar og starfsmenn eru vel vakandi fyrir öllu sem tengist samskiptum og hegðun gagnvart skólafélögunum og vinna saman að því að skapa jákvæð samskipti.

Þegar grunur leikur á samskiptavanda eða einelti, er brugðist við með ýmsum úrræðum. Þar má nefna fræðslu og þjálfun í samskiptum, vinahópa og félagsfærnihópa, reglulega bekkjarfundi með nemendum og umsjónarkennurum, viðtölum við nemendur auk þess sem samstarf með foreldrum skiptir miklu máli. Með þessum úrræðum er oft hægt að leysa úr málum á farsælan hátt.

Gott samstarf hefur verið við skólaliða og annað starfsfólk skólans. Þeir upplýstir um nemendur sem þörf er á að fylgjast náið með, annað hvort vegna gruns um að þeir hafi orðið fyrir einelti eða ef þeir eru grunaðir um að vera gerendur í eineltismáli.

Eineltismál eru mismunandi og haga ber vinnu hvers máls eftir eðli þess. Öll mál sem koma upp eru rannsökuð og skráð. Námsráðgjafi hefur yfirumsjón með skráningum á þeim eineltismálum sem upp koma, hvort sem um er að ræða samskiptavanda, grun um einelti eða sannanlegt einelti.

Ein formleg tilkynning barst um grun um einelti en rétt er að taka það fram að í nokkrum tilfellum var haft samband við skólann vegna samskiptavanda og unnið með málið strax þannig að ekki var lögð inn formleg tilkynning um einelti.

Þegar kemur að því að vinna með samskiptavanda og einelti er forvarnarvinna árangursrík og því nauðsynlegt að halda bekkjarfundi reglulega, námsráðgjafi hefur hvatt kennara til að vera duglega að halda bekkjarfundi og boðist til að aðstoða við þá. Fræðsla til nemenda um einelti, stríðni og áhrif þess er mikilvæg því með aukinni þekkingu nemenda á einelti, áhrifum þess og aukinni virðingu nemenda gagnvart sjálfum sér og öðrum er mögulegt að vinna að bættri líðan nemenda.

Helga Rúna Þorsteinsdóttir



SKÝRSLA KENNSLURÁÐGJAFI Í TÖLVU- OG UPPLÝSINGATÆKNI

Kennsluráðgjafi hefur umsjón með tölvum og tækjum skólans ásamt því að sjá um uppbyggingu og þróun tölvu- og upplýsingatækni við skólann. Það felur í sér ráðgjöf við kennara í tengslum við tölvu- og upplýsingatækni í kennslu og aðstoð við ýmis tæknileg vandamál sem upp koma í daglegu skólastarfi. Kennsluráðgjafi hefur umsjón með vef skólans, upplýsingaskjám, Mentor kerfinu og Google svítunni. Auk þess tekur kennsluráðgjafi einnig fullan þátt í öllu skipulagi skólastarfsins, fagfundum, þróunarverkefnum og umbótavinnu.

Kennsluráðgjafi aðstoðar kennara eftir þörfum með tæknileg vandamál varðandi tölvur ásamt því að hafa yfirumsjón og sjá um skráningu og eftirlit með ýmsum búnaði s.s. tölvustofu, fartölvum, Spjaldtölvum, Chromebook vélum, skjávörpum, skjalamyndavélum, raddhjálpi o.fl. en slíkt hefur verið veigamikill þáttur í starfinu ásamt innkaupum og samskiptum við tölvudeild vegna tæknilegra verkefna. Húsvörður skólans, Birgir Ottósson, hefur komið sterkur inn í tæknimálin og í sameiningu hafa ýmis mál sem tengjast hljóði og mynd verið leyst. Á skipulagsdögum hefur Anna María Snorradóttir stuðningsfulltrúi aðstoðað við t.d. samsetningu Chromebook vagna.

Kennsluráðgjafi hefur einnig komið að tækjamálum í samkomusal skólans og séð um að kenna og aðstoða bæði nemendur og starfsfólk varðandi notkun á búnaðinum.

Kennsluráðgjafi fylgdist með nýjungum s.s. vefjum, vefsíðum og námsefni, sem nýtist í tölvu- og upplýsingatækni fyrir kennara í tengslum við kennslu þeirra á hverjum tíma.

Kennsluráðgjafar í tölvu- og upplýsingatækni í grunnskólum Garðabæjar vinna náið saman og eru tengiliðir við tölvudeild bæjarins. Árlega fara ráðgjafar yfir námsáætlanir í tölvu- og upplýsingatækni og uppfæra eftir þörfum. Þeir halda reglulega fundi þar sem farið er yfir ýmis mál er tengjast skólastarfinu og faginu s.s. aðgengis- og öryggismál, vefi skólanna, sameiginleg hugbúnaðar- og tækjakaup, skipulagningu námskeiða og framkvæmd verkferla. Einnig kynna þeir sér hugbúnað og deila með sér hugmyndum um notkun hans í skólastarfi.

Í vetur hafa kennsluráðgjafar unnið að sameiginlegu þróunarverkefni í upplýsingatækni: *21. aldar hæfni fyrir nemendur og starfsfólk grunnskóla Garðabæjar*. Markmiðið með verkefninu er að greina þarfir og skilgreina hvaða færni starfsmenn þurfa að búa yfir til að sinna störfum sínum sem best og nýta niðurstöðurnar til að efla þá og samhæfa færni þeirra í upplýsingatækni. Í vetur var *Selfie (Self-reflection on Effective Learning by Fostering the use of Innovative Educational Technologies)* lögð fyrir skólastjórnendur, starfsfólk og nemendur til þess að fá 360°sjónarhorn á nýtingu tækninnar í skólastarfinu. Í framhaldi af skoðun á niðurstöðum réðust kennsluráðgjafar í að setja upp vef með fræðsluefni fyrir starfsfólk [www.https://kennarar.qbrskoli.is](https://kennarar.qbrskoli.is). Í fyrstu er lögð áhersla á innleiðingu á G-Svítunni, Office 365 og nýsköpun með tækni. Hugmyndin var að leggja könnunina aftur fyrir í lok skólaárs eftir ákveðna vinnu en fallið var frá því sökum áhrif covid á áætlanir.

Tölvu og tækjakostur ætlaður nemendum

Í vetur voru í skólanum 29 borðtölvur, fartölvuvagn með 15 PC vélum, 221 Chromebook tölva (fjölgaði um 75 undir lok skólaárs) og 181 spjaldtölva auk nokkurs magns af eldri spjaldtölvum sem ekki taka við smáforritum. Tækjabúnaðurinn skiptist í grófum dráttum þannig niður:

Fartölvuvagninn er til bókunar í Outlook. Hann hefur ekki verið mikið notaður í vetur fyrir nemendur helst fyrir starfsmenn í afleysingum og ýmis verkefni. Borðtölvurnar eru 27 í tölvustofunni og hafa yngstu nemendurnir (1.-4. bekk) verið með fastar kennslustundir þar auk þess hefur tölvustofan verið notuð fyrir smíðjutíma á miðstigi o.fl. Tvær borðvélar voru í einni af sérkennslustofunum. Chromebook tölvunum fjölgaði verulega undir lok skólaársins en þær hafa verið notaðar á miðstigi og í 4. bekk eftir áramót.

	1.bekkur	2.bekkur	3.bekkur	4.bekkur	5.bekkur	6.bekkur	7.bekkur	Sérkennsla/ einstaklings miðað nám	Bókanir/ útlán
Chromebook tölvur	0	0	0	25	25	25	26	28	17/
Spjaldtölvur	15/9*	18/13*	20/14*	20/8*	18	18	18	18	0

*Gamlar spjaldtölvur

Tölvudeild Garðabæjar sér um að setja inn ný smáforrit á spjaldtölvurnar og er það gert miðlægt í gegnum umsýjarkerfið Lightspeed. Mikil vinna hefur verið lögð í áhættumat í vetur og hefur skapast ferill í kringum verkefnið (sjá mynd). Kennsluráðgjafi hefur lagt mikinn tíma í áhættumat, samþykktarblöð og fleira tengt áhættumati hugbúnaðar. Kynna þarf verkferilinn fyrir kennurum og minna á vefinn hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um áhættugreiningu hugbúnaðar en þar er að finna miklar og góðar upplýsingar um hugbúnað sem hefur verið áhættumetinn.

Nemendur á miðstigi eiga kost á að vera með þráðlausan aðgang að neti skólans og nýta það á eigin tæki. Sérstakt þráðlaust net er fyrir nemendur (BYOD) og þurfa foreldrar að sækja um netaðgang fyrir börnin sín á heimasíðu Garðabæjar. Þeir samþykkja þá samning milli skólans og nemenda/foreldra um notkun á eigin snjalltæki í skólastarfi.

Kennsluráðgjafi hefur yfirumsjón með tölvum í fartölvuvagni og hjá árgöngum. Hann er í samskiptum við starfsmenn tölvudeildar Garðabæjar varðandi vandamál með tölvur og hugbúnað.



Síðastliðinn vetur voru 2,2 nemendur á hverja tölvu (PC og Chromebook) í Hofstaðaskóla og 3 nemendur um hvern Ipad. Þá er miðað við öll tæki, einnig þau sem eru sérmerkt ákveðnum nemendum og tæki í list-og verkgreinum. Í tölunni eru ekki gamlar spjaldtölvur.

Nám og kennsla

Kennslan og notkun nemenda á tölvum og kennsluefni miðast fyrst og fremst við það að kenna nemendum að nýta sér tölvurnar í tengslum við annað nám. Vinnan miðaðist við hæfniviðmið námskrár í tölvu- og upplýsingatækni. Þjálfunarforrit voru nýtt þar sem við átti. Lögð er áhersla á að allir umsjónarkennarar ræði um örugga og ábyrga netnotkun og samskipti á netinu á bekkjarfundum a.m.k. tvisvar á önn. Auk þess býður skólinn að jafnaði upp á fyrirlestra fyrir nemendur og foreldra í 4. og 7. bekk í tengslum við örugga netnotkun.

Hægt er að sjá hvaða viðfangsefni unnið er með í hverjum árgangi í kennsluáætlunum á vefsíðu skólans.

Umsjónarkennarar á yngra stigi fara með bekkinn sinn í tölvustofu einn tíma á viku og vinna þar skv. áætlun að verkefnum sem tengjast öðru námi nemenda og nýta þjálfunarforrit. Auk þess fá allir nemendur á yngra stigi tíma í tölvufærni í smiðjum þar er m.a. lögð áhersla á kennslu í forritun, margmiðlun/sögugerð o.fl.

Á miðstigi nota umsjónarkennarar Chromebook vagna sem staðsettir eru hjá hverjum árgangi ásamt spjaldtölvum til að vinna að hæfniviðmiðum og nýta í tengslum við annað nám. Í vetur, líkt og síðastliðinn vetur hafa nemendur og kennarar á miðstigi notað Google G-Suite skýjalausnina. Allir nemendur og kennarar fá úthlutað notendanafni í kerfinu með endingunni –gbrskoli.is. Það býður upp á mikla möguleika í allri kennslu og verkefnaskilum nemenda, s.s. Google Classroom og ýmsum forritum og viðbótum. Auk þess fá nemendur á miðstigi tíma í tölvufærni í smiðjum. Þar er m.a. lögð áhersla á hljóð- og myndvinnslu, vefsíðugerð og forritun.

Úlfur Atlason hjá Skema hefur séð um forritunarkennslu í smiðjum hjá 4.-7. bekk og hefur sú samvinna gefist ákaflega vel. Í vetur fékk ákveðinn hópur nemendur t.d. tækifæri til að vinna að ótrúlega skemmtilegu verkefni í Minecraft sem gekk út á að byggja/innrétta Hofstaðaskóla og skólalóðina.

Lögð er áhersla á að kynna fyrir nemendum rétta fingrasetningu og að þeir nái að tileinka sér hana strax á fyrstu skólaárunum. Æfingar á lyklaborð hefst strax í 1. bekk. Þjálfunin fer fram í tölvutímum og byrja nemendur í 1. bekk á því að gera æfingar á vefnum Fingrafimi á Krakkasíðum Námsgagnastofnunar. Nemendur í 4.-7. bekk nota ýmsar veflægar lausnir við lyklaborðspjálfunina en færni þeirra og hraði eru könnuð nokkrum sinnum yfir veturinn með hugbúnaðinum Typing.com. Viðmið í hraða voru hækkuð fyrir þetta skólaár og eru nú fyrir 5. bekk er 90 slög á mínútu (18 orð) en fyrir 6. bekk 110 slög (22 orð) og 7. bekk 140 slög á mínútu (28 orð).



Nokkur stór verkefni tóku drjúgan tíma hjá kennsluráðgjafa í vetur. Öll voru þau mjög gefandi og áhugaverð og eiga vonandi eftir að skila sér í bættu skólastarfi. Þessi verkefni voru t.d. nýr og endurbættur smíðjuáfangi í textílmennt hjá 7. bekk en þar var áhersla lögð á samþættingu stafrænnar tækni og textílmenntar. Markmiðið var að kenna nemendum að nota Cricut Maker skurðavélina og vinna með hana á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að auka áhuga og sköpunargleði nemenda og víkka út sjóndeildarhring þeirra. Kennsluráðgjafi kenndi áfangann ásamt textílkennara í vetur (4 kennslustundir á viku). Áfanginn gekk vel og þessi nýjung virtist mælast vel fyrir hjá nemendum sem voru bæði áhugasamir og vinnusamir. Verkefnið hlaut þróunarstyrk hjá Garðabæ sem verður nýttir til að setja saman leiðbeiningar, kynna og kenna öðrum kennurum að nota búnaðinn.

Eitt verkefni tengdist stoðþjónustu skólans en það gekk út á að koma til móts við þarfir nemenda sem eiga erfitt með lestur og/eða skrift. Stefnt var að því að allir nemendur sem greindust með lesblindu fengju Chromebook tölvu og kennslu á hugbúnað sem mundi aðstoða þá við að hrinda í burtu hindrunum í námi. Lögð var áhersla á að kynna verkferla, hugbúnaðinn og þjálfu sérkennara í notkun hans sem og umsjónarkennara. Verkefnið er komið vel af stað en vinna þarf áfram í þróun þess. Sótt var um styrk í þróunarsjóð Garðabæjar og fékkst fjármagn til að vinna frekar að verkefninu á nýju skólaári.

Annað verkefni var að undirbúa nemendur í 4. bekk fyrir notkun á Google svíttunni og Chromebook tölvunum á komandi skólaári. Til grundvallar kennslunni lá fyrir kennsluáætlun frá síðastliðnum vetri sem gafst vel og var að mestu byggt á henni.

Kennsluráðgjafi sá um að koma kennurum og nemendum af stað með því að kenna einn tíma á viku í hverjum bekk í nokkrar vikur til að þjálfu bæði nemendur og kennara. Kennslan gekk vel og standa væntingar til að nemendur komi vel undirbúnir með nýja hæfni í farteskinu.

Samskipti heimilis og skóla-Mentor

Skapast hefur nokkuð skýr og góður ferill varðandi Mentor og eru kennarar, foreldrar og nemendur orðnir nokkuð þjálfaðir í að nota kerfið. Skólaritari er ákveðinn miðpunktur í ástundunarskráningu nemenda og við hópaumsjón. Hann tekur við innhringingum og skráir veikindi og leyfi. Forráðamenn og nemendur hafa veflykil sem veitir þeim aðgang að upplýsingum þar sem þeir geta fylgst með ástundun og framvindu námsins. Foreldrar geta skráð veikindi sjálfir inn á Fjölskylduvef Mentor. Í vetur bættist við sá möguleiki að foreldrar geti sótt um leyfi rafrænt og var því strax tekið fagnandi. Það sem helst þarfnast frekari kynningar og þjálfunar tengist námsmatsmálum. Þá þarf að horfa til allra aðila í því ferli þ.e. starfsfólks, nemenda og aðstandenda. Hæfnimiðaða námsmatið hefur ekki, sökum Covid, verið kynnt eins vel og efni stóðu til. Þar er svigrúm til að betrumbæta. Í Mentor eru skráðar allar upplýsingar um nemendur, ástundun, námsmat o.fl. Námsmatið í Mentor er aðlagð að námsmati Menntamálastofnunar þar sem áhersla er á hæfni, hæfniviðmið og matsviðmið. Allt námsmat er nú gefið í táknum og fært inn jafnóðum undir hæfniviðmið í Mentor. Þannig geta nemendur og foreldrar fylgst með framvindu námsins inn í kerfinu. Kennsluráðgjafi hefur í vetur unnið náið með deildarstjóra stoðþjónustu varðandi aðlagð nám, einstaklingsnámskrár og mat.

Vefur skólans og fésbókarsíða

Kennsluráðgjafi hefur yfirumsjón með vef skólans <http://www.hofsstadaskoli.is> og upplýsingaskjám sem eru tveir, einn fyrir starfsfólk og annar fyrir nemendur. Auk kennsluráðgjafa koma skólastjóri og ritari að því að setja inn fréttir og viðburði. Reglulega eru settar inn myndir og/eða fréttir úr skólastarfinu. Einnig ýmsar tilkynningar og efni varðandi skólastarfið.

Í bígerð er að setja upp nýja vefsíðu og er það gert í samvinnu við aðra skóla Garðabæjar. Starfshópur á vegum bæjarins vinnur að undirbúningi nýju vefsíðunnar. Litlar fréttir hafa borist af því verkefni í vetur.

Heimasíðan er mikið skoðuð og samkvæmt teljara er fjöldi notenda um 1000-2600 á mánuði.

Facebook síða skólans er einnig notuð til að koma fréttum og upplýsingum á framfæri. Kennsluráðgjafi ásamt skólastjóra hafa séð um upplýsingamiðlun á síðuna. Samkvæmt löggjöf um persónuvernd þá eru eingöngu settar inn tilkynningar og fréttir á Facebook síðuna en ekki ljósmyndir af nemendum. Myndir úr skólastarfinu eru settar á vef skólans og er þá farið eftir reglum varðandi myndbirtingar.

Framtíðarsýn

Hvað skipulag kennslu varðar næsta vetur lítur út fyrir að það verði með nokkuð svipuðu sniði. Tölvustofan verður áfram nýtt fyrir yngsta stigið 1.-4. bekk. Áhersla verður áfram á Chromebook vélar á miðstigi og notkun G-svítunnar. Huga þarf að endurskipulagningu spjaldtölva (ipad tækja). Einnig liggja sterk rök fyrir að fækka vélum í fartölvuvagni og fjölga Chromebook vélum.

Unnið verður áfram með þróun á kennslu í forritun. Gert er ráð fyrir því að áfram verði forritun kennd í smíðjum/hringekjum á yngra stigi en umsjón með kennslunni í 4.-7. bekk verði áfram í höndum Úlfs Atlasonar hjá Skema, en það samstarf hefur gefist mjög vel. Huga þarf að búnaði sem notaður er í forritunarkennslunni því Sphero kúlur sem nýttar hafa verið í tækjaforritun eru enn og aftur slitnar þ.e. rafhlöður búnar.

Þann 25. febrúar tilkynnti Persónuvernd með formlegu bréfi að ákveðið væri að hefja úttekt á notkun sex sveitarfélaga, eða grunnskóla þeirra, á skýjaþjónustu í grunnskólastarfi og var Garðabær þeirra á meðal. Í kjölfarið var sendur ítarlegur spurningarlisti sem tölvudeild, persónuverndarfulltrúi, kennsluráðgjafar og aðrir starfsmenn Garðabæjar svöruðu. Ljóst er að aukin meðvitund og eftirfylgni varðandi persónuverndarmál hefur sett mark sitt á kennslu, aðferðir og notkun hugbúnaðar í skólastarfinu og viðbúið að það setji enn meira mark á skólastarfið þegar niðurstöður Persónuverndar liggja fyrir.

Elísabet K. Benónýsdóttir

4. FRÍSTUNDAHEIMILIÐ REGNBOGINN

Meginhlutverk Regnbogans er að veita sex til níu ára börnum og foreldrum þeirra, heildstæða og faglega þjónustu þar sem uppeldisgildi starfsins eru höfð að leiðarljósi. Felur það í sér að veita börnunum tækifæri til frjálsar afþreyingar í frítíma sem einkennist af hlýju, öryggi og virðingu.

Starfsmannamál

Skólaárið 2021-2022 störfuðu 18 starfsmenn þegar mest var og voru þeir flestir í hlutastarfi, fyrir utan umsjónarmann. Til viðbótar voru 5 stuðningsfulltrúar í fullu starfi sem sinntu nemendum í skóla og á frístundaheimilinu. Breki Dagsson var umsjónarmaður í 100% starfi og Emma Ljósbrá Friðriksdóttir aðstoðarumsjónarmaður í 80% starfi. Stöðugildin voru flest á bilinu 25-30%, einn starfsmaður var í 50% starfi og þrír undir 20% og þ.a.l. skráðir í tímavinnu. Lítilvægar breytingar urðu á starfsmannahóp og starfshlutföllum um áramót. Einstaklega góður starfsandi og vinátta einkenndi starfsmannahópinn í ár þar sem fólk vann mjög vel saman.

Frístundaleiðbeinandi/dagsskipulag

Starf leiðbeinanda í frístundaheimilinu felur í sér umsjón með nemendum frá því að skóla lýkur og þar til þeir ýmist fara heim eða í einhverskonar tómstundastarf. Leiðbeinendur sjá til þess að börnin hafi fjölbreytt og uppbyggileg viðfangsefni og leggja ríka áherslu á að koma fram við alla af umhyggju og sanngirni og taka tillit til fjölbreytileika barnahópsins.

Helsti álagstíminn í Regnboganum er strax eftir að skóla lýkur en þá er nemendafjöldi mestur. Sjá leiðbeinendur um að skrá börnin inn og senda þau í matsal Hofsstaðaskóla í síðdegishressingu eða í frístundabíl. Að lokinni síðdegishressingu aðstoða leiðbeinendur börnin við að velja sér svæði eða klúbb sem þau vilja hverju sinni. Leiðbeinendum er dreift á öll svæði, bæði inni og úti, eða í klúbba þar sem þau hafa umsjón og eftirlit með börnunum. Börnum fækkar síðan jafnt og þétt yfir daginn þar sem þau eru með mislanga vistun og mikill fjöldi fer ýmist í Mýrina eða með frístundabíl í tómstundir.

Umsjónarmenn eru mjög ánægðir með starfsmannahópinn og starfsandann í vetur. Barnahópurinn er stór en dagsskipulag, framkvæmd og samvinna starfsmanna gekk vonum framar. Það reyndi meira en oft áður á samvinnu og skipulag í ljósi þeirra áhrifa sem Covid-19 hafði á starfið. Voru allir þó boðnir og búnir til þess að hjálpa til og aðlagast að aðstæðum hverju sinni og auðvelda breytingarnar fyrir börnin.



Umsjónarmaður/aðstoðarumsjónarmaður

Umsjónarmaður Regnbogans er Breki Dagsson en hann hefur stýrt Regnboganum undanfarin tvö ár. Aðstoðarumsjónarmaður Regnbogans er Emma Ljósbrá Friðriksdóttir og er nánasti starfsmaður umsjónarmanns.

Umsjónarmenn frístundaheimilis bera ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd starfsins. Starfssvið umsjónarmanns er að hafa umsjón með öllum þáttum Regnbogans, allt frá því að sjá um skráningu nemanda inn og út, öll samskipti við bæjarskrifstofur vegna dvalargjalds og að samræma starfsemi frístundaheimila í Garðabæ. Samskipti við foreldra, umsjónarkennara og stjórnendur Hofstaðaskóla er stór hluti af starfi umsjónarmanns, sem og samskipti við fulltrúa tómstundafélaganna í Garðabæ. Hann sér um eftirfylgni með agamálum, tímaskráningu starfsmanna og heildarskipulagningu starfsins í samstarfi við starfsmenn Regnbogans. Aðstoðarumsjónarmaður ber sameiginlega ábyrgð með umsjónarmanni á stjórnun og skipulagi allrar daglegrar starfsemi frístundaheimilisins sem felur m.a. í sér mótun faglegs starfs og starfsáætlun í samráði við skólastjórnendur.

Skólaárið 2020-2021

Skráning barna var um 200 í upphafi skólaársins. Mest voru 180 börn á dag milli 14:00 og 15:30 en alla jafna dró út fjölda barna eftir klukkan 16:00 á daginn. Meirihluti barnanna var í öðrum tómstundum og var það í verkahring umsjónarmanna, í samstarfi við foreldra, að halda utan um æfingatíma barnanna. Umsjónarmenn og leiðbeinendur sáu svo til þess að börnin væru komin á æfingar á réttum tíma. Börnin voru dugleg að nýta sér þjónustu frístundabílsins en sem dæmi má nefna að á mánudögum fóru um 100 börn í frístundabílinn. Daglega voru um 50-100 börn að ferðast með frístundabílnum á æfingar. Einnig voru um 60 börn á æfingum í Mýrinni. Æfingarnar eru á mismunandi tímum og allur gangur var á því hvenær börnin voru að fara úr frístundaheimilinu. Oft reyndist erfitt að fá upplýsingar frá tómstundafélögum um breytingar á æfingum, þ.e. ef æfing fellur niður eða aðrar óvæntar breytingar verða. Slíkt getur valdið óþægindum bæði fyrir starfsfólk og börn. Telja umsjónarmenn mikilvægt að efla samstarf milli tómstundafélaga, frístundaheimila og foreldra svo það sé gott og stöðugt og unnt sé að undirbúa og skipuleggja hvern dag fyrir sig með tilliti til breytinga sem geta orðið.



Húsnæði

Regnboginn er staðsettur á tveimur stöðum í Hofsstaðaskóla. Aðstaða 1-2. bekkjar er í kjallara skólans en eins og fyrr segir er aðstaða 3-4. bekkjar í tónmenntastofu. Aðstaðan í kjallara er ágæt en bæta þarf hljóðeinangrun og loftræstingu þar sem á veturna er oft mikill kuldi. Aðstaða í tónmenntastofu var fremur lítil í ár miðað við barnafjölda og gæti þurft að skoða fleiri lausnir fyrir þann hóp ef skráning verður svipuð á næsta skólaári. Til þess að dreifa álaginu og bjóða upp á betra næði eru minni rými í skólanum einnig nýtt fyrir klúbbastarf. Má þar nefna matsalinn, tölvustofu, gang í kjallara og glerrými hjá listgreinastofum. Útisvæði Hofsstaðaskóla er einnig frábært og mikið nýtt allan ársins hring þar sem boðið er upp á útiveru milli 14 og 16 alla daga.

Aðstaða 3-4. bekkjar var í Tónmenntastofunni í ár eins og undanfarin ár. Covid-19 hafði áhrif á fjölda þeirra barna og mætingu í Regnbogann þegar samkomutakmarkanir voru hvað mestar, en þá fækkaði í hópnum. Þegar líða fór á seinni hluta ársins fengu fleiri börn meira sjálfræði um mætingu og fækkaði þá enn meira í hópnum. Í byrjun skólaárs voru um 60 börn að mæta í 3-4. bekk en undir lok skólaárs voru þau í kringum 30 – 40.

Samstarf og samskipti

Regnboginn á í miklu og góðu samstarfi við stjórnendur og kennara Hofsstaðaskóla. Umsjónarmaður hefur góðan og greiðan aðgang að kennurum og stjórnendum m.a. í gegnum *Mentor*. Gott samstarf er við stjórnendur og kennara um einstaka mál sem koma upp. Samskipti við foreldra í Regnboganum er stór hluti af starfi umsjónarmanna. Símhringingar, tölvupóstur og stutt spjall eða fundir eru nánast daglegur þáttur af starfinu. Ekki er ákveðinn fundardagur í Regnboganum en foreldrar eru ávallt velkomnir að koma við eða panta tíma með umsjónarmönnum vilji þeir koma einhverju á framfæri í eigin persónu en ekki í gegnum símann eða tölvupóst. Símtöl og tölvupóstar eru fjölmargir á hverjum degi og fer mikill tími umsjónarmanna í að sinna hvoru tveggja. Umsjónarmenn eru ánægðir með samstarf og samskipti við foreldra á skólaárinu og höfðu foreldrar skilning á öllum takmörkunum sem þurfti að fylgja vegna Covid-19, hólfa niður Regnbogann og fleira. Einnig voru þau dugleg að koma með ábendingar um hvað mætti betur fara, ásamt því að hrósa starfinu.

Klúbbar

Ýmsir klúbbar voru í boði þetta skólaárið en vegna samkomutakmarkana dró verulega úr möguleikum til þess að blanda hópum saman, stóran hluta ársins. Meðal þeirra klúbba sem boðið var upp á var dansklúbbur, leikjaklúbbur, armbandagerð, vinabönd, lpadklúbbur, puttaprjón, tölvur, listaklúbbur, jógaklúbbur, íþróttaklúbbur, útileikjaklúbbur, krítaklúbbur, legoklúbbur og margt fleira. Klúbbarnir eru yfirleitt mjög vel sóttir og börnunum fannst gaman að brjóta upp á venjulega rútínu. Börnin komu einnig með hugmyndir sem við reyndum eftir bestu getu að framkvæma.

Frístundabíllinn



Mikill fjöldi barna nýttu sér þjónustu frístundabílsins á hverjum degi í þær ýmsu tómstundir sem voru í boði hjá m.a. Stjórnunni og Tónlistarskóla Garðabæjar. Gott skipulag og góð samskipti við bílstjóra frístundabíls, foreldra og tómstundafélög eru lykillinn að því að allt gangi vel fyrir sig. Hefur þetta gengið vel í ár þó bæta megi samskipti við sum tómstundafélög. Frístundabíllinn er mjög stór þáttur í að aðgengi barnanna að tómstundum sé gott og einfaldar einnig mikið fyrir foreldrum. Leiðbeinendur fylgja barnahópum í bílinn og bíða með þeim á stoppistöð þangað til bíllinn fer og öll börn eru örugglega komin inn í bílinn. Sér því leiðbeinandinn sem er í því hlutverki

hverju sinni um eftirlit með börnunum á meðan þau bíða eftir bílnum og að skrá niður alla sem fara með honum.

Vala Frístund

Tekið var upp nýtt skráningarkerfi í frístundaheimilum Garðabæjar í vetur sem heitir *Vala Frístund*. Sú breyting var gífurleg fyrir umsjónarmenn, leiðbeinendur og foreldra enda auðveldaði það bæði vinnuna fyrir umsjónarmenn og yfirlit foreldra með skráningu, tómstundum og öðru. Kerfið er sérhannað fyrir frístundaheimili og er notað víðsvegar um landið. Skráning barnanna fer alfarið í gegnum kerfið og með því færast ábyrgðin meira yfir á foreldra að passa upp á skráningu síns barns. Skráning barna á heila daga fer einnig fram í gegnum kerfið, en það eru þeir dagar sem opið er hjá allan daginn þegar frí er í skólanum.

Í skjáskoti hér til hliðar má sjá dæmi um hvernig kerfið virkar á venjulegum degi, en hér er búið að haka við 1. og 2. bekk og tómstundir. Birtast þá þau börn sem eru að fara í tómstundir þann daginn, í hvaða tómstund þau eru að fara og á hvaða tímum. Ótal fleiri möguleika eru í kerfinu til að flokka börnin niður og hafa góða yfirsýn yfir daginn.

Nr.	Nafn (55/160)	Bekkur	Tími til	Sóttur	Inn	Út	Fjarvist	Aths.	Tími tómst.	Tómstund
1.	[Redacted]	2	14:30						14:45	Fimleikar - ..
2.	[Redacted]	1	16:00						16:00	Fótbolti - F..
3.	[Redacted]	1	15:45						15:45	Handbolti - ..
4.	[Redacted]	1	15:45						15:45	Handbolti - ..
5.	[Redacted]	1	16:00						16:00	Fótbolti - Á..
6.	[Redacted]	2	16:30						15:45	Handbolti - ..
7.	[Redacted]	1	15:30						15:45	Handbolti - ..
8.	[Redacted]	2	15:30						15:45	Handbolti - ..
9.	[Redacted]	2	16:00						14:30	Körubolti - ..

Heilir dagar

Regnboginn er með opið á öllum frídögum og skipulagsdögum skólans fyrir utan einn dag að hausti ásamt skólaslitadeginum og á rauðum dögum. Er því opið í jólafríi, páskafríi, vetrarfríi og á skipulagsdögum. Á þessum dögum hefur opnun verið frá 08:00-16:30 og fer skráning fram í gegnum Völu Frístund undir „lengd viðvera.“ Þessir dagar hafa gengið einstaklega vel og bæði börn og starfsfólk verið ánægt enda um uppbrot frá venjulegum vikudögum að ræða. Skráning hefur verið mis mikil, yfirleitt á bilinu 20-50 börn. Á þessum dögum er reynt að gera eitthvað öðruvísi, fara í bíóferðir, strætóferðir, húsdýragarð, baka saman o.fl.



Covid-19

Covid-19 setti mark sitt á frístundaheimilið. Þegar hvað mestu samkomutakmarkanir voru í gildi var starfsemi Regnbogans á þremur svæðum og 50 börn máttu vera saman á hverju svæði. Aðstöðunni í kjallara var skipt niður í tvö 50 manna hólfi með skilrúmunum og árgangaskiptum hólfi, þ.e. 1. bekkur öðru megin og 2. bekkur hinu megin. Voru 3-4. bekkur í tónmenntastofu þar sem fjöldi þeirra fór aldrei yfir 50. Ef 1.-2. bekkur fór yfir 50 börn í hólfi var það leyst með útiveru eða aðstöðu í bekkjarstofum þar til fækkaði í hópnum. Útivera var nýtt eins mikið og mögulegt var en fjöldi daga með slæmu veðri og veðurviðvarana varð til þess að oft var ekki hægt að senda þau út. Allir árgangar höfðu sér inngang meðan á þessu stóð til að fylgja sóttvarnaaðgerðum og voru þau send á mismunandi tímum í síðdegishressinguna. Skipulagið riðlaðist mikið þessa mánuði sem takmarkanir giltu en allir hjálpuðust að við að gera dagana eins bærilega og hægt var. Starfið varð ansi einhæft en leiðbeinendur stóðu sig mjög vel í að koma með nýjar hugmyndir og halda börnunum uppteknum. Takmarkanir stóðu yfir frá 13. nóvember til 25. febrúar. Mikil þreyta var komin í bæði starfsmannahópin og börnin á þessum tíma. Barnafjöldi minnkaði mikið á meðan á þessu stóð sem hjálpaði mikið til. Mikil gleði þegar takmörkunum var aflétt 25. febrúar, ekki voru frekari takmarkanir settar.

Tillögur að úrbótum

Umsjónarmenn munu fylgja því eftir að hafa skýrann ramma fyrir foreldra um mikilvægi þess að bera ábyrgð á tímaskráningu barnanna, tilkynna um forföll þeirra tímanlega ef hægt er og að virða skráningarfrest á heila daga. Einnig er lögð áhersla á að rými tónmenntastofu, er sprungið og því þarf að leita lausna á því. Um 50 börn voru í tónmenntastofunni í vetur sem er of mikið. Að lokum telja umsjónarmenn mjög mikilvægt að fjölga skipulagsdögum fyrir frístundaheimilin þar sem einn dagur um haustið er of lítið.

Skipulagsdaga væri hægt að nýta í ýmsa fræðslu og námskeið fyrir starfsfólk, t.d. skyndihjálparnámskeið en slíkt hefur ekki verið haldið hér í þó nokkur ár.

Einnig er lögð sérstök áhersla á að fræða foreldra um starfið sem á sér stað í frístundaheimilinu. Umsjónarmenn koma til með að mæta á kynningafund fyrir foreldra 1. bekkjar að hausti. Innan veggja frístundaheimila fer fram óformlegt nám, þjálfun í vináttufærni og samskiptum, uppbygging sjálfsmyndar og sjálfstæðis svo fátt eitt sé nefnt. Frístundaheimili eru mikilvægur þáttur í uppeldi barna sem vill oft gleymast í umræðunni um skóla og tómstundir.

Lokaorð

Framundan er frágangur þessa skólaárs og undirbúningur og skipulag fyrir skólaárið 2022-2023. Starfsmenn og börn hafa komið hugmyndum að breytingum og úrbættum til umsjónarmanna sem reynt verður að koma í verk. Vonandi verður eitthvað fjármagn sett í að lífga upp á Regnbogann og gera hann hlýlegri, eins og að t.d. skipta um gólfefni, betri lýsingu inn í herbergin og fleira. Einnig vonumst við til þess að aðstaðan verði endurskoðuð á komandi árum enda alltaf hægt að breyta og bæta.

Svipaðar áherslur verða í starfi á næsta skólaári þar sem árið hefur gengið mjög vel, en stefnt er að því að gera enn betur. Efla klúbbastarf og auka aðkomu barnanna að skipulagi starfsins með því að innleiða m.a. föstudagsfjör fyrir 3. -4. bekk aftur þar sem þau kjósa um einhvers konar uppbrot fyrir föstudaga.

Líkt og síðustu ár verður sumaropnun Regnbogans í boði fyrir börn sem hefja nám í 1. bekk á komandi skólaári fyrir skólasetninguna í ágúst. Í ár verður sumaropnunin 15. -22. ágúst 2022. Þetta er gert til að reyna að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla og þannig vonandi draga úr kvíða og óöryggi hjá tilvonandi grunnskólabörnum og er þegar hafinn undirbúningur fyrir vikuna.

Skólaárið var sérstakt í ár hjá okkur eins og öðrum vegna Covid-19 þar sem upp komu ýmsar áskoranir og aðstæður sem bregðast þurfti skjótt við. Börnin, starfsfólk og foreldrar sýndu það og sönnuðu að jákvæðni, samvinna og gott skipulag er lykillinn að því að allt gangi upp.

Breki Dagsson og Emma Ljósbrá Friðriksdóttir